# Sigurgrímur Jónsson

**05.06.1896-15.01.1981**



# ff

# Efnisyfirlit


Jóns þáttur Þorkelssonar og Jóhönnu Sturludóttur 3

Fríkirkjan í Gaulverjabæ 16

Síðustu tímar áraskipa í Þorlákshöfn 28

Skólahald á Stokkseyri 38

Föðurætt Sigurgríms Jónssonar í Holti 45

Bændur í Holti Stokkseyrarhreppi 47

Heiðursborgari í Stokkseyrarhreppi 48

Minningar 51

- Pabbi minn - jarðarför 58
- Hugleiðing 60
- Gulllpeningurinn 61
- Lungnabólga 63
- Draugatal 64
- Hjónin í Dvergasteinum 65
- Jón Jónsson, óðalsbóndi Vestri-Loftstöðum 66
- Einar á Tóttum. 68
- Gullbrúðkaup 70

Snorri á Hæringsstöðum 73

# Fyrirlestrar og greinar

## JÓNS ÞÁTTUR ÞORKELSSONAR OG JÓHÖNNU STURLUDÓTTUR



Jón Þorkelsson



Jóhann Sturludóttir

*Ritað eftir skráðum heimildum og umsögn konu minnar, börnum okkar til fróðleiks um sögu móðurættar þeirra.*

Jón Þorkelsson síðast búandi að Jarlsstöðum í Bárðardal er fæddur að Víðikeri í sömu sveit þann 8.10.1841. Foreldrar hans voru Þorkell Vernharðsson bóndi þar, f. 26.7.1810, sonur séra Vernharðs Þorkelssonar prests að Skinnastað og síðar að Reykholti, Guðnasonar prests á Flatey á Breiðafirði. Móðir sr. Vernharðs og kona Þorkels Guðnasonar var Guðbjörg Vernharðsdóttir, Guðmundssonar prests í Otradal. En þar höfðu þeir báðir verið prestar, feðgar þessir.

Kona sr. Verharðs Þorkelssonar á Skinnastað og síðar í Reykholti var Ragnheiður Einarsdóttir, Sveinbjarnarsonar bónda í Svefneyjum á Breiðafirði en Ragnheiður þessi var alsystir Eyjólfs „Eyjajarls“ Einarssonar í Svefneyjum. Framættar afa ykkar er getið hér til þess að þið skiljið hvernig ætt ykkar kemur saman við Svefneyjarætt, en ég hef mjög oft orðið þess var að þegar móðir ykkar hitti fólk sem ættað var af Breiðafjarðar svæðinu þá var hún óðar búin að rekja saman ættir þess við sína föðurætt.

Móðir Jóns Þorkelssonar, kona Þorkels Vernharðssonar var Hólmfríður Hallgrímsdóttir bónda í Ási í Kelduhverfi, Jónssonar, ekki vitað nánar.[1]

[1] Um fólk þetta eru til margar prentaðar heimildir en hér er stuðst við Hver er maðurinn, bls. 411, og Íslenskar æviskrár, V, bls. 42 - svo og minni móður ykkar.

Vorið 1864 hóf Jón búskap á móti föður sínum að Víðikeri og giftist það ár Jóhönnu Jónsdóttur ættaðri úr Árnessýslu ( ekki nánar kunnugt). Konu sína missti Jón 1875 þann 19.9., frá fjórum börnum - það yngsta þá nýfætt. Jóhanna sem tekin var í fóstur að Mýri í Bárðardal af Aðalbjörgu Jónsdóttur og Jóni Ingjaldssyni.

Í viðaukablaði[2] við 31. tölublað Norðlings það ár er Jóhönnu minnst nokkrum orðum. Þar segir: -

> Lést hún af barnsburði eftir stutta legu; var hún 40 ára gömul, ættuð úr Árnessýslu og lét eftir sig 4 börn (eitt var dáið). Það var óefað almæli allra er þekktu þessa heiðurskonu, að hún væri hinn ástríkasti ektamaki, elskuð móðir barna sinna, búsýslukona mikil og hin viðmótsblíðasta kunnugum og ókunnugum svo skarð hennar mun vandfyllt verða hinum syrgjandi ekkli er huggar sig við þá von að fá að sjá hana aftur á landi lifenda.

Minningar orðum þessum fylgja erfiljóð, 7 erindi undirrituð T.J.. Eg set hér fjórða erindið:

Héðan er numinn í náheima slóðir
nýtasti svanni frá húsfreyju sess
ágætis kona og elskurík móðir
öllum er stundum réð verja til þess
að annast og farsæla ástvini sína
og auðsýna hverjum það megnaði gott
af hennar gjörðum réð skyldurækt skína
skörungar árvekni báru þar vott.

Um konu þessa segir móðir ykkar:

> Hún kom með æðardúnssæng og vönduð rúmföt, vel vinnandi og búforkur." ( Sjá bréf Sigurðar á Sandhaugum 17.06.1979).

Árið 1879, þann 20.06. giftist Jón öðru sinni og nú Jóhönnu Katrínu, f. 6.10.1861, Sigursturludóttur, Erlendssonar bónda á Rauðá. (Sjálf skrifaði Jóhanna sig Sturludóttur og verður svo gert hér eftir).

Jóhanna Sturludóttir missti föður sinn 8 ára gömul og er 10 ára komin í fóstur til ömmubróður síns í föðurætt, Jóns Sigurðssonar alþingismanns og þingforseta, bónda á Gautlöndum og að hans ráði giftist hún Jóni bónda Þorkelssyni þá 18 ára - enda mun móðir hennar hafa verið þessum ráðhag fylgjandi.

---

[2] http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2124593

Árið 1876 er Þorkell, faðir Jóns, talinn að hafa hætt búskap og hefur Jón þá fengið Víðiker allt til ábúðar og trúlega um það leyti eða litlu áður, keypt jörðina af föður sínum og systkinum, sem öll voru farin að heiman, þrjú til Vesturheims, Vernika gift og bjó á Bjarnastöðum, en Jóhann[3], síðar dómkirkjuprestur, við nám.

(Jóhann var hálfbróðir þeirra systkina, eina barn Þorkels af síðara hjónabandi. Móðir sr. Jóhanns var Þuríður f. 23. apríl 1818, d. 6. apríl 1880, Hansdóttir bónda á Syðri-Neslöndum við Mývatn, Þorsteinssonar - móðursystir Halldórs bankagjaldkera í Reykjavík Jónssonar. Guðfræðingatal, bls. 159).

Þeir hálfbræðurnir, Jón Þorkelsson og sr. Jóhann Þorkelsson sögðu hvor um annan að bróðir sinn væri sá eini sem þeir hefðu þurft að gæta sín fyrir í glímu og virðist því hafa verið jafnir að leik þó 10 ára aldursmunur væri Í bókinni „Byggðir og bú“, bls. 346 segir svo um Víðiker:

> Víðiker var selland frá Einarsstaðakirkju 1712 en í sjálfsábúð 1847 síðan, oft fleirbýli. Býlið stendur á Fljótsheiði, rúma 4 km. frá Skjálfandafljóti, undir lágum ás nyrst í landinu, skammt frá Grjótá. Vesturmerki eru Svartá, en austurmerki við afrétt Mývetninga. Landið er víðáttumikið og kjarngott. Niðri við Svartá eru rústir af 4 fornum býlum, er hétu Garðsendabakki, Hátún, Litla-Viðiker og Tungusel. Beitarhús eru rúma 5 km suður frá Víðikeri, notuð fram til 1940. Engjar víðlendar. Ræktunarland er mikið niðri við Svartá, rúma 2 km frá bænum. Fyrri ábúendur: Þorkell Vernharðsson 1834 - 1876, Jón sonur hans frá 1864 - 1883 ...

Eins og lýsingin þessi ber með sér er hér um víðáttumikla landkosta jörð að ræða, en á þeim tíma voru jarðir aðallega metnar eftir víðáttu og möguleikum til útibeitar fyrir sauðfé.

Á þessum árum stóð hagur þeirra feðga með blóma, voru t.d. að jafnaði 90 - 100 ær í kvíum, en kýr munu hafa verið tvær. Eitthvað fengust þeir feðgar við framræslu á mýrum, sem þar eru milli ásanna og voru blautar og illar yfirferðar. Húsakostur mun hafa verið góður, eftir því sem þá gerðist - reistari á súð og dyraumbúnað en hjá öðrum. En jörðin liggur fram við afrétt og er erfið til aðdráttar.

En samt þarf það einhverra skýringa við, skýringa sem ég ekki þekki, að árið 1883 selur Jón Þorkelsson þessa jörð sína og er ráðinn í því að kaupa og flytja á næstu jörð, Bjarnastaði, en þar búa þá mágur hans Sveinn Kristjánsson og kona hans, en systir Jóns, Vernika Þorkelsdóttir, sem ráðin eru til Vesturheimsfarar og jörðin því laus til kaups og ábúðar.

---

[3] Jóhann var hálfbróðir þeirra systkina, eina barn Þorkels af síðara hjónabandi. Móðir sr. Jóhanns var Þuríður f. 23. apríl 1818, d. 6. apríl 1880, Hansdóttir bónda á Syðri-Neslöndum við Mývatn, Þorsteinssonar - móðursystir Halldórs bankagjaldkera í Reykjavík Jónssonar. Guðfræðingatal, bls. 159).

Af lýsingum þeim sem skráðar er af þessum tveim jörðum í „Byggðir og bú“ sé ég ekki að Bjarnastaðir séu meiri jörð en Víðiker. En hún liggur nokkuð lægra og um leið einni bæjarleið fjær afréttinum, en maður gæti hugsað sér að hinni ungu húsfreyju sem alist hafði upp á Gautlöndum hafi þótt vetrardagarnir langir svo fjarri alfara leið. Því má nú vera að mér missýnist um jörðin, því fasteignamat frá 1861 telur Víðiker 14,4 hundruð, en Bjarnastaði 18,9 hundruð.

En eftir að Jón er búinn að selja Víðiker er lagt fram skjal frá fyrri eigendum Bjarnastaða sem leggur banna við því að sú jörð sé seld út úr ættinni, eða áskilur ættingjunum kauprétt og kona krefst þess. Sölunni á Víðikeri fékkst ekki riftað og stóð nú Jón Þorkelsson uppi jarðnæðislaus með sína ungu konu, börn og bú. Þá vildi konan slást í hóp vesturfaranna, en Jón neitaði að fara.

Úr þessu réðst þannig að sóknarpresturinn, sr. Jón Þorsteinsson, sem þá sat á Halldórsstöðum, eftirlét Jóni ábúð á jörðinni, eða að hluta ? en Jón átti að sjá presti með konu og einu barni fyrir daglegu fæði og þjónustu, svo og gestum hans.

Þarna var hið skemmtilegasta heimilis, presthjónin, frú Helga Muller og sr. Jón Þorsteinsson, voru bæði lífsglöð, spaugsöm og hinir ágætustu félagar. Prestur átti gott safn bóka, erlendar og innlendar og var það hinni ungu húsfreyju mikill fengur að fá aðgang að bókasafni þessu þar sem hún drakk í sig fróðleik og lífsþrá og umbóta vaknandi þjóðar.
Halldórsstaðir eru mikil jörð, 27,1 hundruð í matinu frá 1861 en þarna gengu efni þeirra hjóna mjög til þurrðar og hlýtur eftirgjald jarðarinnar - sem var framfærsla prestheimilisins - að hafa valdið. Búið hafði ekki í fullu tré við svo þungan bagga - kannski voru hjónin ekki búfólk.

Eftir 8 ára búsetu á Halldórsstöðum flytja þau hjón á syðstu jörðina í Bárðardal, Íshól, hreint öræfabýli, 8, 1 hundrað að fornu mati. Þetta hefur verið vorið 1891. Þarna fæðist móðir ykkar 6.1.1895, og þarna býr fjölskyldan þess fram til vorsins 1897, að hún flyst í Jarlsstaði, sem er niðri í miðjum Dal.

Um Íshól hef eg ekki skráðar heimildir, en mér skilst að þar sé snjólétt og að þar vori snemma. Mikið var um víði sem lifnar með hækkandi sól, en slægjur geta varla verið miklar (laufhey). Alsiða var að bændur neðan úr Dal ráku fé í hið nývaknaða gróðurlendi þarna suður í og við afréttinn snemma vors, en þá gat allt verið enn á kafi í snjó niðri í byggð. Fylgdi maður eða menn þessum fjárhópum til gæslu. Ekki hefur þetta verið til búdrýginda á Íshóli. Einn höfuðkostur hefur Íshóll umfram margar jarðir aðrar. Neðan við túnfótinn sem liggur í hallandi brekku, er stórt og djúpt stöðuvatn, Íshólsvatn, og í því er töluvert af ágætum silungi. Hefur það verið til búdrýginda og gert lífið sælla að geta gengið í þennan fjársjóð. Vatnið er 50 - 60 faðma djúpt, þverhnípt dýpi þegar stutt kemur frá landi, silungur 26 - 28 merkur, en óhægt um netaveiði vegna þess hvað djúpt er. Ferðabók .: Þ.Th. 1. bls. 353. Sandur fýkur í vatnið.

Ljósmóðir í Bárðardal var um þessar mundir Kristín Sigurðardóttir[4] að Sandhaugum, en hún var önnur af tveim ungum konum sem sendar höfðu verið út til Kaupmannahafnar að læra ljósmóðurfræði - hin var Kristjana Kristjánsdóttir frá Illugastöðum, sem síðar giftist Sveini Benediktssyni, veitingamanni á Húsavík, en þeirra sonur var Benedikt Sveinsson alþingismaður. ( Herdís Jakobsdóttir fór til ljósmæðranáms samtíða þeim tveim sem hér getur, að sögn Guðrúnar Eiríksdóttur eftir Pétri Jakobssyni).

Þegar að því kom að vitja ljósmóður vegna fæðingar móður ykkar var á norðan stórhríð. Skúli, sonur Jóns af fyrra hjónabandi, hörkuduglegur maður og fljóthuga var sendur af stað, vel búinn að hestum og öðrum ferðaútbúnaði. Ís var á Skjálfandafljóti og var eitthvað hægt að fara eftir því.

Þegar út á Sandhauga kom var ljósmóðir ekki heima, heldur úti að Ljósavatni vegna fæðingar, sem þar stóð yfir. Hraðaði Skúli nú ferð sinni áfram sem mest hann mátti og þegar í Ljósavatn kom var fæðingin nýlega afstaðin (þann 4. janúar) og bjó ljósmóðirin sig strax til að fara með Skúla.

Ekki veit eg hvað Skúli var lengi í ferð þessari, en þetta munu verða um 50 km. hvora leið. Þegar í Íshól kom var ástand sængurkonunnar hið erfiðasta. Legvatnið hafði runnið viku áður og hún lá þarna hjálparvana. Þegar ljósmóðurinni tókst að ná barninu virtist það andvana, en Kristínu hafði verið kennt á ljósmæðraskólanum í Höfn að lífgunartilraunum á börnum í slíkum tilfellum bæri að halda áfram í heila klukkustund. Um það leiti sem ljósmóðir var að gefast upp heyrði hún korra í barninu. Má vera að móðir ykkar hafi alla tíð búið að þessari fyrstu göngu. Á meðan ljósmóðir var að bjástra við barnungann, lá sængurkonan í óviti að meira eða minna leiti. En báðar lifðu þær.

Gegnt Íshóli, vestan við lágan ás, er annað býli sem Mjóidalur heitir. Er aðeins 20 mínútna gangur á milli þessara býla. Árið 1894 fór býli þetta í eyði og var þá ekki lengur verandi á Íshóli. Greip Jón því tækifæri þegar Jarlsstaðir losnuðu úr ábúð, er fólkið sem þar hafði búið hvarf til Vesturheims.

Þó það komi þessari sögu ekki við þá er það sögulegt atriði sem hér má segja að um leið og Jón og Jóhanna eru síðustu ábúendur á Íshóli, þá líkur með brottför þeirra, síðustu búsetu á 18 býla kirkjusókn sem þar með er öll komin í eyði, Helgastaða á Króksdal.

Það var sandágangur sunnan af öræfunum sem byggð þessa eyddi, sennilega í sambandi við kólnandi veðurfar. Íshóll er að stofni til mjög landstór jörð. Bærinn stóð í svonefndum Íshólsdal og þar er veðurblíða meiri en víðast annarstaðar í því umhverfi

[4] Hún hét Anna Kristín Sigurðardóttir. Sjá svolítið um hana hér [Bjarki]:http://timarit.is/view_-page_init.jsp?pageId=2641080

og svo hátt yfir sjó. Í dalbotninum eru enn gróðurtorfur sem eru að blása upp og er jarðvegsþykkt þeirra 3 - 4 m. (Sögn Sigurðar á Sandhaugum.)

Vorið 1897 hverfur Jón Þorkelsson frá Íshóli, síðastur ábúenda þar en jörðin lagðist við afréttarlönd Bárðdælinga ásamt Mjóadal. Að fornu mati voru þessar jarðir 8,1 og 9.9 hundruð, í sömu röð talið.

Í bókinni "Byggðir og bú," bls. 336. segir um Jarlsstaði:

> Árið 1712 voru Jarlsstaðir í eigu prests á Vestfjörðum og voru mjög lausir í ábúð fram á síðari hluta nítjándu aldar, en nálægt síðustu aldamótum komst jörðin í sjálfsábúð og hefur verið það síðan. Bærinn stendur á smáhjalla við brekkuræturnar um miðbik landsins. Það er nálægt 3,5 km. frá norðri til suðurs. Austurmörkin eru við Kálfborgará. Heiðarlandið. er viðlaust og fjölbreytt, og var þar víða heyjað áður. Dalbrekkan vel gróin neðan til og með nokkru skógarkjarri, en blásin hið efra upp fyrir heiðarbrún. Undirlendið norðan bæjar eru viðarmóar, en grundir nokkrar með fram brekkunni. Sunnan við bæinn er blásið land næst Skjálfandafljóti, en harðvelli og sandbörð við brekkuna.

Að fornu mati er jörð þessi 13,5 hundruð.

Ekki veit eg hvað stórt bú fjölskyldan kom með frá Íshóli, líklega all sæmilegt, en þá sögur er að segja að um þetta leyti giftist yngri dóttir Jóns af fyrra hjónabandi, Jóhanna, sem fóstruð var á Mýri, eins og áður segir. Giftist hún Jóni Guðmundssyni sem þá var sýsluskrifari hjá Benedikt Sveinssyni sýslumanni á Héðinshöfða, síðar sýsluskrifari á Akureyri og enn síðar verslunarstjóri Gránufélagsins á Siglufirði. (Jón þessi var afabróðir sr. Gunnars Jóhannssonar á Skarði).

Eins og áður segir stóð hagur Víðikersfeðga með blóma. En dánarbú fyrri konu Jóns, Jóhönnu Jónsdóttur móðir Jóhönnu þessarar, hafði aldrei verið gert upp. En nú gekk tengdasonurinn eftir móðurarfi konu sinnar og tók ekkert gilt nema innlegg á kaupfélagasreikning, kjöt og gærur (slátur hefur líklega ekki verið tekið sem innlegg á þeim tíma). Þetta gekk svo nærri heimilinu að móðir ykkar telur að ekki hafi verið nema 35 ær eftir, „þá var mikil sorg á heimilinu“,  segir hún.

En Jóni tókst að fá ær til leigu, borgaði 2 krónur eftir ána og búið rétti við. Börnin voru að komast á legg. Sturla var fæddur 26.6.1888. Hann reyndist hinn harðsnúnasti maður, mjög kappsfullur og fylginn sér. Hann og Skúli hálfbróðir hans sem jafnan fylgdi heimilinu, tóku forystuna, hömuðust við öflun heyja og Sturla leitaði vinnu utan heimisins. Árið 1912 er talið að Sturla taki til fulls við búsforráðum og búi með móður sinni ( Björn Sigurbjarnarson:„Merkrar konu minnst,“ Tíminn 11.3.1951.)[5]

[5] http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1012777

> Jón Þorkelsson var knappur meðalmaður á hæð, þykkur undir hönd og sívalur. Ljós á hár framan af, en dökknaði með aldrinum. Ennið hátt. Réttnefjaður, augun lágu djúpt, blágrá að lit og hvöss. Gekk með alskegg hin síðari árin, heilsugóður, varð aldrei misdægurt

En um vorið 1912, eða snemma á því ári, varð hann fyrir því slysi að verða fótaskortur á loftskör yfir bæjardyrunum og kom beint niður á hellulagt gólfið fyrir neðan. Var þetta hin versta bylta og hafði Jón þrautir innvortis lengi á eftir. Ekkí fékkst hann til að leita læknis, en fór til Baldvins hómópata í Garði í Aðaldal sem áleit að Jón hefði hlotið skaða á lifrinni. Skaffaði honum meðul og smámsaman dró úr þrautunum. Telur móðir ykkar að faðir hennar hafi enn þetta sumar farið sem fylgdarmaður með ferðamönnum (útlendingum ?) fram um öræfi.

Að vetrinum sat Jón í vefstólnum því þá var enn siður að vinna sem mest af fatnaði heima - gerði við og smíðaði búsáhöld skeifur og annað þess háttar. Það var og siður Jóns að taka sjálfur til hey í fénað sinn, láta það í poka til beggja mála og trúlega hefur hann enn unnið að því um veturinn 1912-1913 þó orðinn væri 71 árs. En á útmánuðum það ár, í stilltu og góðu veðri, tók hann sig til og fór um alla sveitina, kom á hvern bæ, spjallaði við fólkíð og var hinn kátasti. Þann 27. mars (1913) kom hann heim úr ferð þessari glaður og endurnærður á sál og líkama eftir útivistina og samneyti við sveitungana, sagði ferðasögu sína og lék á alls oddi. Með fyrsta móti gekk hann til hvílu þetta kvöld og sofnaði þegar. Um það leiti sem kona hans gekk til rekkju varð hún þess vör að maður hennar tók andvörpin.[6]

Ef til vill vissi Jón, eða hafði grun um, áður en hann lagði upp í þessa síðustu ferð um Bárðardal, ferð, sem í reynd varð kveðjuferð, grun - eða vissu um að síðasta kallið væri skammt undan, því þegar að var gáð, var hann sjálfur búinn að hefla og efna í kistu sína.[7]

Jóns Þorkelssonar er víða getið, bæði í innlendum blöðum og ferðabókum erlendra manna. Í bókinni Hver er maðurinn, bls. 411, segir um hann:

> Margsinnis leiðsögumaður landkönnuða og annarra fjallafara um öræfi, þ.á.m. með Þorvaldi prófessor Thoroddsen. Fór í landleit ( bæjaleit) með þremur öðrum Þingeyingum nálægt 1880.

Í Norðlingi frá 1876 er lýsing á Dyngjufjallagosi[8] skrifað af Jóni eða að hans framsögn, en það var á þorra það ár sem hann fór með vinnumanni sínum, Sigurði

---

6 http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1111122

7 http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2272257

8 http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2124541

Krákssyni þangað suður að skoða eldstöðvar þessar. Um ferð þessa segir Pálmi Hannesson:

> Hinn 7. febrúar 1876 fór Jón Þorkelsson í Víðikeri við annan mann upp í Öskju til þess að athuga eldstöðvarnar. Lagði hann þá fyrstur manna leið sína um skarð það sem síðan er við hann kennt og kallað Jónsskarð. Á leiðinni hrepptu þeir afspyrnu veður, en fengu gott er í Öskju kom. Þeir klöngruðust niður í jarðfallið og hefur það verið versta glæfraför, því hyldjúpar gjár voru um allt og urðu þeir að þræða sig áfram eftir hraunspöngunum milli þeirra. Syðst og austast í jarðfallinu sáu þeir gíga og stóra hveri, sem spúðu í sífellu sjóðandi vatni og gufu. Þaðan runnu þrír lækir niður í botn jarðfallsins og höfðu myndað þar tjörn með brennheitu vatni. Allstaðar steig upp gufa með hvæsi og öskri sem heyrðust allt í tveggja mílu fjarlæg. Þessi för Jóns er ein frækilegast, sem í Öskju hefur hefur verið farin og er frásögn hans á allan hátt gleggri en lýsing Watts.

Pálmi Hannesson, Landið okkar, bls. 100. - Watts var enskur maður sem þarna var á ferð sumarið áður og segir frá ferð hans á sama stað.

Við gröf Jóns Þorkelssonar segir Þorgils Gjallandi.:

> Þá reyndi eg vaskleik hans og kjark, forsjá og frjálsmannlegt brautargengi. Jón brá ekki gleði sinni við vos né vökur, æðrulaus og úrræðagóður og skemmtimaður, sem frá mörgu kunni að segja og margt hafði reynt. Honum þótti fýsilegt að prófa karlmennsku sína heima í sveit og hafði yndi af að koma í óbyggðir. Gjarn til frelsis og staðgóður í öllum mannraunum. Óvinur víls og vafninga, ómyrkur í orði og athöfnum, hvass til atlögu gegn dofinskap og tvíverðungshinkri" og enn" .... snemma knár og öflugur til hvers sem hönd þurfti á að leggja, fjörmikill, gleðigjarn og frjálsmannelgur í háttum" og enn: “
>
> Eðlið hneigðist meir til þess að ganga fram í orustuna en hins að sitja og vega hvað slúngnast mundi og minnst skaðsamlegt örkumlulausum líkama, hvítum lit og mjúkum höndum og enn segir Gjallandi:
>
> > Slíkum fjörmanni og jafn hraustum verður oft gjarnt að fýsast eftir heimsfögnuði og þeirri gleði, er á veginum verður. Og Jón var ekki hræddur um skipbrot.. Þótt stundum félli sjór inn fyrir borðstokkana, þá var að ausa skipið og vera handfljótur. Jón bjargaðist úr hverjum háska og braut ekki skipið undir ógengum hrönnum ..... Efnahagur oft rífur og þegnlega með farið. Stundum þrengra og þurfti þá harðfylgi og atorku til að kljúfa fram úr.[9]

Þarna talar samtíðarmaðurinn og skáldið og ætla eg að þessar tilvitnanir gefi nokkuð glögga mynd af manninum Jóni Þorkelssyni. Vín notaði Jón framan af ævi og tvær dætur eignaðist hann utan hjónabands.

---

[9] Ritsafn 3 - 4, bls. 328 - 30.

Eg heyrði ýmsa lýsa Jóni Þorkelssyni og segja af honum sögur. Sú mynd sem ég hef gert var að maðurinn var afburða karlmenni, snarráður, harðger, úrræðagóður, en óvægin við sjálfan sig og aðra og lét hlut sinn ekki fyrir nokkrum manni. Upplagið hefur vafalaust verið til þessara áttar, en við það bættist að uppeldið sem hann hlaut gat ekki annað en hert hann til stáls, fyrst hann ekki bognaði. Þriggja ára gamall missir hann móður sína og hafði eftir það ekkert af móðurást að segja, utan þess að gömul vinnukona á heimili föður hans vermdi oft kaldar hendur á umkomulausum dreng. Stjúpmóðir hans, Þuríður Hansdóttir var skaphörð og óvægin manneskja sem enga vægð sýndi stjúpsyni sínum og fór brátt svo að það varð gagnkvæmt og óvíst hvort átti meiri hlut að. Áður segir frá því að Víðiker átti beitarhús sem lágu suður til afréttar rúma 5 km. frá bæ.

Eg hef einu sinni komið á þessar slóðir og virðist mér landið vera ávalir ásar með all breiðum mýrarsundum á milli. Í vetrarhríðum, dimmviðri og ófærð er ekki við neitt að styðjast á þessari leið, ekkert nema innra áttaskin og tilfinning sem fáeinum mönnum er sjálfgefið og öðrum tekst að þroska með því að beita stöðugri athygli og árvekni.

Frá 16 ára aldri fékk Jón það verkefni á vetrum að hirða sauði föður síns á þessum beitarhúsum, kom oft heim hrakinn, svangur og kaldur. Einhverju sinni er hann kom heim þannig á sig kominn og gekk að aski sínum sem hafði verið látinn matur einhvern tíma að deginum virtist Jóni maturinn óhrjálegur og steypti innihaldinu í kjöltu stjúpu sinnar.

Í bók sinni „Árferði á Íslandi í þúsund ár" segir Þorvaldur Thoroddsen um árið 1859 að:

> Vetur var mjög harður frá áramótum víðast hvar og fram yfir páska þó var á Norðurlandi dágott fram á þorra. Hafís lá við land og komust skipin ekki inn á Eyjafjörð fyrr en í júní.

Þá var fénaðar fellir um land allt, menn aflífuðu bjargarvana fénað aðframkominn af hungri og hor í húsum og heimalandi undir húsveggjum í stórhríðum og hvar sem var. Sauðahúsin í Víðikeri voru engin undantekning. Þar var allt þrotið. Á laugardaginn fyrir páska var Jóni Þorkelssyni fenginn hnífur og skipað að fara og aflífa sauðina. Ekki veit eg hvort hjónanna fékk honum hnífinn. En það er í eina skiptið sem mér er sagt að Jón hafi farið grátandi að heiman.

Þegar á beitarhúsin kom hrönnuðust sauðirnir utan um Jón, langhungraðir, með útstæð augu, jarmandi uppá þennan bjargvætt sem þeir einan þekktu líklegan til einhverrar úrlausnar. Með hnífinn í hendi ráfaði Jón inn í fjárhúsið og þaðan inn í heykuml, sem áfast var við húsið vel vitandi að þar var ekkert hey. En þá tók hann eftir því að í veggjunum og þekju kumlsins voru hér og hvar heystrá föst í frosinni moldinni og torfinu yfir kumlinu. Hann bregður við og hleypir sauðunum inn í kumlið. Sauðirnir

réðust vitanlega að þessum fáu stráum og þarna var Jón hjá vinum sínum til kvölds. Á páskadagsmorgunn var kominn sunnan þeyr með hlýindum.

Það hefur sennilega verið vegna skaphörku Jóns og daglegum viðbrögðum hans við náungann að það orð lagðist á að hann væri trúlaus. Einhverntíma kom afbæjarmaður að honum óvörum og var Jón að lesa í sálmabókinni. „Hvað er þetta ert þú að lesa í sálmabók“ ? spurði gesturinn. „Það eru gullkorn í henni“ svaraði Jón og bendir þetta til þess að daglega hafi maðurinn ekki sagt hug sinn allan. Við minnimáttar og aumingja var hann svo hjartahlýr og hjálpsamur að þar sást hann ekki fyrir.

Jón Þorkelsson gerði lítið að því að standa í deilum (skömmum) við menn. En maðurinn var vel hagmæltur og ef að honum kreppti svaraði hann fyrir sig með vísu og hefur þá varla verið mjúkmáll, en ekkert kann eg af þeim kveðskap.

Foreldrar Jóhönnu Sturludóttur voru Anna Þórarinsdóttir frá Veigastöðum í Eyjafirði (gegnt Akureyri), móðir hennar, en kona Þórarins, Katrín Ásmundsdóttir frá Kjarna (albróður Þórðar í Kjarna). Sigursturla var Erlendsson, Sturlusonar frá Rauðá í Bárðardal. Móðir Sigursturlu var Anna Sigurðardóttir frá Gautlöndum hálfsystir Jóns alþingismanns - samfeðra honum. Sigurður á Gaulöndum var einn af eldri sonum Jóns ríka Jónssonar á Mýri í Bárðardal.

Sigursturla og Anna bjuggu að Vatnsenda í Ljósavatnsskarði ( óvíst hvort þau byrjuðu búskap þar) og voru þar í sambýli við Einar bróðir Sturlu. (Einar þessi var afi Geirs Gunnlaugssonar í Eskihlíð - karllegginn) Vatnsendi er ekki mikil tvíbýlisjörð, 13,5 hundruð, og þó er einhver stuðningur að silungsveiði í vatni því er bærinn stendur við, Ljósavatni. Sigursturla var gefinn fyrir sjóróðra og stundaði þá eitthvað við Eyjafjörð. Svo er að skilja að efnahagurinn hafi verið þröngur og kann það það að hafa ýtt undir útróðra þessa. Bústofninn var að sjálfsögðu nær eingöngu kindur og hirti Einar bróðir Sigursturlu þegar hann var ekki heima.

Sambúð þeirra Sigursturlu og Önnu varð aðeins 9 ár. Á heimleið úr kaupstað til Akureyrar drukknaði Sigursturla á aðfangadag jóla 1869 ásamt 7 bændum af Svalbarðsströnd. Þau áttu tvær dætur hjónin, Jóhönnu og Sigríði Ingibjörgu (tvær dætur á milli þeirra dóu í frumbernsku) Heimilið leystist upp, Sigríður varð eftir hjá Einari föðurbróður sínum, en Anna fór með Jóhönnu til föðurbróður síns að Gautlöndum fljótlega eftir þetta.

Tvo vetrartíma fyrir ferminguna (2 mánuði hvort sinn) fór Jóhanna í unglingaskóla að Reykjahlíð, en þar kenndi Pétur Jónsson frá Gautlöndum og þar hefur hún vafalaust komist á sporið með að lesa bækur á Norðurlandamálum. Jóhanna var í hærra meðallagi, tágrönn, bein í baki, ljóshærð og náði fléttulykkjan niður undan skotthúfunni niður í mitti. Stórleit var hún og fríð sýnum. Sem eldri kona varð hún virkjamikil og virðuleg mjög. Á blómaskeiði ævi sinnar var hún kölluð Jóhanna fagra.

Á Gautlanda árum Jóhönnu voru þær einhverntíma að glettast sín í milli vinnukonur sem þar voru, meðal annars um væntanlega eða hugsanlega giftingu. Húsbóndinn, Jón Sigurðsson heyrði á tal þeirra og þegar að því kom að giska á giftingu Jóhönnu gaf hann orð í belg og sagði: "Hún Jóhanna, hún á eftir að giftast best vaxna og vaskasta manninum í allri Þingeyjasýslu. " Líklega hafa Þau verið um margt lík, hjónin, þó Jóhanna að sjálfsögðu færi minna að heiman og gæfi sig ekki að heimsgleði.

Bæði voru hjónin frammúrskarandi gestrisin og veitul. Heimilið var oft yfirsetið af gestum og þá var setið og spjallað sungið og riðið út - hestar reyndir. Hljóðfæri voru á heimilinu, fiðla (Skúli) og orgel (öll yngri systkinin). Heyrði ég þau ummæli höfð eftir Jóhönnu að hún hefði aldrei skipað börnum sínum til verka frá orgelinu.

Á þeirri tíð sem hér um ræðir var gnægð vinnuhjúa á hverjum bæ svo ekki hefur heimili þeirra hjóna liðið af þeim sökum þó húsbóndinn væri langtímum fjarverandi og það mest um sláttinn. En mjög hefur það reynt á húsfreyjuna. Þó var það mikil bót í máli að tveir synir Jóns af fyrra hjónabandi, Pétur og Skúli voru oftast heima - Pétur framundir aldamót, og Skúli meðan lífið entist. Ennfremur hefur það verið henni ómetanlegur styrkur að móðir hennar var hjá henni við góða heilsu til hins síðasta, eða þar til að hún andaðist árið 1896.

Samt hlýtur þetta að hafa mætt mjög á húsmóðurinni - en aldrei gekk hún til útiverka og mun það raunar ekki hafa tíðkast í Þingeyjarsýslu á þeim tíma að húsfreyjurnar gengju til starfa utan bæjar. Þrátt fyrir misrúman fjárhag hafði Jón Þorkelsson þann metnað fyrir sig og konu sína að þau gengju jafnan í besta fáanlegum klæðnaði þess tíma og heimilið var jafnan vel búið af öllum áhöldum sem með þurfti til að taka á móti gestum. Dags daglega gekk Jóhanna uppábúin sem nútíminn mundi kalla: í felldu pilsi, svartri treyju og þar utanyfir í upphlut með silfurmillum sem reimaðar voru saman með keðju úr sama efni og tilheyrandi prjóni á endunum, og skotthúfu á höfði. Þannig sat hún við tóvinnu og saumaskap þegar ekki þurfti að sinna gestum eða ungbörnum.

Jóhanna Katrín Sturludóttir hafði frábæra hæfileika til þess að taka á móti gestum, sitja á tali við fólk og ræða hin ólíkustu efni. Naut hún þar fræðslu þeirrar er hún sjálf hafði aflað sér með lestri bóka, en það stundaði hún hvenær sem færi gafst fram að því síðasta, svo og því sem hún lærði afviðtölum við hið ólíklegasta fólk sem hún komst í snertingu við bæði á heimili sínu í Þingeyjarsýslu og eins eftir að hún fluttist til Suðurlands, margt hámenntað fólk og naut í því efni að minni hennar var frábærlega trútt og tiltækt. Móðir ykkar hefur oft komist svo að orði.: „Eg skil ekkert í því hvernig hún mamma gat vitað allt það sem hún vissi."

Það þarf varla að taka fram að Jóhanna lifði öll sín bestu ár í Þingeyjarsýslu en þar þróaðist sú menning er mestan ljóma ber á héraðið og kannski landið allt. Hún hóf sitt lífsstarf í byrjun harðindatímabilsins um 1880, vissi um og tók þátt í viðbrögðum fólksins - stofnun Kaupfélags Þingeyinga, sveitar samþykktum og samtökum um að

spara allt sem sparað varð, að nota ekki á heimilum eða veita gestum vöru sem hægt var að lifa án, svo sem kaffi. Hún gjörþekkti líka bókmennta áhugann og ungu skáldin - Þorgils Gjallanda, Guðmund á Sandi, Sigurð á Arnarvatni, Indriða á Fjalli og aðra sem minna bar á. Eða þá félagsmálagarpana : Gautlandmenn, frændur sína, Jón Sigurðsson og syni hans, Pétur í Gautlöndum, Steingrím sýslumann á Húsavík, Kristján dómstjóra í Reykjavík og Jón bónda á Héðinshöfða. Ennfremur Sigurð á Ystafelli Jónsson, Einar í Nesi, Jakob Hálfdánarson, Jón í Múla og aðra slíka.

Og svo flyst Jóhanna suður að Þjórsárósum árið 1916 - eins langt og komist varð frá leikvangi manndómsára hennar, kannski í víðri merkingu. Árið áður en Sturla sonur Jóhönnu fæddist dreymdi hana að hún var stödd í ókunnu umhverfi. Hún sá rennandi vatn, sléttu sem hvergi sá yfir og mikið ljós sem lýsti upp þetta umhverfi. Þegar hún svo kom að Fljóthólum þóttist hún endurlifa draum sinn.

Ekki er mér grunlaust um að Jóhönnu hafi fundist fátt til um menningar ástandið í hinu nýja umhverfi, en hún virti mikils vinnusemi fólksins og verkkunnáttu. Síðar þegar hún kynntist fólkinu og sögu þess lærði hún að meta hjartalag þess, upplagið, góðvildina og á margan hátt vanrækta hæfileika.

Ekki er eg viss um að eg hafi séð Jóhönnu fyrr en á miðjum engjaslætti 1920. Eg var orðinn málkunnugur Sturlu og Vernharði. Á sunnudegi í fögru verði tók eg hest og reið austur að Fljótshólum. Undir niðri mun ætlunin hafa verið að vita hvað eg sæi til heimasætunnar, en vitanlega spurði eg eftir bræðrunum. Þá reyndist enginn vera heima á bænum neina gamla konan og einhver vinnukona. Jóhanna bauð mér til stofu og lét bera mér kaffi. Sátum við lengi á tali. Líklega hefur hún haft einhvern grun um að dóttir hennar hafi veitt þessum ókunna manni athygli, því seinna frétti eg að um kvöldið þegar fólkið var komið heim hafi hún sagt frá gestkomunni og snéri sér svo að móður ykkar og sagði: „Þú mátt passa þig Unnur“. Það tók mágsemdunum við mig vel, allt þetta fólk og veit eg ekki til að þar hafi nokkurn skugga á borið. Það hefur líklega verið þegar móðir ykkar lá á sæng vegna fæðingar Ásu að hópur af Fljótshóla fólki kom í heimsókn, þar á meðal Skúli. Það var mikið talað en Skúli gaf ekki orð í. Hann stóð við rúmgafl móður ykkar, hlustaði og horfði í kring um sig. Þegar hlé varð á samræðum segir Skúli „Best held eg nú að þú sért sett af systrunum“. Þessi orð frá Skúla þessum hógværa og orðvara manni, hefur mér jafnan þótt meira virði en flest annað sem eg hef getað tekið til mín. Löngu seinna sagði Anna í Fagurgerði: „Mikið er hún amma montin af þér. Það er bara engin leið að þola þetta“.

Í eftirmælum um Jóhönnu segir Björn Sigurbjarnarson: „Jóhanna var hávaxin og þrekvaxin, háttprúð og virðuleg í framgöngu. Augun blá, hárið bjart, mikið og fór vel. Frameftir árum hafði hún svo mikið hár, að þegar hún brá fléttuendunum undir húfuna tóku lykkjurnar niður á mitti. "Litfríð og létt undir brún þótti glæsileg kona“.

Efnahagur þeirra hjóna var í öndverðu góður, en gekk síðan á ýmsu. Heimilið mannmargt og ómegð mikil. Gestkvæmt löngum og rausnarlega veitt eftir því sem föng voru til, stundum um efni fram, enda mun þau hjón bæði hafa skort festu og forsjá um búsýslu. Heimilisbragurinn léttur og frjálsmannlegur. Jón bóndi var alkunnur ferðagarpur. Átti marga ágæta hesta. Vaskur maður í för enda „fastur í söðli og handviss á taumi". Nutu margir erlendir menn brautargengis hans um Öskju, Dyngjufjöll og veglausar víðáttur öræfanna ."[10]

Jóhanna lést að Fljótshólum 26. febrúar 1951. Að hennar beiðni sungu við útförina aðeins niðjar hennar og makar þeirra. Anna í Fagurgerði lék á orgelið. Sungin voru ættjarðarljóð og sálmar, sem hún sjálf hafði tekið til. Presturinn, sr. Árelíus Níelsson, sagði í útfararræðu að hann teldi engum rangt gert til þó að sagt væri að kona þessi ætti álitlegasta niðja hópinn í sínu prestakalli. Fjölmenni var við útförina, en aðstæður voru heldur erfiðar norðaustan strekkingur, mikill snjór á jörð og skafrenningur. Hún var grafin að kórbaki kirkju í Gaulverjabæ, þar út við girðinguna. Síðar var grafin við hlið hennar, að eigin ósk, Sigríður Ingibjörg systir hennar. Hún giftist ekki og átti ekki börn.

Þau Jón og Jóhanna eignuðust alls 9 börn og komust 6 þeirra til fullorðins ára. Þau fæddust í þessar röð:

1. Unnur, eldri - andaðist 14. ára.
2. Guðrún, húsfreyja á Sandhaugum.
3. Anna Sesselja, - andaðist 4 ára.
4. Sturla, bóndi á Fljótshólum
5. Þorkell, - hlaut skírn og andaðist 3ja nátta.
6. Rebekka, húsfreyja á Bjarnastöðum í Mývatnssveit og víðar
7. Unnur, húsfreyja í Holti.
8. Ástríður, giftist og bjó í Kaupmannahöfn og síðar í R.vík.
9. Vernharður, skrifstofu - og verslunarmaður. m.a. kaupfélagsstjóri á Seyðisfirði.

Stjúpbörn Jóhönnu voru þessi:

1. Skúli, sem fylgdi henni til dauðadags - ógiftur og barnlaus.
2. Pétur, bóndi á Litluvöllum í Bárðardal
3. Hólmfríður, giftist ekki og var barnlaus.
4. Jónína, húsfreyja í Keldunesi og síðar á Siglufirði
5. Jóhanna, húsfreyja á Siglufirði
6. Sigþóra, fór til Vesturheims giftist þar og eignaðist eina dóttur.

Ritað á þorranum 1970.

Sigurgrímur Jónsson

---

[10] Tíminn 11. mars 1951:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1012777

# Fríkirkjan í Gaulverjabæ

*eftir Sigurgrim Jónsson, Holti.*

Erindi flutt á 70 ára afmæli Gaulverjabæjarkirkju 09. september 1979.

Mér ætlað að tala hér lítið eitt um Fríkirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæ og prestinn, sem honum þjónaði frá árslokum 1909 fram á sumarið 1916, en það fór saman safnaðarstarfið og prestþjónustutíminn .

En til þess að gera þetta skiljanlegt verður að rekja forsöguna lítillega.

Fyrir tæpum 20 árum, þann 8. nóvember 1959, vorum við stödd á þessum sama stað í tilefni 50 ára byggingarafmælis kirkjunnar hér, og flutti við það tækifæri sóknarpresturinn séra Magnús Guðjónsson, mjög fróðlegt erindi um sögu Gaulverjabæjar, landnámsmanninn sem þar bjó, Loft hinn gamla Ormsson af Gaulum, niðja hans, og í framhaldi af því gat sr. Magnús margra merkis presta er þar hafa setið, einkum þeirra er þar hafa setið eftir siðaskipti, en alls munu hafa setið staðinn 34 prestar.

> Flest rök hníga að því að kirkja hafi snemma verið reist að Gaulverjabæ jafnvel að Gaulverjabær hafi verið prestsetur og kirkjustaður frá öndverðri kristni,

segir séra Magnús, en erindi hans birtist í Kirkjuritinu[11] 1960, júnihefti, bls. 263 - 275 og vitnast til þess hér. Í sömu heimild segir:

> Þegar prófastur Árnesprófastdæmis, sem þá var séra Valdimar Briem, vísiterar Gaulverjabæjarkirkju 1907, skrifar hann um hana „lakleg", en sú kirkja hafði verið reist 1845, þess vegna var nú farið að hugsa til kirkjusmiðar,

segir séra Magnús. Vel má vera að áhugi hafi verið fyrir hendi en samt gerist ekkert á næsta sumri, þ.e. 1908, en er þess að geta að við árslokin 1908, gerist sá atburður sem gerði kirkjubyggingu óhjákvæmilega.

Það var aðfaranótt hins 28.desember, að hér gekk yfir eitt af meiriháttar sunnanstórviðrum sem hér má vænta einu sinni til tvisvar á öld að minnstakosti, og í þetta sinn með þeim afleiðingum að 5 kirkjur á Suðurlandi ýmist fuku eða skekktust af grunni, svo að ekki varð undan vikist um endurbyggingu. Var kirkjan í Gaulverjabæ ein þessara ( skekktist á grunni) en hinar kirkjurnar voru: Að Breiðabólstað í Fljótshlíð, að Stóra - Núpi í Gnúpverjahreppi, að Hrepphólum í Hrunamannahreppi og að Reykjum í Ölfusi.

Kirkjur þessar voru allar endurbyggðar á sama stað, nema kirkjan að Reykjum. Sú kirkja hafði verið annexía frá Arnarbæli, en þar var kirkja og prestsetur frá því fyrir 1400. Með stjórnarráðsbréfi frá 17. júlí 1909 eru Arnarbælis - og Reykjasóknir sameinaðar, og ákveðið að ein kirkja skuli vera byggð á Kotströnd fyrir sóknina.

---

[11] http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000555355

Því er það að sumarið 1909 rís hér af grunni nýtt kirkjuhús, og er "vígt til síns mikla og háleita ætlunarverks þann 21.nóvember það ár" eins og séra Magnús Guðjónsson kemst að orði, í hinni áður tilvitnuðu ræðu í Kirkjuritinu, bls. 274.

Af sínum alkunna dugnaði endurreistu Gaulverjar þarna á einu sumri guðsþjónustuhús sitt, sjálfum sér til sóma, og guði til dýrðar, húsið endurbyggt ytra byrði á síðasta ári, en í engu breytt, ber hátt yfir umhverfi sitt og líklegt til að geta þjónað sínu háleita ætlunarverki enn um langan aldur, njóti það sömu alúðar í umgengni og umsjár og hingað til, og við höfum öll augum borið í dag.

Eins og ýmsum ykkar mun kunnugt eru Sóknarlýsingar Árnessýslu í þann veginn að koma út. Eg hef undir höndum ljósrit af lýsingu Gaulverjabæjarsóknar ritaðri af séra Jakobi Árnasyni prófasti í Gaulverjabæ, en hann þjónaði brauðinu á árunum 1799 til 1855.

Bréf hans til Hins íslenska bókmenntafélags er dagsett að Gaulverjabæ 24. febrúar 1840. Þar segir um prestakallið:

> Gaulverjabæjarprestakall í Árnessýslu liggur þar syðst við sjóinn.... milli Ölfusár og Þjórsár. Við þann vestasta bæ í sókninni kallast Óseyrarnes, er ferjustaður yfir Ölfusá rétt við sjóinn .... Skammt upp með Ölfusá liggur Óseyrarnes landareign, en þá tekur við að ofan Kaldaðarnessókn og skiptir sóknunum takmörk landareignanna á svokallaðri Breiðumýri .... svo að segja eftir henni miðri, þangað til kemur austur undir Hróarsholt, merkisbæinn, þá beygjast sóknarmörkin niður á við milli Villingaholts - og Gaulverjabæjarsókna, beygja til landsuðurs fram að Þjórsá milli Traustholtshólma og Fljótshóla.

Hér líkur tilvitnunum og þarf engan kunnugan að undra þótt staðurinn - eða brauðið, væri eftirsótt og að hingað bærust höfðingsmenn, svipmiklir og til forystu fallnir, bæði í kirkju - og að héraðsmálum. Jörðin var stórbýli á forna vísu, í jarðamatinu frá 1861 metin á 38.53 hundruð, þegar meðaljörðin í þessari sveit er metin á sem næst 10 hundruð. Svo bætist annexían við Stokkseyrarhreppur hinn forni allur, en með einni kirkju, Stokkseyri, því kirkja var ekki byggð á Eyrarbakka fyrr en 1892, en þessi skipan hélst til 1. maí 1892 er Stokkseyri verður sjálfstætt prestakall, en á sama tíma lagt undir staðinn sem annexía hin forna kirkjusókn, Villingaholt, en þar hafði prestur setið frá því snemma á 14. öld og haft sem annexíu kirkju er þá var í Hróarsholti, en nú lagðist til Hraungerðis.

Kirkjan í Hróarsholti var svo með landshöfðingjabréfi 27. febrúar 1902 aflögð, og sóknin lögð til Hraungerðis. Áfram var Gaulverjabær prestsetur að lögum og vild, ber hátt í þéttbýlli sveit. " Því síður eru eyðijarðir hér, að flestum jörðum er oft mjög skipt sundur í tvíbýli og þríbýli vegna fólksfjölgunar'' segir á áminnstri sóknarlýsingu séra Jakobs Árnasonar. en hann sat staðinn lengst allra þeirra presta sem þar er getið, eða 56 ár, að vísu með aðstoðarmanni síðustu 16 árin, að því er virðist.

Séra Magnús Guðjónsson nafngreindi í erindi sínu 1959 og gerði grein fyrir fjölda þeirra merkispresta, er staðinn hafa setið. Hér nægir að geta þeirra , er komu á eftir sr. Jakobi Árnasyni, Þá séra Pál Ingimundarson 1856 til 1879 og hafði raunar verið aðstoðarprestur hér þau 16 ár er áður getur, svo að embættisár hans urðu 40. Þá kemur séra Páll Sigurðsson 1880 til 1887 „öllum harmdauði" - dó af slysförum, var af leikmönnum talinn vera úr liði um hné og aðgerðum hagað samkvæmt því, en þegar Schierbeck landlæknir loks var sóttur, reyndist maðurinn lærbrotinn rétt ofan við hnéð, blóðeitrun þegar fyrir hendi, og réð það úrslitum.

Næsti prestur er sér Jón Steingrímsson 1887 til 1891. Það var séra Jón sem stóð fyrir byggingu hins mikla íbúðarhúss, innflutt tilhöggvið frá Noregi, sem stendur enn þótt fallið sé úr notkun í bili að minnsta kosti. Sonur séra Jóns, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, gaf, sem ýmsir muna útbúnað til að hita kirkjuhúsið með rafmagni.

Næsti prestur er séra Ólafur Helgason 1891 og aftur 1903, en sat að Stóra-Hrauni. Séra Ingvar Nikulásson er þarna tíu ár 1892 - 1902, en fær lausn vegna heilsubilunar.

Síðastur presta er sat og þjónaði í Gaulverjabæ sem staðarprestur var séra Einar Pálsson, veittur Gaulverjabær 23 nóvember 1903, kemur þangað frá Hálsi í Fnjóskadal vorið 1904, ástsæll og virtur prestur.

En nú gerðist óvæntur atburður í sögu þessa merkisstaðar, þar sem um aldaraðir hafði verið áhrifamesta miðstöð menningarlífs í lágsveitum Árnessýslu. Staður sem alþýða manna hafði sótt til andlegan styrk sálu sinni, og leiðsögn til úrlausnar um baráttu hins daglega lífs.

Með lögum frá 16. nóvember 1907 var Gaulverjabæjarprestakall lagt niður, og lagðist þá Villingaholtssókn til Hraungerðisprestakalls en Gaulverjabæjarsókn til Stokkseyrar. Séra Einar Pálsson fór þegar á næsta vori, þótt ekki væri honum það skylt, því breytingin var miðuð við það „er brauðið losnaði næst".

Gaulverjar brugðust ókvæða við og gerðu árangurslausa tilraun um „að láta slá upp prestakallinu" eins og séra Magnús Guðjónsson komst að orði í áður nefndu erindi sínu, sem var sama og að lagaákvæðið kæmi ekki til framkvæmda, en þeirri beiðni var vitanlega synjað.

Á héraðsfundi Árnesprófastdæmis „var reynt að miðla málum .... en af þessu gat ekki orðið" og enn segir séra Magnús Guðjónsson: „Þess vegna sagði söfnuðurinn á tímabili skilið við þjóðkirkjuna og stofnaði Fríkirkjusöfnuð. Var það eins og skjöl herma 5. nóvember 1908 og fram til ársins 1916. Prestur hans var ráðinn Runólfur Runólfsson" segir í sömu heimild.



Gaulverjabæjarkirkja

Ekki efast eg um að séra Magnús hafi haft gögn fyrir þessari dagsetningu, um stofnun Fríkirkjusafnaðarins, og hún er vafalaust rétt, en fokið á kirkjunni verður þess valdandi að framkvæmdir allar á vegum og í nafni Fríkirkjusafnaðarins dragast á langinn um eitt ár, enda ærið starf að endurreisa kirkjuhúsið, en það var gert á vegum safnaðarins og undir umsjá sömu manna og síðar eru í forystuliði Fríkirkjusafnaðarins.

Séra Gísli Skúlason á Stóra-Hrauni er nú sóknarprestur Gaulverjabæjarsafnaðar og þjónar brauðinu það sem eftir er árs 1908, eftir að séra Einar Pálsson fer, og hann tekur manntal um haustið, enda er þetta ennþá innan þjóðkirkjunnar. Það er fyrst 11. september 1909 að stjórn hins nýja Gaul verjabæjarkirkja Fríkirkjusafnaðarins kemur því í verk að segja söfnuðinn úr þjóðkirkjunni. Ég blaðaði lítillega í Bréfasafni Árnesprófastdæmis frá þessum tíma á Landsbókasafninu. Þar varð á vegi mínum svohljóðandi bréf:

Háttvirti herra biskup.

Hér með kunngerist yður að sóknarmenn Gaulverjabæjarsóknar hafa tekið sig saman um að stofna kirkjufélag utan þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum frá 19 febrúar 1886 og hafa nú þegar kosið séra Runólf Runólfsson fyrir prest til hins áminnsta kirkjufélags, sem verður leitað staðfestingar á til stjórnarráðsins. Í tilefni af þessu viljum við undirritaðir fulltrúar kirkjufélagsins hér með gefa yður til kynna sem æðsta yfirmanns þjóðkirkjunnar, að meðlimir þessa nýstofnaða kirkjufélags, sem eru allir sóknarmenn Gaulverja-bæjarkirkjusóknar, eru gengnir úr þjóðkirkju landsins samkvæmt áminnstum lögum.

Gegnishólaparti 11. sept. 1909 Halldór Ó Sigursson
Árni Símonarson
Guðmundur Þorkelsson Ólafur Guðmundsson
Gunnar Hannesson

Það ber að taka fram, til þess aðkoma í veg fyrir misskilning, að þó þeir félagar undirstriki orðið allir í setningunni „sem eru allir sóknarmenn Gaulverjabæjar-kirkjusóknar" þá er það ekki sama og allur söfnuðurinn, því Gísli Brynjólfsson bóndi á Hrútsstöðum, síðar Haugi, þá með 7 manns í heimili að honum sjálfum meðtöldum, hann gekk aldrei í Fríkirkjusöfnuðinn. Er þetta glögglega tekið fram í manntali Fríkirkjusafnaðarins, með rithönd séra Runólfs.

Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því nú þegar, að safnaðarstofnun sú, sem hér er verið að tilkynna, og á máli löggjafans heitir Utanþjóðkirkjusöfnuður, en í al-mennu máli nefnist Fríkirkja, eða Fríkirkjusöfnuður, að þessi safnaðarstofnun á ekkert skylt við þau fríkirkjufélög önnur sem áður og síðar hefur verið stofnað til í þessu þjóðfélagi. Í nær öllum slíkum tilfellum hefur slíkt gerst í beinu framhaldi af prestkos-ningu og einhver hluti viðkomandi safnaðar hefur ekki sætt sig við niðurstöðuna, og þá stofnað til annars safnaðar og kallað til hans prest er þeir óskuðu að fá til starfa. Engu slíku er hér til að dreifa. Gaulverjar rísa upp gegn löggjafanum. Þeir neita því að frá þeim sé tekinn sómi sveitarinnar, stórbóndinn á höfuðbólinu, glæsimennið, forusta sveitarfélagsins, bæði heima fyrir og út á við. Allt það sem þeir höfðu litið upp til.

Þeim var boðinn glæsilegasti prestur samtíðarinnar, gáfumaður og hámenntaður maður, ræðumaður ágætur. Kirkjunnar maður, sem flutti Kærleiksboðskap Krists. En þetta dugði ekki til. Hann var ekki búsettur í sveitinni, var ekki einn af þeim. Er of djarft til orða tekið að segja að þarna hafi í fyrsta sinn eftir siðaskipti verið gerð tilraun um aðskilnað ríkis og kirkju? Óvitandi þó, eg held ekki.

Guðsþjónustuhald í Gaulverjabæ árið 1909 hlýtur að hafa legið niðri, en tilfallandi aukaverk, þar með ferming, unnin af sóknarprestinum séra Gísla Skúlasyni, og það er hann sem vígir hið nýreista Guðshús 21. nóvember.

En nú tekur fríkirkjusöfnuðurinn við. Stofnfundargerð þá er séra Magnús Guðjónsson vitnar til dags. 8. nóv. 1908, hef eg ekki séð, en fundargjörð dags 30. nóv .1909. Er sú fundargjörð merkt sem fyrsti fundur, og er fundurinn haldinn sem „safnaðarfundur í Gaulverjabæjarkirkju". Fundarstjóri var kosinn Halldór Ó Sigurðsson, Gegnishólaparti, ritari Jón Jónsson Loftsstöðum.

Þessi mál gjörðust:

1. Lesnar upp prentaðar reglur til fyrirmyndar fyrir hinn nýstofnaða Fríkirkjusöfnuð, grein fyrir grein, og útþýddi presturinn séra Runólfur þær á ýmsan hátt.
Fundurinn var þeim reglum samþykkur.

2. Samþykkt var að presturinn fengi í laun næstkomandi ár 1.000.- eitt þúsund krónur og þar að auki fyrir þau aukaverk er hann gjörir sem eru utan safnaðarins nú, en frá því hann kom hér í haust og til fardaga 1910 fær hann 500- fimm hundruð krónur og þar að auki verður borguð húsaleiga fyrir hann, fyrir þennan tíma " eins og segir í fundargjörðini.
Fimm menn voru kosnir í safnaðarstjórn Kosningu hlutu:

Halldór Ó Sigurðsson, Gegnishólaparti með 42 atkv.
Séra Runólfur Runólfsson, Gaulverjabæ með 38 atkv.
Einar Einarsson, Brandshúsum með 35atkv.
Árni Símonarson, Arnarhóli, 31 atkv.
Bjarni Halldórsson, Fljótshólum 25 atkv.

Á næsta safnaðarfundi, þann 16. maí 1910, og sagður er all fjölmennur, gerir prestur þá kröfu að hann frá næstu fardögum vildi fá í kaup fyrir árið, þann lögboðna nefskatt kr. 1.50 af hverjum 15 ára meðlim safnaðarins og eldri sem nú er að verða kann framvegis og ennfremur borgun fyrir öll aukaverk sem hann gjörir, „auk þeirra umsömdu 1.000 króna . Þetta tilboð var samþykkt. "

Um þessar mundir er kýrverð um eða rétt undir hundrað krónum, og má af því ráða um kjör þau er prestur bjó við - hafi þetta goldist. Presti hafði verið fengið til bráðabirgða húsnæði í Gaulverjabæ, en á þessum fundi, þann 16. maí 1910 er ákveðið að sjá prestinum fyrir húsnæði, með byggingu „eða húsnæði á einhvern hátt " eins og í fundargjörðinni segir. Safnaðarstjórn og hreppsnefnd falið að ráða fram úr þessu. Sex dögum síðar, eða þann 22. maí 1910 er bókaður 3. fundur safnaðarins og er það safnaðarnefndin og hreppsnefndin með sameiginlegan fund um húsbyggingarmálið, og komist að þeirri niðurstöðu og í „samráði við bóndann í Gaulverjabæ og með hans leyfi að byggja í sumar íbúðarhús á Garðhúsalóð handa presti". Garðhús var eyðibýli líklega fallið undir Gaulverjabæ, 4,76 hundrað í mati 1861. Þetta varð að framkvæmd undir stjórn Sigurðar Magnússonar þess sama og kirkjusmíðinni stjórnaði og er prestur og frú ásamt vinnukonu skráð til heimilis í Garðhúsum við manntalið 1910. Fjáröflun til byggingarinnar í Garðhúsum er þessi:

Í yfirlitsreikningi fyrir árin 1910 til 1913 er fært til gjalda:

> Byggingarefni á Garðhúsum og smiðakaup kr. 1.329,16. Þetta er jafnað með lántöku við Sparisjóð Árnessýslu kr. 1.300,00 og sú skuld endurgreidd að kr. 1.200,00 með lántöku í Veðdeild Landsbankans kr. 1.300,00. Við þá færslu er skrifað innan sviga: Gaulverjabæjarhreppur. Virðist sem hreppsnefndin, á ábyrgð Gaulverjabæjarhrepps hafi raunverulega endurlánað söfnuðinum það sem, til þurfti að koma húsinu upp.

Staðfestist þetta í fundargjörð frá 24. október 1915.

Þar segir að borist hafi bréf frá hreppsnefndinni þess efnis að hreppurinn hafi orðið að greiða síðustu afborgun af Garðhúsaláninu og fyrirsjáanlega verði svo en, ef ekki verði að gert, og hótar að taka húsið í sína vörslu, hvað og varð.: Presturinn fór á næsta sumri, og er söfnuðurinn í andarslitrunum.

Það er dálítið erfitt að átta sig á reikningum safnaðarins. Þeir færa ekki efnahagsreikning, blanda saman föstum lánum saman við rekstrarreikning og færa svo óraunhæfar tölur á móti og kalla „til jafnvægis á móti gjaldalið a.b.c." og fá þannig jöfnuð í bókhaldið.

Furðulegast er þó að umsamin laun til prestsins, kr. 1.000,00 eru aldrei færð til gjalda. Þeir hafa hreinlega svikið gefið loforð. Þetta sannast af bókun á safnaðarfundi 16. maí 1910, þegar rætt er um húsbyggingu, þá býðst prestur til að borga fyrir viðunandi húsnæði 120 krónur fái hann þær fyrr lofaðar 1.000,00 krónur. Og aftur 26.okt. 1911:

> samþykkt laun prests frá fardögum 1912 til fardaga 1913 sé nefskattur og ákveðin borgun fyrir öll aukaverk, sem hann gjörir í söfnuði og kann að gjöra utan safnaðar.

Húsaleigunni, sem ekki varð nema 40 krónur er um leið aflétt.

Nú eru 15 ára og eldri 340 og fækkar í 255 og verða launi þá ekki há, kr. 1,50 af hverjum gjaldanda. Prestur virðist innheimta þetta sjálfur því það er aldrei fært í gegnum bókhald safnaðarins. Staðfest má telja að prestur hafi 2 kýr, fékk hey hjá nágrönnum, sumt gefið, annað uppí gjöld, að þeim upplýsingum sem eg hef bestar fengið. Orðfært er að fækka messum, en prestur ákveður messu hvern helgan dag, þegar veður leyfir.

Árið 1912, mánudag 25. nóvember er haldinn lögboðinn safnaðarfundur. Fundurinn virðist illa sóttur, deilt er um „réttmæti" fundarins og kosningu safnaðarstjórnar frestað. Á þessum fundi bauð prestur uppá barnaguðsþjónustur, taldi til góðs. Þessu virðist ekki hafa verið sinnt, en 1. nóv. 1914 er messum fækkað til helminga.

Sumarið 1915 er biskupinn herra Þórhallur Bjarnson á vísitasíuferð og gerir athugsemd um kirkjugarðinn, telur hann þurfa lagfæringar við.

Vorið 1910 ritaði sr. Runólfur til biskups og bað um fermingarleyfi fyrir börn, sem ekki voru orðin fyllra 14 ára, en til þess þurfti þá biskupsleyfi. Biskup svaraði því til að um utanþjóðkirkjusöfnuð gildi sú regla, að þeir ákvæðu þetta sjálfir, þótt æskilegt væri að þeir sem halda sömu trúaratriðum og helgisiðum sem þjóðkirkjan, héldu reglum hennar um fermingar, œen skiljanlega er það eigi annað en ósk frá minni hálfu" segir í bréfi biskups.

Erindi biskups að Gaulverjabæ hefur að þessu sinni verið að líta eftir grafreitnum og kirkjunni, þótt kirkjan væri í eigu safnaðarins. Byggingalán hennar í kirkjusjóði, tæpar 2.000 kr. stóðu þeir alltaf í skilum með.

Vilji maður með velvilja skoða viðbrögð þeirra Gaulverja þegar löggjafinn tók af þeim staðarprestinn 1907 og það sem síðar gjörðist, er augljóst að þeir hafa búist við að söfnuðurinn í Villingaholtssókn fylgdi þeim útí ævintýrið.

Í bréfasafni biskups er svohljóðandi bréf frá safnaðarfull trúa Villingaholtssókna, hr. Guðmundi Vælugerði, dags. 26. júní 1909:

> Háttvirti herra biskup
> Það eru hér með vinsamlega tilmæli við yður, að þér vilduð vera svo gjöra, og gefa mér þær upplýsingar sem þér getið um mann þann sem nú býður sig fram sem prestur að Gaulverjabæ, Runólfur að nafni. Er hann prestvígður ? er hann rétt trúaður kristinn maður ? og ennfremur það sem þér vitið um ætt hans og uppruna. Hér í Villingaholtssókn fær hann víst ekkert fylgi, við erum víst flestir hjartanlega ánægðir með þann prest, er vér höfum nú. En við höfum ekki frið fyrir áleitni sóknarnefndar í Gaulverjabæjarsókn. Gefið okkur því ráð til að smitast ekki af þeim.
>
> Vonast eftir svari um hæl.
>
> Með mikilli virðingu

Svar biskups fannst ekki við fljótlega athugun, en töluverð bréfskipti, bæði úr Villingaholts - og Stokkseyrarsóknum eru vegna fráhvarfs einstaklinga úr þeim sóknum til safnaðarins í Gaulverjabæ, undirboð Gaulverja um sóknargjöld og skyldur manna við sinn heimasöfnuð, afnot af grafreit o.fl.

En þetta leysist með bréfi Stjórnarráðsins til forstöðunefndar utanþjóðkirkju -safnaðarins í Gaulverjabæjarsókn frá 24. maí 1910 svo hljóðandi:

> Með bréfi dags. 9.f.m. hafið þér skýrt frá því að menn úr nágrannasóknum hafi óskað eftir því að ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæjarsókn, og hafið þér

> því farið þess á leit að safnaðarsvæðið verði rýmkað þannig að menn úr nágrannasóknum megi ganga í utankirkjusöfnuðinn. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir söfnuðinn, að Stjórnarráðið samþykkir að takmörk safnaðarsvæðisins nái auk Gaulverjabæjarsóknar yfir Villingaholts - og Stokkseyrarsóknir.

En þetta dugir ekki til. Þátttakan er of lítil og safnaðarstjórnin óraunsæ, og væg í innheimtu eða álögum til að bera uppi kostnaðinn við rekstur safnaðarins. Samt mögla einstaka menn. Eitt árið segist prestur ekki fá nema 50 aura af hverjum safnaðarmeðlim á Stokkseyri, og svo fara þeir að tínast burtu. Sama er að segja um Partamenn. Þegar litið er yfir söfnuðinn sem heil, er þetta fátækt samfélag, með undantekningum þó. Þetta eru bestu ár Rjómabúsins á Baugstöðum, svo að eitthvað er í umferð af peningum, en þarfirnar eru margar, og áhuginn líklega dvínandi.

Það er ekki mikil reisn yfir síðustu fundargjörð þessa safnaðar, en hún er dagsett laugardaginn 21. október 1916. Safnaðarfulltrúi er þá Einar Eyjólfsson að Sléttabóli, „lýsir hann þar yfir að söfnuðurinn sé prestlaus og hallast að því að söfnuðurinn gangi í Þjóðkirkjuna." Fjórir styðja þá hugmynd, en enginn stuðningur um framhaldandi Fríkirkju-starfsemi. - - -

Hvað varð þá um Garðhús? Þó það komi Fríkirkjusöfnuðinum ekki beint við, er óþarfi að láta þá vitneskju glatast, fyrst hún er fyrir hendi. Við manntal 1916 eru Garðhús auð. Vorið 1917 flytur þangað Halldóra Sigurðardóttir 56 ára, ekkja eftir Tómas Magnússon bónda í Efri-Gengishólum og þá með börnum sínum 3, 15 til 26 ára. „Vinalegt hús, sæmilegt rými, kjallari og hæð." Árið 1921 flytur fjölskyldan að Brandshúsum, selur húsið Sigurði bónda í Háfshól, sem reif það og flutti á vögnum heim til sín. Söluverð var sextánhundruð krónur.

En hver var Runólfur Runólfsson?

Um séra Runólf veit eg alltof litið til þess að það sé á borð berandi fyrir þessa virðulegu samkomu. Þó á ég um hann nokkrar persónulegar minningar, því eg var einn meðal 15 barna, 8 drengir og 7 stúlkur, er sr. Runólfur fermdi vorið 1910, en það var hans fyrsta fermingarathöfn í þessum söfnuði.

> Það fyrsta, sem eg man eru fræðslufundir, sem sr. Runólfur hélt á heimili sínu veturinn sem hann var í Gaulverjabæ, þétt setin stofa og þungt loft, og hlýtur faðir minn að hafa verið með í ferðum. Prestur sagði frá lífskjörum manna Vestanhafs, og það að eg man eftir þessu, byggist á því einu að hann mismælti sig nokkrum sinnum, notaði ensk orð, en Valgerður kona hans var viðstödd og leiðrétti málið. Að lokum var sungið og leiddi prestur sönginn með því að leika á harmoniku.

Séra Runólfur var tæpur meðalmaður á hæð, kvikur á fæti, grannholda, þunnur á vanga og bar sig vel. Hafði grófa skeggrót og gróft yfirskegg. Raddstyrkur var mikill

bæði í ræðu og tóni. Horfði hátt, talaði blaðalaust, flutti mál sitt skörulega og hiklaust, eins og sá sem veit hvað hann er að tala um. Viðræðugóður og fræðandi.

Hann gekk ætið vel til fara, var í svörtum klæðisfötum, jakkinn aðskorinn í mittið og náði niður á mitt læri. Frúin var af líkri hæð, virkjamikil og vel í holdum, búnaðurinn framandlegur.

Ég er ekki fær um að dæma um það hversu samband hans við söfnuðinn, eða kynni, voru náin, þó held eg að hann hafi verið elskaður og virtur, og kirkjusókn var með ágætum. Ég hef um þetta nokkra vissu, því í tvö ár eftir ferminguna fór eg til kirkju hvern helgan dag, og þá jafnan í samfylgd með föður mínum. Svo slitnaði þráðurinn. Ég fór að heiman vetrarlangt, og hugurinn hvarf að öðru.

Með séra Runólfi barst ferskur blær framandi menningar, sem ekki hlaut að öllu leyti hljómgrunn meðal þeirra, er fjær stóðu. Safnaðarfundir byrjuðu með sálmasöng og enduðu með því að lesið var úr ritningunni og faðirvorið að síðustu. Svo var það harmonikan og orðasveimur um tengsl við mormónisma. Ég komst ekki hjá því að heyra skopast að presti, og þó mér félli það illa verð ég að játa að eg var aldrei sá maður að taka svari hans.

Um nágrannaprest, sem óneitanlega höfðu af meiri menntun að státa, held að ekki sé ofsagt, að þeir sýndu séra Runólfi fullkomna fyrirlitningu. Gömul kona úr nágrannasókn óskaði eftir að séra Runólfur talaði yfir sér dauðri. Hann mátti tala af kirkjugólfi, en var neitað um að tala úr kórdyrum. Foreldrar mínir voru þarna viðstödd, hvort um sig að mínu mati, dómbær um það sem þarna fór fram, og voru þau sammála um það að séra Runólfur hefði að fullu haldið sínum hlut.

Ég verð ofurlítið að segja ykkur frá fermingarundirbúningnum. Strax haustið 1909, þegar prestur var sestur að, kallaði hann okkur fyrir sig, börnin sem áttu að fermast þá um vorið og tók að kenna okkur kristin fræði. Við lærðum Helgakver og 12 eða 15 sálma, og auk þess held eg, að hann hafi talað meira og minna um guðspjöllin, einkum dæmisögur Jesú Krists.

Nú var það svo að ég hafði alist upp í þessu sama andrúmslofti, var því ekki með öllu ókunnur. Eg hafði heyrt um möguleika ríks manna til þess að komast í himnaríki og klyfjaðan úlfalda í gengum nálarauga. Þetta var lengi búið að liggja sem þung byrði á huga mínum, það olli mér áhyggjum. Eg þekkti ekki annað nálarauga en úr nálhúsi móður minnar. Klyfjaður úlfaldi. Eg sá enga leið til að. komast í gegn og því er ósvarað ennþá. En mikið létti mér á vordögum 1910 þegar séra Runólfur í spurningatíma sagði okkur að „nálaraugað“ væri hlið á múrvegg Jerúsalemborgar, ætlað gangandi mönnum, sem leið ættu til eða frá Olíufjallinu.

Ég sagði sóknarpresti mínum nýlega frá þessari umþenkingu minni, og litlu síðar fyrrverandi sóknarpresti. Báðir vissu um gönguhliðið, sem nefnt er nálarauga, en hvorugur hafði gert það að umtalsefni.

Séra Runólfur Runólfsson var fæddur 10. júlí 1853. Runólfur faðir hans bjó Stóragerði Vestmannaeyjum, fæddur 22. febrúar 1818 dáinn 20. mars 1894, Magnússon, Níkulássonar í Búðahjáleigu í Landeyjum.

Kona séra Runólfs var Valgerður Níelsdóttir, fædd 27. maí 1847 í Hólmahjáleigu, fluttist með föður sínum til Vestmannaeyja. Valgerður var af Víkingslækjarætt, en um núlifandi frændfólk sr. Runólfs veit eg ekki. Þau hjón sr. Runólfur og Valgerður eignuðust 9 börn og eru 5 þeirra á lífi 1910 öll í Vesturheimi.

Séra Runólfur flytur með fjölskyldu sína til Vesturheims 1881 og sest að í Utah. Hann tók Mormónatrú heima í Vestmannaeyjum, og voru hæg heimatökin um þau fræði, því móðurbróðir Valgerðar Nikulásdóttur var Guðmundur Guðmundsson gullsmiður og Mormónatrúboði þar. Hversu alvarlega sr. Runólfur hefur tekið þessi fræði verður ekki vitað, eða opnuðu þau honum aðeins leið til fyrirheitna landsins sem Vesturheimur óneitanlega var mörgum Íslendingum um þessar mundir? Hitt er vitað að fljótlega eftir að vestur kom yfirgefur hann þau fræði og er orðinn lúterskur prestur eftir rúma 10 ára veru vestra.

Í Vesturíslenskum æviskrám segir um sr. Runólf:

> Runólfur las lúterska guðfræði heima hjá sér í Spanish Fork um þriggja ára tímabil. Var hann yfirheyrður öðru hvoru í þeim fræðum af presti eða biskupi í Pravo City og gekk að lokum undir próf, sem hann mun hafa staðist vel, því hann var vel gefinn, en þótti af sumum ekki fastur í skoðunum. Kunna hin fyrri trúarskipti hans að hafa valdið því áliti. Hann varð lúterskur prestur í Spanish Fork um 1891, en vígður í nóvember 1892 ásamt hinni lútersku kirkju, sem þá hafði nýlega verið reist. Síðar varð hann prestur austur við haf, í New Jersey, vestur við haf í Ballard (Seattle ), heima á Íslandi að Gaulverjabæ í Árnessýslu, við Skjaldborg í Winnipeg og líklega víðar.

Tilvitnun lýkur.

Það er vitað að fæstir. Íslendinganna, sem vestur fluttu á öldinni sem leið báru við belti digra sjóði fjármuna. Hitt er jafn augljóst, að þrennt annað verðmæta fluttu þeir með sér. Í fyrsta lagi manndóm ættstofnsins, í öðru lagi nýja testamentið og í þriðja lagi Passíusálmana. Það varð því næst fyrir hendi, eftir að menn höfðu komið upp þaki yfir höfuð fjölskyldunnar, að sjá fyrir hinum andlegu þörfum. Til þess þurfti andlega sinnaða menn og velviljaða, sem einhverja fræðslu höfðu hlotið í kirkjulegum fræðum, en háskólagengnir menn sjaldnast fyrir hendi þau árin.

Á þessum bylgjufaldi berst sr. Runólfur í fang lútersku kirkjunnar í Vesturheimi, gerist þjónn hennar þar og hér heima í 30 ár eða þar um kring. Þegar heimþráin ber hann aftur að strönd Íslands, seint á árinu 1908, og hann spyr eftir starfi á vegum þjóðkirkjunnar, er biskup svo víðsýnn, sem fram kemur í eftirfarandi bréfi dags. 30.10.1908.

> Það tilkynnist yður hér með vellærður hr. að stjórnarráðið hefur nú eftir tillögum mínum fallist á að prestvígsla yðar, sem þér hafið fengið í Bandaríkjunum í Vesturheimi hjá General Counsil hinnar Evangelísku- Lútersku kirkju þar, skuli metin svo að þér teljist gildur umsækjandi um hina auglýstu prestþjónustu við holdsveikraspítalann í Laugarnesi, er fyrir kunna að koma við spítalann, önnur en hjónavígslur.

Ég veit ekki hvort séra Runólfur sótti um starfið er um ræðir í bréfi biskups, en það er víst að það féll ekki í hans hlut.

Gaulverjabær varð hans hlutskipti eins og lítillega segir frá hér að framan.

Séra Runólfur hefur ekki verið snauður maður, þegar hann bar hér að garði, því hann bíður í heilt ár eftir starfi án þess að vitað sé um tekjustofn. Einn mann vissi eg sækja hann heim í ensku tímum - þá í Gaulverjabæ.

Í áðurnefndri sóknarlýsingu séra Jakobs Árnasonar segir undir Trúrækni : „Fólkið sækir vel kirkjuna, og trúræki fer fram.“ Ég hygg að núverandi sóknarprestur væri reiðubúinn að staðfesta þessa umsögn og bætti þar við samhjálp og félagshyggju. Megi svo verða um ókomin ár.

*Heimildir:*
*Kirkjuritið 1960. Bréfabók biskups 1910.*
*Bréf úr Árnesprófastdæmi-Landsskjalasafn. Húsvitjunarbók Gaulverjabæjarsóknar. Sóknarlýsingar Árnessýslu-Gaulverjabæjarsókn. Prestatal og prófasta.*
*Vestur-Íslenskar æviskrár.*
*Valgeir Sigurðsson, Þingskálum*
*Ingjaldur Tómasson frá Efri-Gegnishólum. Elín Jóhannsdóttir, Baugstöðum.*
*Ólafur Gunnarsson, Baugstöðum. Gjörðabók fríkirkjusafnaðarins.*
*Reikningshald fríkirkjusafnaðarins*

# Síðustu tímar áraskipa í Þorlákshöfn

*Flutt í Þorlákshöfn 29. jú/í 1976*

Virðulega samkoma!

Þess hefur verið farið á leit við mig að eg segði nokkur orð, sem nefna mætti „upprifjun frá síðustu tímum áraskipanna í Þorlákshöfn", eða eitthvað annað í þeim skilningi. Nú er mér sjálfum vel ljóst að ég hef ekki frá miklu að segja, ég var hér aðeins tvær vertíðir, það er 1918 og 1919, en þar sem þetta eru síðustu vertíðirnar sem hægt er að tala um sem áraskipa útgerð stóð hér með fullri reisn miðað við það sem best var áður, og ég er einn af tiltölulega fáum mönnum sem eftir eru þeirra er þarna komu við sögu, þótti mér leitt að færast með öllu undan þessu verkefni þó ég viti að aðrir hefðu verið betur til þess fallnir.

Um útgerð og sjómennsku almennt eru til geysimiklar bókmennti á íslensku, bæði sem sagnfræði og í skáldsöguformi. En þegar um Þorlákshöfn eina er að ræða, þá eru ekki ýkja miklar heimildir. Langsamlega drýgstur er þar Sigurður Þorsteinsson frá Flóagafli sem ritaði bókina Þorlákshöfn með undirtitli "Á sjó og landi", og kom bók þessi út 1938 og árið eftir „Endurminningar Jóns frá Hlíðarenda" með viðauka sem var fram til ársins 1918.

Nú er mér ekki ætlað að tala um annað en árin tvö, sem ég var hér, og frjáls að því að víkja að því sem á eftir fór. Þó kann svo að fara að mér henti að víkja að einhverju í áðurnefndum bókum, og bið eg þá velvirðingar á því ef eg tala um það sem búið er að víkja að áður hér í dag.

Samkvæmt Alþingissamþykkt frá árinu 1700 skal vetrarvertíð byrja á Kyndilmessu sem er nálægt miðjum Þorra, og kallar almanakið þetta byrjun vetrarvertíðar. En Jón á Hlíðarenda telur að í Þorlákshöfn hafi vertíð byrjað í fyrstu viku Góu og hefur þá staðið í 12 vikur eða 84 daga og kemur það heim við það sem eg tel mig muna, að við höfum komið hingað í fyrstu viku Góu bæði þessi umræddu ár. Ég réri hjá Guðfinni Þórarinssyni frá Eyri á Eyrarbakka, skipið tókum við þar og gat það skipt einhverjum dögum „leiði" væri, sem kallað var. „Færurnar" hafði maður með sér, en það var hey í poka til að láta undir í rúmið, sem var grjótbálkur með einu borði frama við festu á stoðir sem voru milli hverra rúma, en búðirnar voru fjögurra rúma lengd, og að auki nestisskrína, fatnaður og sjóklæði.

Greinarbesta lýsing á sjóbúðum eins og þær munu hafa verið frá fyrstu tíð, og ég hef séð, er að finna í ritgerð Odds Oddssonar frá Regin á Eyrarbakka, er birtist í Eimreiðinni[12] 1923 og ber yfirskriftina „ Íverinu 1880 - 90“ -endurprentað í safnriti sama höfundar er út korn 1941 og heitir „Sagnir og Þjóðhættir“. Oddur lýsir kofum þessum mjög nákvæmlega, tilfærir öll mál í álnum og lýsir yfirgerðinni, sem hann kallar eldri gerð „dvergbygging“ og fer ég ekki nánar út í það. Veggir voru að mestu úr grjóti, en þakið úr torfi og vildi leka. Ég hafði kynnst þessum vistarverum áður, því árin tvö þegar ég var á 16. og 17. ári réri ég á Stokkseyri og bjó þá í svona kofa, svonefndri „Lárubúð“ hriplekum torfkofa svo menn héldust ekki við í bælunum þegar rigning var. Ég var þarna í rúmi með föður mínum og varð hann sér úti um járnplötur sem hann festi innan á þekjuna og veitti þannig vatninu niður í bálkinn úti við vegg.

Þegar ég kom í Þorlákshöfn 1918 eru þetta miklu betri hús, steyptir veggir, bárujárn á þaki og þiljað innan þakið, tvennar hurðir fyrir útidyrum með nálægt meters millibili, túður á stöfnum til loftræstingar. En heldur var aðkoman köld, þó hlýnaði þegar allir voru sestir að (15-16 menn) og þarna leið manni vel.

Nú var að búa um sig. Ég var í ysta rúmi til hægri þegar inn var gengið - gengt formanni, sem alltaf var í ysta rúmi til vinstri. Byrjað var á því að koma skrínunum fyrir upp við vegg, síðan var heyið jafnað um bálkinn og tvær ullarrekkjuvoðir breiddar yfir.

Tveir menn voru í hverju rúmi, kallaðir „lagsmenn” og mun orðið „lagsi” þaðan komið. Menn sváfu andfætis, það er: snéru höfði sitt að hvorum gafli, og ef snéru bökum saman og drógu hnén inn að sér, hét það að skrúfa sig saman og höfðu þá hlýju hvor af öðrum - var notalegt. Við munum hafa haft tvö rúmteppi ofan á okkur, en maður fór aldrei úr öðru en ystu klæðum. Skinnklæðin voru hengd á á stoðina við höfðalagið. Áður en maður fór að sofa fyrsta kvöldið varð að fá sér bita eftir langan og erfiðan dag, og þá var skrínan opnuð fyrsta sinni. Til eru skráðar heimildir um „mötu” sjómanna, eða hvernig þeir áttu að vera heimanbúnir með mat. Fer ég ekki útí það nema um eigin heimanbúnað og matbú mitt.

Mér virðist sem verskrínan hafi verið af stærðinni sem svara til 80 lítrum. Undirbúningur „mötu” byrjaði þegar í sláturtíð. Þá var fall af gömlum sauð tekið til sér suðu í stórum stykkjum, soðið það lengi að hægt var að draga beinin útúr stykkjunum án þess að þau losnuðu sundur, síðan var þessu þjappað niður í ca. 2/3 hluta skrínumar, eitthvað saltað og allt flot sem af kjötinu rann var jafnað með, þjappað sem best saman áður en þetta kólnaði til fulls, tólg síðan rennt yfir. Þetta hét „stykkjakæfa” eða „smáki”, geymdist mjög vel og var hið mesta lostæti. Síðan voru 2 fjórðungar af smjöri hnoðaðir niður í hinn enda skrínunnar. Lítið eða ósaltað smjör sem ekki er geymt í kæli hefur þann eiginleika að það súrnar. Þeir sem alist hafa upp við að éta súrt smér telja það betra en nýtt og það er drýgra - menn éta minna af því.

---

[12] http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000559702



Sigurgrímur Jónsson

Lefolíverslunin á Eyrarbakka rak bakarí og byrjaði umáramót að baka rúgbrauð á lager handa vermönnum. Þau voru af tvöfaldri stærð við það sem nú gerist og var reiknað með einu brauði á mann til vikunnar - sumir þurftu 1 1/2 brauð til að vera sæmilega haldnir. Kaffi og sykur hafði ég eftir þörfum. Enginn heitur matur var framreiddur, aldrei soðin fiskur. Þetta hét „skrínukostur". Um páska fór ég heim og kom þá með byrði mína af viðbótar mat - sælgæti. Angandi pottbrauð, flatkökur, hangiket og nýtt smjör. Formaðurinn kíkti í skrínu mína og sagði að eg lifði í óhófi. En ekki gátu allir skipsfélagar mínir veitt sér að lifa í óhófi, og má vera að einn og einn biti hafi af sumum þeirra verið vel þeginn.

En nóg um matinn í bili-

Nú er að snúa sér að vinnunni. Eingöngu voru notuð þorskanet við veiðarnar og hafði hverjum háseta verið gert að hnýta 3-4 netaslöngur - bómullargarn, 15-16 möskva djúp net, og var nú farið að fella, gera utanum kúlur, hanka í kúlur og steina, stanga færi og útbúa dufl - allt vinna í sama formi og tíðkast í dag. Vertíðin taldist ágæt, ég held að mér sé óhætt að telja 600 í hlut, en skipt var í 22 staði, en það eru 13.200 fiskar ef rétt er munað. Það var með ólíkindum hvað lánsamir við vorum um aflabrögð þessa vertíð. Það kom fyrir hvað eftir annað að Guðfinnur lagði þar sem annar var að taka upp vegna fiskitregðu, en hann fékk ágætan afla næsta dag. Þegar útá leið og farið var að sækja í Forir og allt vestur á Heiðarbrún, þóttir mér nóg um að sigla í þægilegum norðaustan kalda og geta búist við mótvindi heim að kvöldi, en stundum var sólfarsvindur og þá siglt báðar leiðir. Annars minnir mig að þetta væri tveggja tíma róður í logni.

Á þessum slóðum er oftast vesturfall, þó sá ég belgi við færi sem lá til austurs. Vegna vesturfallsins var alltaf lagt frá austri til vesturs og byrjað að draga vesturenda. Á austurenda voru tvö færi, uppistaða frá belg að dreka - og botnfæri frá dreka til neta og var þungur steinn nálægt nethálsi. Þetta botnfæri hafði það gildi að ekki þurfti að draga úr botni ef ekki átti að færa trossuna og varð því að svara vel til sjávardýpis. Á djúpu vatni, 60- 70 föðmum, er netadráttur nokkuð þungur í sléttum sjó, en væri undiralda vann maður sér þetta létt, stoppaði við á rellunni um leið og aldan reið undir skipið, en dró svo slakann með hraði þegar skipið seig niður í næsta öldudal. Hvert skip hafi þrjár trossur og voru 12-14 net í hverri trossu, 15-16 möskva, eins og áður sagði - barkinn rúmaði ekki meira af netum. Þá voru oft 3 og 4 fiskar samtímis á rúllunni og 120 fiskar í hverjum drætti.

Áralag var tvennskonar eftir veðri. Í logni var hægur og langur áraburður, seilst eins langt fram og hægt var, tekið vel í um leið og árinni var dýpt í, en þó einkum hnykkt vel á um leið og áratoginu lauk og var kallað að það laussað róðurinn meðan árin var borin fram aftur. Í mótvindi eða straumi var áraburður hraður og aðeins gefið eitt högg í sjóinn - snöggt átak.

Fyrir kom að skipshafnir lentu í kappróðri, þótti leitt að sjá annan renna framhjá, en þar réð mannsaflið og svo voru skip misslétt undir árum. Annan kappróður man eg betur. Í logni og á heimleið átti formaðurinn það til að kippa stýrinu frá gekk sjálfur í róður og voru þá tveir til að hvíla, maður á hvort borð, því yfirleitt var einn yfirskips sem hvíldi menn til skiptis.

Nú var komin hörku kappróður milli borða og leyndi sér þá ekki hvar bestu ræðararnir voru á skipinu því þegar þeir fóru í hvíld tók að halla á þeirra borð, en þeir réttu stefnuna strax þegar þeir tóku aftur við árinni. Ekkert var sagt, allir sáu hvað gerðist.

Ég ætla að segja ykkur frá einum róðri. Það hefur verið nokkuð snemma vertíðar því enn voru netalagnir hér fram af Hafnarnesi, en líka áttu menn trossur vestur í sjó, um Keflavík eða vestar. Þungbúið loft var þennan morgun og nokkur vindur af suðri. Allir

fóru í netin hér framundan og voru skipin dreifð um allan sjó. Vindur fór vaxandi og tók eg eftir því að skipin fóru að halda til hafnar eftir því sem lauk drætti fyrstu trossu. Þegar við höfðum lokið við okkar trossu kallaði formaður „setið upp staurinn" og var nú sigldur ljúfur byr vestur í sjó og þar tekið dufl að trossu sem við áttum, og farið að draga. Munum við hafa verið hálfnaðir með 3ja net þegar kominn var ódrægur sjór. Var þá netum hleypt niður og tekið til við róður. Held eg að lítið hafi gengið framan af, en nú kom mótorbátur frá Stokkseyri, sem verið hafði að draga net eitthvað vestar, var okkur réttur spotti, sem austanmenn, það er frá Eyrarbakka og Stokkseyri voru alltaf mjög fúsir að gera. Nú, við rérum undir þó nú væri vélaraflið sem réð ferðinni en fljótlega var báran orðin það kröpp að árar urðu ekki varðar á kulborða og voru þær því lagðar inn, en við rérum áfram til hlés, skiptust á til að halda á okkur hita. Þegar við vorum lausir við Hafnarnes var bandinu sleppt og við liðum þöndum seglum til rólegrar heimavarar. Þegar komið var úr róðri var fiskur seilaður.

Formaður sat í skut með langan stjaka og sá um að skipinu slægi ekki flötu en skiphaldsmenn fóru útbyrðis og héldu við skipið. Að jafnaði var það létt verk, en með háum sjó gat þetta verið mikið átaka og ábyrgðar starf, ef dráttur var í vörinni, enda jafnan valdir í þetta hinir færustu menn. Þegar búið var að seila var skipið dregið upp. Á þessum tíma var áreiðanlega komið þarna frumstætt spil, mikill sívalningur sem vírstrengur frá skipinu vafðist utanum, en 4 stangir 2-3 m. langar gengu út úr þessu ofantil og gekk mannskapur á þær og ýtti svo allt snérist í hring - hringekja. Tveir menn studdu skipið svo það. stæði á réttum kili. Allur fiskur var borinn upp á aðgerðarvöll á bakinu. Framámenn færðu af seilisólum yfir á burðarólar 8-10 fiskar í ferð, og væri lent með lágum sjó var þetta langur vegur. Sameiginleg aðgerð og söltun, því fiskur var seldur hálfverkaður. Versta verkið hefur líklega verið að bera saltið, en þá fór maður létt með 100 kílóin. Að söltun lokinni var hausum skipt og tóku lagsmenn „kast" saman, rifu tálknið frá vinstra megin þvoðu og breiddu síðan til þerris. Allan sjó til þvotta varð að bera upp á skiptavöll. Að verki loknu þvoði maður sjóvettlingana úr sjó, sprengdi í þá þorskgall, en það freyddi eins og sápa þegar vettlingarnir voru lamdir við klöppina og var þetta besti þvottur. Nú var gengið til búðar og matast.

Sigurður frá Flóagafli segir að menn hafi haft nesti á sjó. Það var ekki á þessu skipi. Eg veit ekkert um hvort þetta var vani eða hjátrú, spurði einskis. En eg var ekki meiri bógur en það að ég var máttlaus af hungri, eftir að hafa verið á sjó allan daginn og síðan í aðgerð, því venjulega borðaði ég lítið að morgni.

Fljótlega tók eg með mér nesti. Ég var á öftustu þóftu og því í talfæri við formann, og þegar ég fyrst tók upp nesti mitt spurði hann „ertu soltinn". Ég játaði því og var þetta ekki rætt meira. En það liðu ekki margir dagar þar til öll skipshöfnin var komin með nesti - nema formaður, hann sást aldrei taka bita.

Á þessum tíma var lifrin ekki brædd í Þorlákshöfn, en safnað í tunnur eða kagga sem stóðu að baki saltbirgis. Þar aðskildist fitan og hamsarnir af sjálfu sér, hamsarnir set-

tust á botninn og var nefndur grútur, en lýsið flaut ofan á og nefnt hrálýsi. Þetta hét að „grýta" lifrina. Þótti heilsusamlegt til matar ( í inntöku og bræðing) var dökkt og bragðmikið. Ég átti öðuskel í veggjarholu hjá lýsisköggunum og þegar ég kom upp með fyrstu fiskbyrðina fór ég að kofabaki og fékk mér skel af lýsi. Um lokin fékk ég í minn hlut tvö 40 l. anker af lýsi og þótti það góður fengur til heimilisnota.

Ég hef borið mig saman við þrjá menn sem voru í Þorlákshöfn vertíðina 1918, þá Ásmund Eiríksson á Háeyri, Eyrarbakka, Kristinn Vigfússon trésmíðameistara á Selfossi og Guðmund Jónsson, bónda í Eyði-Sandvík. Við erum sammála um að þessa vertíð hafi gengið 30 skip úr þessari lífhöfn Suðurlands, gætu hafa verið 32. Þarna eru því samankomnir 450-480 manns, blóminn úr samtíðarmönnum þriggja sýslna. Það voru Vestanheiðarmenn, Árnesingar og Rangæingar - en til sjóróðra í Þorlákshöfn völdust ekki nema vaskir menn, að fáeinum eldri mönnum meðtöldum - ég held úr allra næsta nágrenni.

Formenn voru þessir:

Bjarni Grímsson, Stokkseyri
Gísli Gíslason, Hjalla.
Gísli, silfursmiður, Gíslason, Rvík.
Gísli Jónsson, Þorlákshöfn
Guðbjörn Gíslason frá Miðdal, bóndi í Hagavík í Grafningi.
Guðfinnur Þórarinsson, Eyri, Eyrarbakka.
Gunnar Hjörleifsson, Litlu-Háeyri, Eyrarbakka
Halldór Magnússon, Litlalandi.
Ívar Geirsson, Sölkutóft.
Jóhann Gíslason, Hofi, Eyrarbakka.
Jóhann Guðmundsson, Gamla Hrauni.
Jón Einarsson, Vöðlakoti.
Jón Eyvinds, frá Skúmsstöðum, Eyrarbakka.
Jón yngri Jónsson, Hlíðarenda.
Jón Jónsson, Norðurkoti Eyrarbakka.
Jón Ólafsson, Foki.
Kristinn Eyjólfsson Bakkárholti.
Kristinn Vigfússon, Eyrarbakka.
Kristinn Þórarinsson, Neistakoti.
Magnús Jónsson, Hlíðarenda
Magnús Jónsson, Hrauni.
Magnús Þorsteinsson, Eyvindartungu.
Ólafur Jónsson, Þorlákshöfn.
Páll Grímsson, Nesi.
Sigurður Ísleifsson Eyrarbakka.
Sigurður Steindórsson, Hjalla.

Tómas Vigfússon, Garðbæ, Eyrarbakka.
Þórarinn Einarsson, Stígprýði, Eyrarbakka.
Þorkell Þorkelsson, Eyrarbakka.

Ekki man ég hvað marga róðra við fórum, en eftir afla hljóta þeir að hafa verið nokkuð margir. Jón á Hlíðarenda segir að á 46 vertíðum hans hafi róðrar orðið flestir 47 en fæstir 17, sama heimild segir að afli hafi orðið mestur 1320 fiskar en minnstur 78 fiskar í hlut, sú saga sýnir að ekki var alveg á vísan að róa með þetta fremur en annað fyrr og síðar.

Eitt skipanna sem gekk þessa vertíð hlaut viðurnefni eða kenningarheiti. Það var nefnt „prestaskip". Magnús Þorsteinsson frá Eyvindartungu hafði keypt skip Jóns á Hlíðarenda sem þá hætti formennsku 68 ára að aldri. Magnús réð til sín unga menn, harðsnúið lið, og farnaðist honum mjög vel. Í liði Magnúsar voru þrír prestssynir og var það tilefni nafngiftarinnar. Piltarnir voru: Stefán Ólafsson frá Kálfholti, Þorvarður Ólafsson frá Arnarbæli og Gísli Gíslason frá Stórahrauni. Þetta er til gamans sagt og sýnir „húmorinn" sem ríkti - gleðina.

Einu sinni munaði minnstu að ég yrði mér til skammar. Klukkan mun hafa verið farin að ganga 11, ég var ekki farin að klæða mig, var í hrókasamræðum við félaga mína og naut lífsins en félagarnir sátu hver á sínu rúmi, og það boðaði sitt, ef ég hefði veitt því athygli - en það voru „vomur". Þá snarast formaður inn og grípur sjóklæðin - eða böslin, eins og það líka hét. Þá var eg fljótur að taka við mér, og þegar ég fór út úr búðinni, kominn í brók og með sjóskó á fótum, en skinnstakkinn á handleggnum, þá voru þrír félaganna eftir í búðinni. Ég gekk hvatlega til skips, og þegar við vorum vel komnir á flot leit formaðurinn við mér, hló, og sagði: „Andskoti varst fljótur."


Það ríkti mikil eindrægni og góður félagsandi með hverri skipshöfn, einkum urðu náin félagstengsl með lagsmönnum. Öll var veiðistöðin samfélag einlægni, kapps um að gera sitt besta í starfi og vildu sóma staðarins sem mestan.

Eitt óhapp varð þarna, þó til þess væri stofnað í leik. Hópur Suðurvararbúa kom í halarófu á slóðir okkar í Norðurvör. Fyrirliðinn veifaði bandi og sagði „má bjóða ykkur að taka í spottann". Þetta var áskorun í reiptog. Ekki stóð á okkur og fengum við strax nóg svigrúm á línunni. Þetta var tvöfaldur, dreginn, netateinn og rann hann í sundur eins og loðband væri. Var nú strax útvegað annað band og mun Gísli silfursmiður hafa lagt til nýtt færi handa „drengjunum að reyna sig á" og var það einnig lagt tvöfalt. Ég man ekki hvort þeirrar sjálfsögðu reglu var gætt að jafnmargir menn væru á hvorum enda, en það var Norður-og Suðurvör, sem tókust á. Norðurvör veitt strax betur, enda var halli á landinu þeim í hag. Þarna var lægð innan við sjávarbakkann og all skörp brún á bakkanum. Norðurvör neytti þeirrar aðstöðu að fara ofan í lautina og dróst þá bandið ofan í brekkubrúnina. Einhverjir höfðu tekið um annan þáttinn en nú var kaðallinn svo strengdur að þeir gátu ekki losað hendurnar og hlutu tjón af, sumir varanlegt. Einhver smá samskot fóru fram til stuðnings 1- 2 þeirra er verst urðu úti, en

þetta var leiðindaatvik sem ekki þurfti að koma fyrir ef full aðgát hefði verið höfð, en það var stofnað til leiks í fljótræði og án aðgæslu.

Á þessum tíma var engin hreinlætisaðstaða í Þorlákshöfn og urðu menn að leita út í náttúruna með þarfir sínar.

Að sjálfsögðu voru menn með mismunandi áhugamál og hugsjónir. Við sem yngri vorum drógust hver að öðrum og í smáhópa. Þorleifur bóndi Guðmundsson var okkur ákaflega góður og naut sín með yngri mönnum. Í stofu hans var ágætt orgel, en í hópi sjómanna var einn ágætur organisti, Þorsteinn Þorsteinsson frá Eyvindartungu. Þorleifur leyfði okkur umgang um hús sitt og afnot af orgelinu. Þarna dróst að nokkur hópur söngglaðra manna, Þorsteinn spilaði og Þorvaldur Ólafsson, frá því mikla tónlistarheimili, Arnarbæli, stjórnaði söngnum. Undum við langtímum saman þarna í stofu Þorleifs og sungum ættjarðarlög.



Á vertíð í Þorlákshöfn 1917-til vinstri - Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Sigurgrímur Jónsson.

Þá var í hópnum sjálfkjörinn leiðtogi ungra manna, listamaðurinn og mannvinurinn Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Guðmundur var fæddur 1895 og hafði þegar þetta var ferðast tvo vetur um Suðurland sem fyrirlesari og íþróttakennari á vegum Ungmennafélaganna. Þorleifur hafði ráð á húsnæði sem ekki var fyrirstaða á að fá til leikfimiæfinga undir stjórn Guðmundar Einarssonar og var all stór hópur manna, sem notfærði sér þetta og að lokinni hverri æfingu hafði Guðmundur eitthvað gott að segja, mannbætandi og fræðandi - hvatning til ungra manna í anda aldamótaljóðanna sem enn voru á hvers manns vörum.

Aðfararnótt sumardagsins fyrsta vorum við fjórir að slæpast úti um lágnættið, fórum úr hverri spjör og steyptum okkur fram af Hellunum og syntum á næsta tanga. Ég veit ekki hversu viturlegt þetta var, en við vorum allir sæmilega syndir og höfðum þetta á valdi okkar - enda ekki langt sund, en góð hressing. -

Ekki var margt um kvenfólk í „verinu". Tvær stúlkur munu hafa verið á heimili Þorleifs, svo komu systurnar í Arnarbæli, Vigdís og Lovísa, einhverntíma í heimsókn. Einhverjum okkar tókst, seint um kvöldið, að lokka þær í göngutúr, en Þorleifur var húsbóndi á sínu heimili, kallaði til kvenna sinna og sagði að kominn væri háttatími.

Lítið bókasafn var þarna, líklega á vegum Árnessýslu. Hafði eg einhver afskipti af útlánum bóka frá því. Í viðauka Sigurðar Þorsteinssonar við endurminningar Jóns á Hlíðarenda - árin 1907 - 18 - getur hann um málfundarfélag sem stofnað var 1. apríl 1913 með 85 félögum og starfar enn 1918 - bls. 103- 106. Hann nafngreindi þarna marga menn sem tóku þátt í þessu félagslífi, og er ég einn af þeim. Þessu er ég búinn að gleyma, en Sigurður hefur örugga heimild, því hann sá gjörðabók félagsins hjá Hermanni í Gerðakoti og gæti hún verið til enn.
Í viðauka Sigurðar eru birtar nokkrar myndir af skipshöfnum frá þessum tíma. Sigurður getur ekki um hver hafi tekið myndirnar. En ég man eftir dönskum manni við myndatöku 1918, þá búsettur á Eyrarbakka, en flutti síðar til Ísafjarðar og ílentist þar, fjölhæfur maður og listfengur. Ég tel að þessi maður hafi borið nafnið Simson.

Guðmundur í Eyði-Sandvík segir mér að nafni hans frá Miðdal hafi fengist við að teikna sjóbúðirnar. Þetta er trúlega rétt hjá Guðmundi, því að um þessar mundir er Guðmundur Einarsson að leggja út á listamannabrautina og munu myndirnar vera til enn.

Að taka sig upp um lokin var feikna fyrirtæki. Allt þurfti að binda í bagga og var skreiðin þar fyrirferðarmest. Síðan að bera allt niður í skip sem nú varð svo yfirfullt að áraburði varð ekki við komið og var fenginn mótorbátur frá Eyrarbakka og dró hann tvö skip austur. Þar með með var fengsælli vertíð ársins 1918 lokið.

Um vertíðina 1919 er í rauninni ekkert að segja.Vinna og mannlíf var allt það sama, en fiskur var lítill.

Það mun hafa verið gamall siður að formenn föluðu háseta á sumardaginn fyrsta. Það gerði Guðfinnur Þórarinsson lík að þessu sinni, og það upphátt yfir allan hópinn. Mér heyrðust undirtektir litlar, að minnstakosti þagði ég.

Ég játa að það var óhreinskilni, kannski ódrengskapur að segja ekki hreint til að maður ætlaði að breyta til. Og síðar komst ég að því að formaður taldi sig hafa verið blekktan, hann tók þögn sem samþykki. En þarna urðu vertíðarlok í víðri merkingu.

Þarna lauk hinni eiginlegu áraskipa útgerð í Þorlákshöfn og sögu staðarins sem stór útgerðarstaðar lauk um sinn.

Það tók nýjan tíma 30-40 ár að festa hér rætur svo öruggt væri. Og nú þegar þið minnist 25 ára landnáms í nýjum stíl, hlýt eg að óska ykkur hjartanlega til hamingju, og kæmi mér ekki á óvart þó að hér yrði 2000 manna byggð um næstu aldamót.

Eigi ég að svara með einu orði hvernig stóð á þessari byltingu, hlýt eg að svara: það voru vélbátarnir. Við þoldum ekki að horfa á þá renna framhjá þegar við vorum að baxa á árum. Ný öld var gengin í garð.

# Skólahald á Stokkseyri

*Flutt á 100 ára af mæli skólans 17. október 1978*

Virðulega samkoma.

Þegar við nú komum saman í tilefni þess að 100 ár eru í dag liðin frá því að fyrst var settur hér barnaskóli með sérráðnum kennara sem ekki átti öðrum störfum að gegna, þá er vert að minnast þess að skólahald í Stokkseyrarhreppi á sér drjúgum lengri sögu. Verður þá ekki komist hjá því að rifja upp að til forna náði Stokkseyrarhreppur yfir allmiklu stærra landssvæði en hann nú gerir og voru austurmörkin við sjó hin sömu og enn eru í gildi, það er: Baugsstaðasíki, með Baugsstöðum sem austasta býli við sjó, en vesturmörkin voru Ölfusárós, með Óseyrarnes sem vestasta býli hreppsins. Í fornum ritum er svæði þetta nefnt „Á Eyrum" og ýmsir ætla að jafnvel allt svæðið milli Ölfusár og Þjórsár hafi átt samheitið „Á Eyru" en uppsveitarmenn munu snemma hafa nefnt þetta „Bakkann" og þar með sjávarbakkann íhuga samanber algengt orðalag „að fara niður á Bakka". Staðfesting á því að íbúar Stokkseyrarhrepps sjálfir hafi notað orðið „Bakki" sem samheiti á byggðirnar á Ströndinni hefur varðveist í fundargjörð um skólamál frá 12. janúar 1851, en þar segir:

> voru allir á því að skólinn væri haldinn á tveim stöðum, nefnilega fyrir vestan Hraunsá á Útbakkanum og önnur deild hans væri á Stokkseyri.[13]

Það leiðir af sjálfu sér að fyrst að til var „Útbakki" þá hefur líka verið til „Austurbakki". „Bakkinn" var viðurkennt samheiti á byggðinni allri og er þá að víkja að skólamálum um sinn, þó að síðar verði ekki hjá komist að ræða lítillega önnur málefni sveitarfálagsins. Þegar ég ræði um skólamál í Stokkeyrarhreppi styðst eg að mestu við hið ágæta heimildarrit Dr. Guðna Jónssonar prófessors, Stokkskeyringasaga 2. Bls. 126 -152.

Svo er að sjá að séra Páll Ingimundarson prestur í Gaulverjabæ, hafi á árunum 1845-1848 verið aðal hvatamaður um barnafræðslu og stofnun skólahalds í sóknum sínum, en Stokkseyri er á þeim tíma annexía frá Gaulverjabæ og kirkja ekki byggð á Eyrarbakka fyrr en 1890-1892. Séra Páll safnar um sig hópi velviljaðra mann sem hrifust af hvatningar orðum sálusorgara síns, stofnuðu til sjóðsmyndunar og gengust fyrir frjálsum framlögum svo að í janúar 1851 eru handbærir 400 ríkisdalir „og mun hvert heimili í hreppnum hafa tekið þátt í þeim" (samskotum) en tilnefndir eru með stærstu framlögin hreppstjórarnir Adólf Petersen með 60 ríkisdali og Þorleifur Kolbeinsson með 40 ríkisdali. Margir ágætir menn aðrir eru nafngreindir sem stuðningsmenn að þessu velferðarmáli sveitarfélagsins en ekki eru nafngreindir menn búsettir austan Hraunsár fyrr en 1890-94 að Jónas Pálsson á Syðra-Seli er kosinn í stjórnarnefnd skólans og 1894-1897 að Hannes Jónsson í Roðgúl er kosinn í þess sömu stjórnarnefnd barnaskólans í Stokkseyrarhreppi.

---

[13] Dr. Guðni Jónsson Stokkseyringasaga 2, bls. 131.

Það var áhugamannafélag sem að stofnun skólans stóð, lagði fram og safnaði fé til skólahaldsins, en ekki var um opinbert framlag að ræða að svo komnu. Hinsvegar vænti nefnd sú er forgöngu hafði fyrir máli þessu „að hvert heimili í hreppnum léti af hendi rakna vissa fjárhæð, um 70 skildinga til skólahalds árlega, og jafnvel munu þeir hafa farið fram á , að allur kostnaður við skólahaldið yrði greiddur úr hreppssjóði". En hér fór sem oftar um ýmis mál er til heilla horfa almenningi, að skattgreiðendum leist ekki á blikuna og tóku sig saman 41 talsins, „sömdu mótmælaskjal hinn 16. apríl 1851 og birtu í Nýjum félagsritum[14]. Þar er skólastofnunni harðlega mótmælt og sérstaklega því, ef sveitarsjóður yrði að bera kostnaðinn". Samt varð skólastarfið að veruleika og „Eyrarbakkadeild hins nýja skóla tók til starf 25. október 1852".

Um stofndag Stokkseyrar-deildarinnar er ekki kunnugt. Á Eyrarbakka starfaði skólinn frá upphafi í sérstöku húsi, sem var eign hans sjálfs, en á Stokkseyri var ráðgert að hann fengi húsnæði á leigu. Gert var ráð fyrir að skólinn starfaði 3-7 mánuði ár hvert og voru námsgreinar: lestur, skrift, réttritun, landafræði, mannkynssaga, danska og kristin fræði. Þar sem skólinn naut ekki opinbers framlags varð að taka skólagjald og foreldrum þeirra barna er kennslu nutu, þó var það ekki fortakslaust, ef um fátæklinga var að ræða. Í þvílíkum tilfellum var hreppstjóranum gert að sjá um greiðsluna úr hreppssjóði, en „ómargir foreldrar munu hafa litið á slíkt sem ölmusu og kosið heldur að láta börn sín ekki fara í skóla". Ekki var skólastarfið samfellt öll árin, ýmist skólatími styttur og þrjú eða fjögur ár kennsla með öllu felld niður „sérílagi vegna örbirgðar fólks á þessu harðæri" (1868- 69) sem meðal annars orsakaði það að fólk ekki gat kostað börn sín í skóla. En skólaskylda var vitanlega engin en 1876 og eftir það, naut skólinn nokkurs styrks 200-300 kr. á ári og fór þá að rakna úr með fjármál þessarar merku stofnunar.

Það sem síðar gerðist í skólamálum Stokkseyrarhrepps hins forna, og til stórtíðinda má telja, gerðist á sameiginlegum fundi skólanefndar og sveitarstjórnar á skírdag - hinn 7. apríl 1887, og gef eg nú Dr. Guðna Jónssyni orðið:

> Samkvæmt bréflegri tillögu hreppsnefndaroddvitans, Einars Jónssonar borgara á Eyrarbakka, var ákveðið, að sveitarstjórnin skyldi hafa umráð með fjármálum skólans framvegis og oddviti vera sjálfkjörin gjaldkeri hans. Þar með var skólinn orðin opinber stofnun á vegum hreppsfélagsins í heild og framtíð hans tryggð að fullu.

Margir ágætir menn komu við sögu um uppbyggingu og forsjá skólans, en lengst virðist hafa notið við þeirra séra Páls Ingimundarsonar í Gaulverjabæ, Guðmundar Thorgrímssonar verslunarstjóra Eyrarbakka og Þorleifs Kolbeinssonar kaupmanns og hreppsstjóra á Stóru-Háeyri.

---

[14] http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2017194
[Talað er um þessari grein að birst hafi grein í blaðinu „Bóndi" sem út kom á sama tíma. Hér er teingin í þá grein; Bjarki].
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2035374

Á bls. 126 í Stokkseyringasögu ritar Dr. Guðni Jónsson þannig:

> Allt frá því er skólahald hófst í Stokkseyrarhreppi hinum forna árið 1852 og þangað til hreppnum var skipt árið 1897, starfaði barnaskóli þar á tveim stöðum, önnur deildin á Eyrarbakka, en hin á Stokkseyri, og eru núverandi barnaskólar á þessum stöðum beint framhald af þeim. En þó að deildirnar væru tvær, áður en hreppnum var skipt, töldust þær þó báðar einn og sami skóli enda lutu þær sömu stjórn, höfðu sameiginlegan fjárhag og meira að segja sama kennarann lengi framanaf.

Erum við þá komin að deginum í dag, 17. október 1978 og tilefni þess að við erum hér samankomin. Í fundargerð skólanefndar barnaskólans í Stokkseyrarhreppi hinum forna, þann 1. nóvember 1878 segir svo:

> Ísleifur Vernharðsson er af nefndinni fenginn til að kenna börnum í vetur í Stokkseyrardeildinni. Var skólinn þar settur af sóknarprestinum með ræðu þann 17. október 1878, eftir að þau 16 börn, sem í hann gengu, höfðu verið yfirheyrð í bóklestri og þeim raðað.

Um þetta segir Dr. Guðni Jónsson:


> Þetta er í fyrsta sinn sem skóli er settur á Stokkseyri og sérstakur kennari ráðinn til hans. Er því 17. október 1878 réttur stofndagur barnaskólans á Stokkseyri, sem nú heitir Barna-og unglingaskóli Stokkseyrar og átti 80 ára afmæli á því ári, sem þessi þáttur var ritaður.

En í dag 17. október 1978, starfar þessi skóli eftir breyttum lögum og heitir nú Grunnskóli Stokkseyrar, og aftur hefur verið tekið upp nokkurt samstarf um skólahald á milli hinna gömlu sveitunga, þar sem vissir aldurshópar barna eru fluttir milli skólanna, sitt á hvort, til að fylla í samstæða bekki þar sem annars væru of fáir nemendur. Fer vel á þessu, og mætti boða meira samstarf síðar. -

Ísleifur Vernharðsson kenndi hér 5 vetur og tók þá við skólanum Bjarni Pálsson í Götu og var þar kennari í 4 ár, 1883-1887, en hann féll frá það ár. Þá tók við Jón Pálsson yngri, bróðir Bjarna, og kenndi einnig í 4 ár, 1887 - 1891, en síðan tekur við skólanum Guðmundur Sæmundsson í Rauðarhól og síðar í Bræðraborg. Kenndi hann lengst allra manna við þennan skóla, eða alls í 26 ár 1891 til 1917. Það yrði of langt mál að geta um alla kennara sem hér hafa starfað og vitað er um, en í þeim hópi er margt ágætra skólamanna þó ekki hafi þeir stöðvast hér til langframa, og ætla eg að þar hafi mest ráðið húsnæði það er þeir áttu völ á. Verður lítillega vikið að því síðar.

Nú kemst eg ekki hjá því að geta um það að á vordögum 1897 er Stokkseyrarhreppi skift og eru hin nýju hreppamörk í landamerkjum Hraunstorfu og Stokkseyrartorfu, um Hraunsá. Heitir nú vestarihlutinn Eyrarbakkahreppur en eystrihlutinn hélt hinu for-

na nafni Stokkseyrarhrepps. Hreppsnefnd sú er síðast fór með völd í Stokkseyrarhreppi hinum forna var skipuð eftirtöldum mönnum: Séra Ólafur Helgason, Stóra-Hrauni, oddviti, Jón Jónsson, Holti, Benedikt Benediktsson, Íragerði, Júníus Pálsson, Syðra-Seli og Einar Jónsson, borgari í Eyvakoti. Bréf þeirra félaga er dagsett hinn 15. mars 1897, og stílað til amtmanns sem beiðni um skiftingu hreppsins. Amtsyfirvöld bregðast vel við og 18. maí sama ár var gefið út landshöfðingjabréf um skiftinguna. Er ekki annað vitað en að um þetta hafi verið fullt samkomulag, og fóru hreppsnefndarkosningar í báðum hinna nýju hreppa fram í júnímánuði þá um vorið. En af þessu leiddi að nú sá hvor hreppsnefnd um skólahald í sínum hreppi. Lýsingar þær sem fyrir hendi eru um skólahúsnæði eru af skornum skammti, framan af benda þær til þess að ekki hafi mikið verið í það borið. Ísleifur Vernharðsson kennir í „stofu" sem er vestan við Stokkseyrarbæinn vestri, er sameign hrepps og skóla, útbúið í risi - skammarkrókur í smákompu utanvið. Notast jöfnum höndum sem skóli og fundahús. Öllu veglegra skólahús er árið 1885 reist hjá Götu „timburhús og líkist helst veglegri skemmu", með skammakrók og lofti yfir. Hús þetta nefndist Götuskóli, jafnframt notað sem samkomuhús og bjó þorpið við þetta húsnæði í 24 ár. Skólagjöld voru tekin 5-6 krónur á mánuði fyrir hvert barn, en um kennaralaun er það kunnugt, að lengst af var Guðmundi Sæmundssyni greiddar 30 krónur á mánuði, 1906 - 1908, 40 krónur á mánuði, sagði þó starfinu lausu, en skólanefnd bað hann að halda starfinu áfram og setti hann þá upp 50 krónur á mánuði. Þessi greiðsla hefur vafalaust komið fyrir kennda mánuði eingöngu.



Götuhúsaskólinn, byggður 1909

Þegar fræðslulögin frá 1907 gengu í gildi urðu þær breytingar á skólahaldi hér að nemendum fjölgaði verulega vegna skólaskyldu og fjárstuðningur mun hafa aukist, en sjálft skólastarfið orðið fastmótaðra og það mjög í sama anda og stefnt var að með hinni nýju löggjöf. En það var hvorutveggja að skólahús það sem kennt var við Götu reyndist nú allt of lítið og svo hitt, að það var vart talið hæft til áframhaldandi notkunar.

Varð því að ráði að byggja annað skólahús og var því valin staður á Eystri-Móhúsatúni sunnan við Götuhús, á 250 ferfaðma lóð gegn 15 króna árlegu eftirgjaldi.

Margir eru hér enn búsettir, sem muna þetta hús og þar tóku út sína fyrstu og eftil vill einu skólagöngu, allstórt timburhús, tvær stórar kennslustofur og breiður gangur með vesturhlið og af honum þiljað innst bóka-og áhalda geymsla. Húsið stóð á háum grunni, kjallarahola var þar undir fyrir kol, en tröppur upp að ganga frá suðri innst í gang þann er áður gat um. Reykháfur var í miðju húsi og kolaofn í hvorri kennslustofu við milliþilið og reykháfinn. Ekkert vatn var í húsinu og aðeins misjafnlega heitir útikamrar. Tengdadóttir mín sem barnalærdóm sinn tók út í þessu húsi segir. „Ef maður var nærri ofninum var of heitt ef maður var við útgaflinn, þá var mér kalt.“ Þetta skólahús var notað frá 1909 til 1950 og þótti lengst af gott.

Á fjórða áratugnum tóku að berast kvartanir og lagað var það sem aflaga fór, en „það var sem bót á gamalt fat“ og fjárráð almennings á þeim árum ekki rúm. Svo komu styrjaldarárin fimm og ekkert var aðhafst. Á þessum árum voru nemendur venjulega 60- 70 og bætast því þrengsli við lélegt skólahús. Fyrst er bygging nýs skólahúss orðuð á fundi skólanefndar 7. febrúar 1939. 27. janúar 1943 er óskað eftir fjárveitingu á fjárlögum ríkisins vegna væntanlegrar skólabyggingar. 30. nóvember 1943 er fundur með skólanefnd, námsstjóra Bjarna M Jónssyni og íþróttafulltrúa Þorsteini Einarssyni. Þá liggur fyrir uppdráttur að skólahúsi, gerður af húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni og hreppsnefnd hefur lagt til hliðar 20.000 krónur. Rætt um stað fyrir skólabyggingu, bent á sömu lóð og skólinn þá stóð á og einnig Tjarnarkotslóðina. Báðir staðirnir taldir koma til greina. 27. ágúst 1946 koma saman á Stokkseyri hreppsnefnd, skólanefnd, fræðslustjóri, skipulagsstjóri og íþróttafulltrúi. Er nú kominn upp ágreiningur um hvar skólinn skuli standa en sæst er á Stokkseyrartún vesturundir Löngudæld, eða þar sem við erum stödd í húsi því er síðar reis.

Sumarið 1947 er svo hafist handa um að byggja nýtt skólahús og skólinn flutti þar inn 21. október 1950 þó húsið væri engan vegin fullfrágengið. Nemendur þann vetur voru 59, skólastjóri Björn Guðmundsson, barnakennarar Björn Gestsson og Valborg Helgadóttir. Nú er skólastjóri Theodór Guðjónsson og auk hans 6 fastráðnir kennarar, en stundakennarar eru 7. Kennt er í 6 kennslustofum og auk þess er skrifstofa skólastjóra, bókasafn sveitarinnar og ég held að enn mætti finna rúm í þessu húsi sem nýta mætti til gagnlegra hluta. Nemendur í þessum skóla eru nú 126. En upphaflegri byggingaáætlun er ekki lokið. Gert var ráð fyrir þverálmu hér norðan við húsið, leikfimisal á einni hæð með tilheyrandi aðstöðu.

Eg gat þess áðan að vöntun á hæfu húsnæði fyrir kennara muni hafa meðal annars valdið því hve lausir kennarar voru í starfi. Hreppurinn réði ekki yfir neinu húsnæði, holaði kennurum niður hér og hvar í smá kytrum einkaheimilum og þá helst í fæði á sama stað. Sem dæmi get eg sagt ykkur að Sigurður Heiðdal sem var hér skólastjóri 1919-1929 að fyrstu tvö árin var hann jafnframt bóndi í Brattsholti, nestaði sig að heiman og svaf í bókaherbergi gamla skólans. Þar heimsótti ég hann mörgum sinnum að kvöldlagi og bjó hann við enga upphitun. Því var það að í beinu framhaldi af skólabyggingunni var reistur skólastjórabústaður sá sem nú er þekktur undir húsnafninu Stjörnusteinar. Húsið er 9,4 x 9 m., tvær hæðir, 2 stofur og eldhús á hvorri hæð, steinsteypt. Bústaður þessi var ætlaður sem íbúð fyrir skólastjóra á efri hæð og fyrir tvo einhleypa kennara á neðrihæð, en fljótlega taldi skólastjóri sig þurfa húsið allt til eigin nota og hefur nú nýlega verið keypt viðbótar húsnæði, tvö Viðlagasjóðshús úr timbri 508 fermetrar hvort hús, svo að vel er séð fyrir þeirri þörf í bili. Yfirsmiður við skólabygginguna var Jón Þórir Ingimundarson Sólbakka og múrarameistari Sæmundur Friðriksson í Bræðratungu.

Í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps þessi árin sem framkvæmdir stóðu yfir voru:


Bjarni Júníusson, Syðra-Seli
Símon Sturlaugsson, Kalastöðum
Þorgeir Bjarnason, Hæringsstöðum
Björgvin Sigurðsson, Jaðri, gjaldkeri
Sigurgrímur Jónsson, Holti, oddviti
Helgi Sigurðsson, Bræðraborg, form. Skólanefndar,
Sigurður Ingibergur Gunnarsson, Götu og síðar að Strönd.

Framkvæmdir þessar tóku tvö kjörtímabil og man eg ekki hvort einhver mannaskifti urðu í hreppsnefndinni, en hún hafði alla yfirstjórn á hendi, sá um öll fjármál, bæði gagnvart rekstri skólans og byggingaframkvæmdum. Annaðist gjaldkeri bókhaldið fyrra kjörtímabilið en oddviti það síðara.

Ýmsum þótti við fara okkur hægt í starfi þessu og það var eftil vill satt. En við vissum hvað við gátum boðið okkur, létum tímann vinna þetta og eg held að fullyrða megi að engar skuldir hafi hvílt á húsum þessum þegar þau stóðu fullgerð, en ríkissjóður kostaði skólabygginguna að hálfu, en skólastjórabústaðinn að þrem fjórðu.

Fræðslulögin frá 1907 gerðu ráð fyrir tvennskonar skólafyrirkomulagi, það er föstum skóla eins og þeim er eg nú hef verið að lýsa og annarsvegar farskóla í dreifbýli þar sem ekki var aðstaða til að öll börnin gætu sótt skóla vegna fjarlægðar eða erfiðra samgangna. Nú hagaði einmitt svo til hér í hreppi að ekki gátu öll börn gengið daglega að heiman að Stokkseyri. Var hreppnum því skipt í tvö fræðsluhéruð og var farskóla-ákvæði laganna látið ná til sveitabæjanna flestra og kennt á ýmsum stöðum, þannig að hver nemandi naut tveggja mánaða kennslu. Var þessum farskóla haldið

uppi 1909-1944 að fáum árum frátöldum að börn voru svo fá að ekki þótti lag að kosta fyrir þau sérkennslu, en þeim komið til dvalar á Stokkseyri. Síðan 1944 hefur verið haldið uppi heimanakstri á vegum hreppsfélagsins vegna þeirra barna sem utan þorpsins eru búsett. Eg býst við því að yfirleitt hafi fræðslulögunum frá 1907 verið fagnað. Þó minnist eg þess sem 11 ára barn að eg kom á nágranna heimili og húsbóndinn sagði við mig „nú eigum við sem búin eru að koma börnum okkar upp að fara að kosta ykkur í skóla“. Þannig leyndist enn andi hinna 41 mótmælenda gegn skólahaldi frá 16. apríl 1851.



Barnaskólinn. Byggður 1947-1950

Góðir heimamenn og gestir. Að þessari skýrslu minni lokinni leyfi eg mér að halda því fram að þó að okkur sem orðin eru gömul oft sýnist þeir yngri fara villur vegar þá á æskan alltaf leik og hefur þarfleiðandi rétt fyrir sér þegar af þeirri ástæðu að við hverfum. En lífið er svo gjöfult að það á jafnan til menn sem eru færir um að móta stefnuna. Það er einn afkostum þess að vera fæddur með fámennri þjóð að þar eru svo hlutfallslega margir sem fá tækifæri til að þroska anda sinn á því að ráða framúr örðugleikunum, finna nýjar leiðir. Án tækifæra og áræðis stöndum við í stað. Fyrir 130 árum fundu glöggir menn og velviljaðir fyrir þörf og sáu leið. Við höfum verið að fást við þetta síðan og því verður aldrei lokið. Megi guð gefa ykkur styrk til að byggja þar við og fegra myndina.

Lifið heil.

# Ættartölur og fróðleikur

Föðurætt Sigurgríms Jónssonar í Holti.

1. Sigurgrímur Jónsson, f. 05. júni 1896 Holti Stokkseyrarhreppi.

2. Jón Jónsson f. 13. september 1849 í Jórvík. Bóndi í Oddagörðum 1877-88 og Holti 1888-1921 og oddviti langa hríð, d. 09.05-1939, nálega níræður. K. 08.10.1880 Ingibjörg f. 17.04.1853 Gljákoti, Grímsdóttir, b. Gljákoti Jónssonar og Guðfinnu Sigurðardóttur b. Gljákoti Sigurðarsonar. Börn:
1. Ingimundur, 2. Sigurgrímur bóndi Holti, 3. Ingibjörg húsfreyja Fjalli, gift Guðmundi b. þar Lýðssyni hreppstj. Hlíð af Víkingslækjarætt, 4. Guðfinna f. 1890 d. óg. og barnlaus.

3. Jón Gamalíelsson f. 03.09.1821 Votmúla, bóndi Jórvík og Oddagörðum 1871-77 d. 12.09.1877. Kona fyrri 02.11.1846 Ingibjörg, d. 1861 Einarsdóttur b. Brú, Kristóferssonar b. Stekkum Jónssonar og k.. hans Ingunnar, d. 02.12.1863 Jónsdóttur skipasmiðs Ásgautsstöðum, Snorrasonar. Börn: 1. Jón, 2. Einar í Aldarminni, 3. Sigurður b. Kolsholti, faðir síra Sigurðar á Desjamýri, 4. Ingimundur dó frumvaxta, 5. Gamalíel í Tjarnarkoti. Seinni kona Margrét d. 1870, Jónsdóttir, hálfsystir Gunnars bónda á Selfossi Jónssonar. Börn þeirra 6. Ólafur í Kolsholti, faðir Guðmundu símastýru Selfossi og Júníuss bílstjóra Björk og Selfossi, 7. Jón söngmaður og formaður Íragerði, faðir Elínar og Margrétar, sem nú eru giftar konur á Selfossi.

4. Gamalíel Sigurðarson f. 1792 Egilsstöðum, b. Votmúla, d. 04.05.1871, átti 15.07.1819 Guðrúnu Guðmundaráttur.

5. Sigurður Guðmundarson f.u. 1757 Arabæ á Gaulum, b. Tóftum 1818. d. 08.10.1830, átti Sigríði f. u. 1761 Stokkseyri Gamalíelsdóttur hrstj. Stokkseyri Jónssonar, Eyálfssonar. Var Sigríður systir Jóns yngra á Stokkseyri, föður Jóns ríka á Loftstöðum vestri .. Börn Sigurðar og Sigríðar: 1. Gróa f.k. Þorvarðs Hallgrímssonar Brattsholti, 2. Gamalíel (?), 3. Guðmundur f.u. 1795 Egilsstöðum, b.Íragerði og víðar, 4. Guðný f.k. Skafta læknis í R.vík Skaftasonar og 5. Felix í Vatnskoti Þykkvabæ.

6. Guðmundur Ásmundarson f.u.1723, b. Arabæ.

7.Ásmundur Ásmundarson f.u. 1694, b.

Sviðugörðum 1729, átti Önnu f.u.1695 Böðvarsdóttur og börn: 1. Björn 7 vetra 1729, 2. Guðmundur (6), 3 .Halla 3-ja vetra og 4. Erlendur 6 mánaða.

8. Ásmundur Guðmundarson d.f. 1703 bóndi Fljótshólahjáleigu á ofanverðri 17. öld. Kona sennil. Halla f. u.1667 Filuppusdóttir, systir Þórarins b. Fljótshólum 1703 Filippussonar, Bjarnasonar. Börn: 1. Ásmundur og 2. Hallgríma 8 vetra 1703.

9. Guðmundur Ormsson f.u. 1629, b. Hólahjáleigu 1660-1700, d. f. 1703 átti Guðrúnu f.u. 1621 Ásmundardóttur , sennílega Minni-Völlum Landi Brynjólfssonar af Klofaætt. Börn: 1. Jón smiður Hólum, 2. Hjörtr bóndi Bár 3. Evert á Kalastöðum, 4. Andrés faðir Hjartar b. Syðra-Velli 1729, 5. Ásmundur, 6. Ástríður **í** Oddagörðum og 7. Indriði í Steinskoti á Eyrum.

10. Ormur Indriðason d.f. 1. april 1661 b. Hólum Stokkseyrarhr. 1640-61. Kona Ástríður. Börn: 1. Guðmundur, 2. Valgerður kona Snorra Jónssonar bónda Hólum 1661-87. Valgerður var enn á lífi 1703 í Gengishólum efri, talin 88 ára, til heimilis hjá Bergþóri syni sínum, 3. Erlendur b. SyðraSeli, 4. Stefán í Stokkseyrarseli eystra og 5. Þórður b. Traðarholti.

Þessi ættartala af föðurætt Sigurgríms Jónssonar er gerð af Birni Sigurbjarnarsyni, Selfossi og er sennilega hvergi til á bókum.

# Bændur í Holti í Stokkseyrarhreppi.

Skráð hefur Sigurgrímur Jónsson - eftir frásögn Einars á Tóftum .

1921 Sigurgrímur Jónsson

1888 - 1921 Jón Jónsson

1877 - 1888 Ingimundur Gunnarsson frá Hæringsstöðum - kona hans Guðrún Andrésdóttir, Holti, Þórarinssonarr. Andrés bjó áður í Brattsholti. Hann var hálfbróðir Sveinbjarnar föður Snorra á Hæringsstöðum. Kona Andrésar var Björg Eggertsdóttir prests Bjarnasonar - síðast prests í Stafholti. Björg þessi ólst upp í Hraungerði hjá séra Sigurði Gíslasyni Thorarensen frá Odda. Andrés var smiður á tré ogjárn, söngmaður ágætur víðlesinn og margt vel gefið, en skapsmunir svo erfiðir - bráðlyndur- að það stóð honum til baga. Formaður í Selvogi. - Lágur maður, hnellinn með kragaskegg, fjörmaður.

1848 - 1863 Jón Pálsson - úr uppsveitum - faðir Bjarna sem bjó á Leiðólfsstöðum fram um 1910, og „Holts Þóru" eða „Háu Þóru" sem svo var kölluð og dvaldist í Gaulverjabæjarhreppi. Kona Jóns var Guðrún Bjarnadóttir frá Sviðugörðum, Ormssonar, er átti 10 börn - m.a. Guðmund, föður Þorvarðs hreppstjóra í Sandvík.
Jón Pálsson drukknaði á Stokkseyri 1863, með Tyrfingi Snorrasyni frá Efra-Seli.
Samtíða Jóni Pálssyni bjó og í Holti Páll Guðnason frá Skeiðárholti, faðir Hafliða á Helgastöðum, Stokkseyri og Eiríks í Simbakoti og Litlu- Háeyri - þeir voru fyrri konu börn - Ásríðar, systur Eiríks er bjó í Brú, föður Ástríðar í Skálavík. Ástríður þessi dó 1861. Síðari kona Páls var Sólveig - úr Ölvesi. Bjuggu þau á Hæringsstöðum, samtíða Gunnari og síðar í Simbakoti. Áttu fjölda barna. Bróðir Páls var Hafliði á Tóftum en kona hans Guðrún, var systir fyrri konu Páls og tóku þau Helga Pálsson til fósturs er móðir hans dó.

Skrifað 3.4.1938.

Viðbót Björns í Fagurgerði:
Eiríkur Eiríksson bóndi í Brú bjó í Holti 1861 - 1862. Þar fæddist Ástríður í Skálavík.

# Sigurgrímur Jónsson

# Heiðursborgari í Stokkseyrarhreppi 05.06.1976

Tillaga Steingríms Jónssonar flutt í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps:

> Í tilefni af 80 ára afmæli Sigurgríms Jónssonar, bónda í Holti Stokkseyrarhreppi hinn 5. júní n.k. vill hreppsnefnd Stokkseyrhrepps sína honum þann virðingarvott á þessum merku tímamótum í ævi hans og fyrir formennsku í ótal mörg störf að uppbyggingu þessa byggðarlags um langt skeið, að gera hann að heiðursborgara Stokkseyrarhrepps.
>
> Tillagan var samþykkt.

Að beiðni Steingríms skrifað Sigurgrímur eftirfarandi um störf sín á 8 blöð A5 að stærð. Þetta handrit er í eigu Steingríms Jónssonar.

Sigurgrímur Jónsson f. 5.6.1896 að Holti. Búfræðingur frá Hvanneyri 1915 Kennari Stokkseyrarhreppi 1915-17 og 1921-22. Bóndi í Holti 1921-73, í hreppsnefnd 1928-58. Oddviti 1934 -38 og aftur 1946-58. Stjórn Mjólkurbús Flóamanna 1929-72. Varamaður í stjórn Mjólkursamsölunnar 1935-60 - í aðalstjórn frá ársbyrjun 1961-72. Sat sem varamaður á Búnaðarþingi 3 ár. Fulltrúi á aðalfundum Stéttarsambands bænda, Sambands Ísl. Samvinnufélaga og Sláturfélags Suðurlands í nokkur ár. Mörg ár á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands.

Í stjórn Hraðfrystihúss Stokkseyrar öðru hvoru 1948-75. Lengi í skattanefnd. Fasteignamatsnefnd Árnessýslu 1938-42 þá formaður nefndarinnar og aftur í sömu nefnd 1965-72. Fleiri matsstörf af ýmsu tagi. Í sáttanefnd um árabil. Umboðsmaður Brunbótafélags Íslands 1936 og síðan. Var 6 vetrarvertíðir á sjó. Í Þorlákshöfn, Sandgerði, Stokkseyri og kom nokkuð við sögu í útgerð, bæði fyrir sjálfan sig og aðra - einkum Stokkseyrarhrepp. Var lengi í stjórn búnaðarfélags hreppsins. Tvö ár formaður Héraðsambandsins Skarphéðins.

Kvæntur 25. júní 1921 Unni Jónsdóttur frá Jarlsstöðum í Bárðardal. Unnur var 4 vetur í Kvennaskólanum í Reykjavík, kenndi síðan við barnaskólann á Siglufirði 1915-18 og í Gaulverjabæ 1918-21. Hún andaðist 3. apríl 1973.

Þeim hjónum varð 9 barna auðið og eru 5 þeirra búsett í heimasveit. Upptaling aukaverkanna sýna hvað lagt var á konuna og börnin - húsbóndi langtímum að heiman.

Við hvað var að fást árin sem þú varst í hreppsnefnd?

Í rauninni má segja að öll sú saga sé rakin í Stokkseyringasögu próf. Guðna Jónssonar sem út kom 1960 og 1963 ( 1. og 2. bindi) og því litlu við að bæta. Útgerð mun hafa staðið með mestum blóma hér við lok fyrri heimstyrjaldar og skilst mér að um tíma hafi gengið 17 mótorbátar héðan, um 12 smálesir og minni. Þriðji áratugur þessarar aldar var flestum erfiður, hvað fjárhagsafkomu snerti, því þá fór fólk að flytja héðan, mest til Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Skilst mér að íbúum hreppsins hafi fækkað um full 200 manns þessi ár. Með fólkinu fækkaði bátum og munu aðeins hafa verið 3 eftir um 1930. Tápmesta fókið fór burtu - forystuliðið.

Margir tómthúsmenn þessara ára komu sér upp smá búskap, 2-3 kýr og 20-30 ær. Þetta fleytti mörgu heimili yfir erfið ár. Verkalýðsforystan sá að efla varð útgerð að nýju og leiddi það til stofnunar Samvinnufélags Stokkseyringa við árslok 1933 og aðstoðaði ég við þá félagsstofnun bæði heima og við samningagerð um smíði þriggja 16 tonna báta í Danmörku. Voru það stærstu bátar sem hér höfðu komið og héðan gátu gengið á þeim tíma vegna grynninga á innsiglingaleið.

Þegar eg byrja í hreppsnefnd 1928 voru engir vegir innan sveitar - aðeins sjávarbakkinn var sæmilega umferðafær frá náttúrunnar hendi. Sem eini bóndinn í nefndinni fór eg að vinna að því að skilningur fengist fyrir að sveitabæirnir yrðu að komast í vegasamband, annars færu allar jarðirnar í eyði. Þetta vannst smámsaman með góðri samvinnu við sýsluvegasjóð Árnessýslu. Byggður var Hólavegur, Traðarholtsvegur, Stokkseyrarselsvegur, Tóttavegur , Kotleysuvegur (ræktunarvegur fyrir þorpsbúa) Selsvegur, Ásgautsstaðavegur, Engjavegur (sem ríkissjóður kostaði að mestu) - allt innan við 2 km hver vegur nema Engjavegur. Erfiðast var að fá Holtsveg tengdan við Gaulverjabæjarveg, en að því varð mikil samgöngubót.

Samhliða því var unnið að því að dýpka innsiglingarnarleið bátanna, en á því hafði verið byrjað löngu áður og mikið áunnist. Nú sigla þarna um 50 tonna bátar með hálffölnum sjó, þar sem aðeins 16 tonna bátar komust áður.

Í minni oddvitatíð var byggður barnaskóli, sá sem nú er notaður ásamt íbúðarhúsi fyrir skólastjóra.

Nú, við lengdum bryggjuna, sem nú reynist of lág þegar skjólgarður er kominn til skjala og bátar liggja við bryggju í miklu meiri sjávarhæð en áður - þá var bátum forðað frá bryggju að legufærum úti á Blöndu ( sjávarlón, sem var eina bátalegan).

Eg sá um gerð tveggja holræsa 70-80 cm víð úr Löngudæl til sjávar. Ríkissjóður veitti fé til þess - og á þeim byggist holræsakerfi þorpsins.

I sambandi við uppbyggingu frystihússins um 1950 byggðum við fiskimjölsverksmiðju í félagi við Hraðfrystistöð Eyrarbakka - Fiskimjöl Eyrbyggja heitir það fyrirtæki og hefur komið í góðar þarfir. Samvinnufega Stokkseyringa hætti störfum eftir 10 ára starf og tók Stokkseyrarhreppur með formönnum og mótoristum að meðeigendum við þeim rekstri. Kom það í minn hlut um tíma að annast þar bókhlad fyrir báta og semja um smíði 2ja báta til endurnýjunar. Voru þeir smíðaðir í Danmörku.

Þá er ótalið sjúkrasamlag og rafveita í tengslum við Sogsveitu - þörf fyrirtæki en nutu ekki stuðnings allra hreppsbúa á sínum tíma. Verstu verk sem eg vann að var að jafna niður útsvörum „eftir efnum og ástæðum" eins og það hét, áður en skattskrá var lögð til grundvallar.

Síðustu ára uppbygging frystihússins og bátakaup 100-200 tonna og útgerð þeirra frá Þorlákshöfn er ekki mitt verk þó eg hafi talist formaður félagsins 1970- 75 en þetta er undirstaða að þeirri uppbyggingu, sem þessi ár hefur orðið í þorpinu og kallar á brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Enginn, sem vinnur að félagsmálum sleppur við gagnrýni, en eg hef sloppið tiltölulega vel.

Ávarp Steingríms Jónssonar.:
Sigurgrímur Jónsson, bóndi, Holti. Stokkseyrarhreppi. Fæddur 5. júni 1896. Sigurgrímur var fæddur að Holti í Stokkseyrarhreppi sonur hjónanna Ingibjargar Grímsdóttur og Jóns Jónssonar oddvita, sem þar bjuggu en Jón var fyrsti oddviti Stokkseyrarhrepps eftir að hreppnum var skift 1897.

Sigurgrímur var búfræðingur frá Hvanneyri 1915 var kennari á Stokkseyri 1915-1917 og 1921-1922. Varð bóndi í Holti 1921-1973. Sat í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps frá 1928 til 1958 þar af var hann oddviti í 16 ár.

Öll þau ár sem hann sat í hreppsnefnd kom hann fram ótal mörgum málum, sem varðaði hag sveitarfélagsins svo sem rafveitu, skóla, sjúkrasamlagi, útgerð og hafnarbótum.

Sigurgrímur giftist 25 júní 1921 Unni Jónsdóttur ættaðri frá Jarlsstöðum í Bárðardal kennari að mennt[15] en hún andaðist 3. april 1973. Þeim hjónum varð 9 barna auðið og eru 5 þeirra búsett hér í heimasveit.

[15] Unnur lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 1914 var barnakennari á Siglufirði 1915-18 og í Gaulverjabæ 1918-21.

# Endurminningar

Minningar
*Þegar eg áttaði mig.*

Eg var yngsta barn foreldra minna. Guðfinna systir mín andaðist í júní 1905, en þá var eg 9 ára. Aldursmunurinn við mitt næsta systkin (Ingimund) er slíkur, að telja má að eg hafi alist upp sem einbirni. Svo liðu árin. Haustið 1913 fór eg að Hvanneyri. Þar lærði eg að „lesa" Það er að segja: Ég lærði að lesa svo, að eg hefði gagn af því sem eg las - lærði að meta það hvað var aðalatriði og hvað var aukaatriði. Eg las allt sem eg náði í. Vakti marga nóttina og las. Mér var aldrei skipað til verka samt lærði eg að vinna. Sláttumaður varð ég áreiðanlega meiri en í meðallagi en eg var morgunsvæfur og værukær fram úr hófi. Ef eg af einhverjum ástæðum var vakinn fyrir kl. 9-10 að morgni var eg miður mín fram eftir öllum degi. En ákaflega var gaman að lifa.

Eg held að eg hafi verið bráðþroska bæði andlega og líkamlega. Sumarið sem eg fermdist batt eg meirihlutann af heyskapnum. Vertíðirnar 1911 og 1912 er ég við sjóróðra á áraskipi en formaður var Gísli í Brattholtshjáleigu. Ef eg á að segja ykkur brot úr ævisögu minni verð eg að koma við á nokkrum stöðum.

Það mun hafa verið snemma sumars 1913 að eg hafði orð á því við pabba að eg vildi komast á einhvern skóla. Hann tók því vel og sagði að „Alþýðuskóli Suðurlands" hlyti að vera á næsta leiti og taldi rétt að eg biði eftir honum (hann kom raunar ekki fyrr en 1929 Laugarvatnsskóli). En það varð úr að eg legði í slóð Ingimundar bróður míns og fór að Hvanneyri um haustið.


Það var í samræmi við uppeldi mitt að ég hafði um þetta leyti mjög mikið sjálfsálit. En þegar til Hvanneyrar kom komst eg fljótlega að raun um að það var á algjörum misskilningi byggt. Þar var eg yngstur og þróttminnstur, og það sem verra var, eg vissi ekkert í minn haus.

Fræðslulögin gengu í gildi 1907 sem kunnugt er en það er fyrst veturinn 1909-1910 að farskóli er settur á laggirnar hér í hreppi og nutu hans börn sem heima áttu utan þorpsins. Eg held að kennt hafi verið á 4 stöðum og kennsla því aðeins fáar vikur í hlut hvers staðar. Kennari var Jón Sigurðsson í Aldarminni (faðir Ragnheiðar skólakennara) ágætur eldri maður, hjálpsamur, ágætur kennari. Þetta var öll sú skólaganga sem ég fékk fyrir fermingu. Eg mun hafa verið sæmilega læs, því eg hafði verið vaninn við að lesa upphátt sögur á kvöldvökum einnig las eg húslestra. En skriftin var hræðileg og reikningur aðeins hrafl í einskonar tölum. Þetta var ekki góður undirbúningur undir skólann á Hvanneyri, sem á þeim tíma var þungur skóli og gerði miklar kröfur til nemenda sinna en kennarar voru ágætir. Þarna við bættist svo að

þarna er eg svo ungur að eg var tæpast kominn af því þroskastigi að leika mér sem barn.


Síðari veturinn fór þetta að breytast og undir lokapróf las eg af slíku kappi að ég ofreyndi augun og gat varla opnað bók fyrst á eftir. En í gegnum prófið slampaðist ég með 2. einkunn. Hefði ég nú haldið áfram námi trúi ég því að ég hefði náð góðum árangri. Því í rauninni var ég flugnæmur, bara ef ég las.

Næstu árin á eftir tók ég mikinn þátt í félagsstarfi Ungmennafélags Stokkseyrar og á þess vegum er ég sendur á aðalfund "Skarphéðins" líklega í febrúar 1916. Þar er ég strax kosin í stjórn og gerður að formanni. Þetta er á stríðsárunum fyrri en það ástand setti mjög svipmót á allt þjóðlífið og lá íþróttastarfsemi til dæmis mikið niðri. Við héldum því ekkert íþróttamót þetta vor. En árið eftir gengumst við fyrir íþróttamóti að Þjórsártúni.



Ingibjörg Grímsdóttir og Jón Jónsson

Við vorum heppnir með veður, eins og best varð á kosið en ég held að lítið hafi farið fyrir þessu móti sem íþróttamóti. En sem menningarsamkoma eins og þær gerðust á fyrstu áratugum aldarinnar held ég að þetta hafi verið í allrafremstu röð. Það kom í minn hlut að útvega skemmtikrafta. Ég skrifaði sr. Jakobi Ó. Lárussyni í Holti, Eyjafjöllum, Árna Pálssyni prófessor, sr. Ólafi Ólafssyni fríkirkjupresti og bað þessa menn að halda ræðu. Auk þess bauðst mér ræða frá Ingunni Einarsdóttur í Gufunesi sem var mikil áhugakona um dýravernd.



Holt 1908. Málverk eftir Eyjólf Eyfells

Allir þessir menn urðu við óskum mínum. Dagana á undan mótinu var U.M.F.Í. með aðalfund sinn að Þjórsártúni. Þangað var von fulltrúa víðs vegar að af landinu og var ég  einn af þeim, er þar áttu sæti.

Af þekkingu minni á starfi ungmennafélaga yfirleitt þóttist ég þess fullviss að þarna yrðu margir söngvanir menn. Eg skrifað því sr. Ólafi Magnússyni í Arnarbæli, en hjá honum hafði ég verið á söngnámskeiði um veturinn (Eyrarbakka) og var vel kunnugur börnum hans, og hafði verið næturgestur á hans heimili oftar en einu sinni. Sjálfur var sr. Ólafur ágætur söngvari, söng iðulega einsöng á samkomum og dúett á móti Þorvaldi syni sínum - en Þorvaldur er „alþýðu" ( ólærði) söngvari sem eg hef heyrt um ævina. Sr. Ólafur var eini maðurinn sem um þessar mundir sinnti söngstjórn svo umtalsvert væri - hér um slóðir.

Já, nú skrifaði ég sr. Ólafi sagði honum allar aðstæður og bað hann að koma að Þjórsártúni og reyna fyrir sér hvort hægt væri að drífa upp karlakór úr þeim efnivið sem þarna væri fyrir hendi. Og mikið varð ég glaður síðari fundardaginn þegar ég sá blessaðan gamla manninn ríða í hlaðið á Þjórsártúni.

Það er ekki að orðlengja það að strax þá um kvöldið var söngæfing og prestur var hinn ánægðasti.

Það dreif mikið fjölmenni að samkomudaginn og oft og lengi á eftir hafði fólk orð á því við mig hvað þetta hefði verið ánægjuleg samkoma einkum dáðist fólk að söngnum.

Þarna hélt eg mína fyrstu opinberu ræðu (setti samkomuna) og talaði út frá orðum Jónasar Hallgrímssonar „það er svo bágt að standa í stað". Auk þess kynnti öll dagskráratriði sjálfur áður en þau fóru fram. Um kvöldið vék sér að mér Einar Jónsson alþingismaður á Geldingaholti, rétti mér höndina og þakkaði fyrir daginn og sagði um leið. „Þetta er stillingin og staðfestan frá Holti". Hann þekkti pabba. Eg þekkti hann aðeins í sjón.

Þarna sá eg móður ykkar fyrsta sinni. Lágvaxin stúlka, hnellin, herðabreið á peysufötum, með hvítt sjal eða slá um axlir og herðar og sló gullslit á hárið í sólskininu. Áberandi falleg stúlka í öllum þeim fjölda, sem þarna var. Ekkert talaði eg við hana þá.

Eftir þetta lágu leiðir okkar saman öðru hverju og þá aðallega á samkomum hér í nágrenninu. Hún var eftirsótt að spila fyrir dansi (orgel) eg dansaði nokkrum sinnum við hana og þá spjölluðum við lítils hátta saman. Hún var betur menntuð en þá gerðist um stúlkur hér um slóðir (4 vetur í kvennaskólanum).

En þegar eg svo í nóv. 1920 spurði hana formálalaust hvort hún vildi verða konan mín þá eldroðnaði hún og virtist ekki við því búin að svara. Eg sá í hendi mér að ekki var ráðlegt að knýja fram svar á stundinni og spurði þá hvort eg mætti ekki tala við hana seinna. Síðar kom það svo á daginn að þess sama hafði hún óskað sér frá því að hún sá mig á Þjórsártúni. Hún sagði mér strax að hún væri ekki heilsusterk.

En eg vissi mig stálhraustan og taldi að þetta kæmi ekki að sök. (Til gamans: hún hafði farið til Gísla Péturssonar héraðslæknis á Eyrarbakka og lýst heilsu sinni. Þegar Gísli hafði athugað hana rækilega sagði karl: „Þú þarft ekki að vera hrædd um þú deyir en þetta getur orðið mesta eymdar líf". Hughreysting það).

Svo giftum við okkur 1921, 25. júní, prestur var sr. Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur, í Rvík. föðurbróðir hennar. Í giftingar(vígslu)ræðu lagði hann út af orðunum: „Leitið fyrst Guðs og hans réttlætis, þá mun allt annað veitast yður að auki." Eftir vígsluna drukkum við kaffi á veitingahúsi með nánustu ættingjum. Þar flutti sr. Jóhann aðra ræðu og hafði sem inngangstexta: „það er þrennt sem bóndann ekki má skorta. Það er hey, matur og eldiviður." Pabbi sagði nokkur þakkar orð. Svo fórum við að búa. Móðir ykkar reyndist mjög hagsýn húsmóðir, fór vel með efnin. Hún bjó til

betri mat en aðrar konur. Hún lagði betur á borð en aðrar konur og hún tók með afburðum vel á móti gestum.

Eitt verð eg að segja ykkur sem þið tæpast vitið.

Það er hvað hún var ykkur sem ungbörnum mikil og góð móðir. Eg sá margar konur meðhöndla ung börn sín og leggja þau sér á brjóst (gefa þeim að sjúga) en enga með slíkri nærfærni og ástúð sem hana. Hún baðaði ykkur daglega fyrsta aldursárið. En það reyndist rétt að hún var ekki heilsusterk.

Þessi sífelldu höfuð-verkjaköst sem iðulega lögðu hana í rúmið. Það bráði venjulega af henni síðari hluta dags og hún virtist vera góð fram eftir nóttu. Og ég skal segja ykkur að á næturna vann hún um tíma sína stærstu sigra. Þá gerði hún við föt ykkar og saumaði ný og gerði annað sem gera þurfti. Og eitt enn: Hún fór aldrei að heiman svo ekki væri allt fullfrágengið áður en farið var að heiman.

Við byrjuðum með tiltölulega rúman efnahag. Fyrstu árin borgaði eg hvern hlut við móttöku. En svo kom kreppan og bitnaði á okkur sem öðrum. Ég fór í Kreppulánasjóð, ekki svo mjög vegna þess hvað skuldirnar voru miklar heldur vegna þess að þarna kom maður því í eitt lán og vextirnir voru lægri en annarsstaðar. Mig minnir að ég fengi 12.000 kr. lán með 4,00 % . Árið 1942 borgaði ég þetta lán að fullu. Hvílík gleði. Hvílíkur léttir.

Hér verð ég að geta tveggja manna sem báðir veittu mér andlegan styrk á þessum árum.

Vernharður mágur minn var elskulegur maður, síglaður og hugljúfur, en ekki heilsuhraustur, lést rúmlega fimmtugur af heilaskurði sem gerður var til að nema burt æxli sem þrýsti á heilann. Einhvertíma hafði ég orð á því við hann að fjárhagurinn væri ekki sem bestur. Og hann sagði: „Ég veit það, en ég held að þú sjáir alltaf einhver ráð".

Guðmundur mágur minn í Fjalli var spekingur að viti og talaði alltaf í meitluðum setningum og tilvitnunum í merkisrit. Um þessar mundir spurði ég hann hvort eg ætti að selja eitthvað af bústofninum til að minnka skuldirnar. Og hann svaraði: „Nei það máttu ekki. Þú verður að sigla með fullum seglum. Þegar drengirnir þínir koma upp eru þér allir vegir færir". Báðir höfðu þeir rétt fyrir sér.

En svo er það yfirskrift þessa þáttar. Ég á eftir að gera grein fyrir henni.

Með móður minni fluttist að Oddagörðum bróðir hennar 12 ára gamall, Þórður Grímsson, og hann skildi aldrei við hana.Eg tel að í rauninni hafi þau í sameiningu staðið fyrir búi foreldra minna og átt mestan þátt í velgengni þess. Pabbi var langtí-

mum saman fjarverandi ýmist við sjóróðra eða opinber störf. Um sláttinn var hann alltaf heima.

Þórður var maður sívinnandi hafði auga með öllu og var allsstaðar viðlátinn þar sem með þurfti, hvort heldur var á nótt eða degi. Hann tók af manni margan snúninginn og það langt umfram það sem sanngjarnt mátti telja gagnvart honum. Þegar eg hóf búskap varð Þórður áfram hjá mér, en hann lést þann 2.7.1925 og mun hafa verið jarðaður þann 12.s.m . Að sjálfsögðu sá ég um útförina, fékk líkmenn o.s.frv.

Líkmennirnir sáu um allan heimanbúnað, kistan var flutt til greftrunar (Gaulverjabæ) á hestvagni og þarna þurfti eg hvergi nærri að koma. Kirkjugestir fengu kaffi í Gaulverjabæ og dvaldist mér eitthvað innivið í lokin var að gera upp við Þórlaugu konu Dags sem kaffið veitti.

Þegar ég kem út er allt fólkið farið - einnig líkmennirnir. Kerran sem kistan var flutt á stóð á miðju hlaði, böndin sem kistan hafði verið bundin með, svo og teppi sem breidd voru yfir kistuna, henni til hlífðar á leiðinni, allt var þetta á víð og dreif um hlaðið. Hestarnir vissi eg að voru inni í hesthúsi.

Mér varð dálítið hverft við. Ég stóð þarna aðgerðarlaus dálitla stund og hugsaði ráð mitt. Þarna skildi ég að upp frá þessu hafði eg á engan að treysta nema sjálfan mig, og ég sagði við sjálfan mig: „Til lítils ertu búinn að vera með honum Þórði í 28 ár, ef þú ert ekki maður til að hafa þig fram úr þessu".

Eg veit ekki hvað öðrum hefur sýnst eða þeir hafa viðurkennt um störf mín upp frá þessu. En sjálfur tel eg að í 20 ár hafi ég unnið tveggja manna verk í Holti. Fram að fertugu vissi eg ekki hvað þreyta er, en um fimmtugs aldurinn fór hún mjög að segja til sín og því meir sem lengur leið. Síðan hef ég staðið í skjólið ykkar elskulegu barnanna minna, og er ykkur óendanlega þakklátur, þó að tilfinningar beri mig jafnan ofurliði ef ég ætla að tjá mínar innstu hugrenningar. Ég er ákaflega þakklátur fyrir lífið og mjög sáttur við þá meðvitund að vita að lífssól mín er nú mjög gengin til vesturs.

Ég veit að ég skil við okkar ágætu bújörð í mjög góðum höndum, og ef ég á að biðja ykkur um nokkuð þá er það að forðast í lengstu lög að farga Holtinu því ég tel það guðlega ráðstöfun þegar pabbi keypti Holt, því hann hafði hug á öðrum jörðum - en um það kann svo að fara að ég skrifi síðar ef mér endist líf og heilsa til. 09.10. 1970.
(Hugsað á sjúkrahúsi Selfoss í ágúst s.l.).

(Skrásetjari vill bæta hér við máltæki eftir Einar á Tóftum, sem Guðríður Jónsdóttir á Sunnuhvoli hafði oft yfir:
"Maður kemur manns í stað nema fyrir Þórð í Holti".

Hreppsnefndaroddviti í Holti
horskur og gætinn býr.

Húsfreyjan hyggin og vitur
úr horfinu ekki snýr.

Einar á Tóftum kvað um foreldra mína. S.J.

Sá ég á gangi svanna
Um sumars bjartan dag,
Skemmtun sýndi sanna
Með siðugt háttarlag.
Áfram þreytti iðin
agtaði ei hégómann
betrast mér biðin
betra yndi eg fann.
Syngja fór nú siðugt víf
hennar hljóðin hvell og há
brestur sál og líf.
(30.08.72. S.J.)

Gátu þessa um klukkuna kenndi mér móðuramma mín, Guðfinna Sigurðardóttir frá Tóftum, húsfreyja í Gljákoti. S.J

# Pabbi minn

Í dag lögðum við jarðneskar leifar þínar í kistu, umbúðir, sem fylgja þér á hinsta hvílustaðinn. Pabbi minn. Þökk fyrir allt og allt. Við 90 ár lifði hann, fæddist 13. september 1849. Dáinn 9. maí 1939.

Að mörgu leiti væri ástæða til að skrifa hér langt mál, en það verða aðeins helstu atriði, sem getið verður.

Hann var fæddur að Jórvík í Sandvíkurhreppi elstur af stórum barnahóp fátækra foreldra. Flutti síðar að Oddagörðum með föður sínum og tók þar við búi 1879 er hann giftist móður minni, Ingibjörgu Grímsdóttur frá Gljákoti. Að Holti fluttust þau 1889 og bjuggu hér þar til að ég tók við af þeim 1921. Hann stundaði jöfnum höndum búskap og sjóróðra á vetrum. 13 ára gamall fór hann fyrst til sjávar og mun hafa stundað sjóróðra óslitið til 75 ára aldurs. Formaður er mér sagt að hann hafi verið í 30 ár og farnast það vel.

Starfsmaður við Lefolisverslun var hann lengi, á vorlestum. Hann var aldrei í skóla, frekar en aðrir alþýðumenn á þeim tíma. En þó voru honum falin ýmis trúnaðarstörf og naut trausts og vináttu allra er til þekktu.

Þegar Stokkseyrarhreppi, hinum forna var skift, árið 1897, var hann kjörinn oddviti hér í hreppi og gengdi því starfi til 1915 (?) að hann baðst undan endurkosningu. En þekktastur var hann bóndinn, Jón í Holti.

Ef gefa ætti af honum örstutta lýsingu eða segja hvað hafi einkennt hann helst, þá held ég að það væri: traust á guði, trúmennska í starfi og hógværð.

11.05.1939

# Jarðarför

Í gær var pabbi jarðaður. Um 150 manns fylgdu honum til grafar, þar af um 120 við húskveðju heima. 15 samúðarskeyti bárust. Ég hef aldrei skilið það fyr en nú, við frá-fall pabba, hvað maður er getulaus þegar að dauðastundinni kemur hvað lítið er hægt að gera fyrir hinn deyjandi mann og hvað hann verður að heyja hina síðustu baráttu einn, frá sjónum þeirra er lifa, er séð.

Pabbi er búinn að vera túmfastur í 1 1/2 ár sem farlama gamalmenni. Svo, þann 5. þ.m. fékk hann slag og var að því er virtist, meðvitundarlaus þá 4 daga, sem bann lifði eftir það. Allan þann tíma virtist líkaminn heyja harða baráttu svo, að maður undraðist það viðnám sem hann veitti, en að síðustu smá fjaraði allt út. Þennan tíma var ekkert hægt fyrir hann að gera, nema snúa honum í rúminu. Það var ekki hægt að vökva hann neitt því bann gat ekki kyngt.

Það má því segja að dauðinn hafi verið kærkominn hvíld og gleðiefni öllum er til þekktu. Mér fannst það ákaflega mikið gleðiefni að hugsa mér pabba búinn að fá aftur nýjan starfhæfan líkama vera aftur búinn að fá fjör sitt, starfsþrek og áhuga. En þó - nú þegar búið er að jarða, þegar hann er alfluttur héðan af heimilinu get eg ekki annað en grátið. Grátið og aftur grátið. Ég er búinn að ganga um allt úti og inni og mér finnst að alstaðar vanti eitthvað og ég græt. Eg get ekki litið framan í fólkið því þá fer ég að gráta. Ég mætti Hadda í dyrunum og tók hann í fangið og grét. Þetta er sjálf-sagt þrekleysi, en ég á svo margs góðs að minnast. Guð veri með þér pabbi minn og þakka þér fyrir allt - allt.

24.05.1939

# Hugleiðing

*05júní 1896 - 05júní 1936*
Fjörutíu ár!

Fyrir fjörutíu árum lá í rúmi sínu í lágri baðstofu kona, 41. árs gömul, með son sinn ný alin. Konan var hraust, þrekmikil og blómleg eftir nýafstaðna fæðingu og horfði með aðdáun á soninn unga dökkan yfirlitum sterkbyggðan og hraustlegan útlits. Hvað átti fyrir honum að liggja! Var hann fæddur til að vinna einhver ákveðin störf. Hann sem nú var svo hjálpar þurfi og ósjálfbjarga. Fylgdu honum heilladísir sem mundu leiða hann gegnum lífið og leiðbeina þegar mest riði á. Um það gat hún ekki vitað. En hitt var víst að hún lagði yfir hann blessun sína og sínar innilegustu bænir. Þannig hefur lífið gengið frá vöggu mannkynsins.

Móðir fæðir barn sem þroskast og getur afkvæmi. Einstakling fram af einstakling. Og þó að hverjum finnist til um hve stóran þátt hann eigi í starfi og afkomu samtíðar sinnar þá er það svo að óteljandi forfeður hafa unnið hliðstæð störf til bjargar fjölskyldu sinni og í þágu samtíðarinnar en þó mörgu leiti þeir sem á undan hafa gengið unnið merkari störf því manni verður að undrast þrautseigjuna og nægjusemina á undanförnum öldum, við þau örðugu skilyrði sem fyrir voru.

En það athyglisverðasta við þetta er að þrátt fyrir að hver einn heldur sig merkann aðila í starfi samtíðar sinnar þá er það svo að einstaklingarnir gleymast og hverfa í tímans haf og það ótrúlega fljótt. Það eru ekki margir einstaklingar sem almenningur veit að hafa verið til, 50 árum eftir að þeir eru dauðir.

# Gullpeningurinn

Fyrir og um alamótin síðustu mun eitthvað hafa verið af gullpeningum í umferð hér á landi. Skilst mér að það hafi verið runnið frá sauðasölu til Englands - en fyrir hana var tekið með innflutningsbanni þar í landi rétt fyrir aldamótin.

Þegar faðir minn keypti Holt fyrir eða um áramótin 1887-1888 (hann fluttist frá Oddagörðum að Holti vorið 1888) fékk hann þúsund krónur að láni í Landsbankanum (kaupverðið var tvöþúsund krónur). Nú undi hann því illa að vera skuldugur og um haustið 1888 rak hann alla sína sauði sem eldri voru en veturgamlir til sauðakaupmanns, Cocchil, og seldi hópinn, 60 sauði. Fékk hann verðið reitt út í gullpeningum „og varð vettlingurinn minn fullur upp að þumlum". Þannig heyrði eg hann segja frá þessu.

Ég mun hafa verið nálægt fermingaraldri þegar faðir minn seldi sauði, einn eða tvo sem mér voru eignaðir og lét mig fá tvo 10 króna gullpeninga til eignar fyrir sauðina. Mér er horfið úr minni hvernig ég fargaði fyrri gullpeningnum, en það er saga síðari peningsins sem er mér rík í minni.

Þegar eg fór að Hvanneyri haustið 1913 hafði eg peninginn góða með mér sem stáss og minjagrip, því eg hafði tekið þá ákvörðun að farga honum ekki. Ekki man eg hvernig ég var að heiman búin með aðra fjármuni, trúlega fremur knappt, því þó faðir minn væri fjárhagslega vel stæður og hefði gott bú þá átti hann aldrei peninga - stóð í kostnaðarsömum framkvæmdum og var fremur fastur á fé.

Snemma vetrar - nóvember varð ég fyrir því óláni í glímu að ganga úr liði um olnboga vinstrihandar. Jón læknir Blöndal í Stafholtsey var sóttur til að kippa í liðinn og tókst það vel. En af einhverjum ástæðum þótti honum rétt að setja liðamótin í gips og mælti svo fyrir að 1/2 mánuði síðar skildi eg mæta á heimili hans til að umbúðirnar yrðu teknar af. Ferð þessa fór eg fótgangandi í fylgd með einum skólabróður mínum, Júlíusi Björnssyni síðar bónda að Leirá. Þegar handleggurinn kom úr umbúðunum voru liðamótin þrútin og helsár þegar reynt var að hreyfa handlegginn. Samt sem áður rétti læknir handlegginn fram og aftur til fullrar hreyfingar og mælti svo fyrir að Halldór skólastjóri skildi framkvæma þessa æfingu daglega og mundi þetta smá liðkast. Þetta var svo endurtekið á hverju kvöldi í viku eða svo og var sársaukinn svo mikill að eg veinaði hverju sinni og man eg að Svana kona Halldórs forðaði sér út þegar eg kom inn. Ekki liðkaðist þetta, liðböndin voru alltaf jafn sár og bólgnaði handleggurinn á hverri nóttu eftir aðgerðina, þó úr rynni að deginum. Þar kom að Halldór sagði „Eg uni þessu ekki". Sendi hann mig til Reykjavíkur á fund nuddlæknis, Jóns Kristjánssonar.

Man ég þegar eg hafði sagt honum sögu mína sagði hann „ansi trúði læknirinn yður illa". Til Jóns nuddlæknis gekk eg á hverjum degi í 1/2 mánuð hann nuddaði

liðamótin góða stund og teygði á þessu það eg þoldi - aldrei meira. Sendi hann mig svo aftur til Halldórs skólastjóra og mælti svo fyrir að hann héldi þessari meðferð áfram og tókst það vel.

Síðar sögðu félagar mínir mér að enginn þeirra hefði reiknað með að eg kæmi aftur til náms á Hvanneyri ( en aldrei hvarflaði að mér að hætta námi).

En það var gullpeningurinn. Nú var eftir að gera upp við Jón Blöndal. Hann setti upp tíu krónur fyrir sína fyrirhöfn. Aurarnir höfðu farið í ferðakostnað til Reykjavíkur og læknishjálpina þar. Ekkert var eftir - nema gullpeningurinn. – Þarna fór hann.

Jafnan síðan þegar mér verður hugsað til þessa atviks kemur fram söknuður ég sé eftir gullpeningnum sem átti að verða minjagripur, en nú á efri árum skilst mér að þarna - þá þegar - hafi komið í ljós þáttur í fari mínu sem hafi verið mikils ráðandi í öllu mínu lífi - það að standa í skilum.

03.11.1968.

# Lungnabólga.

Það var í nóvembermánuði, hæg norðaustlæg átt, bjart veður, snjóföl á jörð og lítilsháttar frost. Ég var á 11. fremur en 12. árinu og fór með föður mínum og Þórði móðurbróður mínum út á mýri til að reka saman kindurnar og taka lömbin á gjöf - var orðið dimmt þegar við komum heim með lömbin. Eg hafði frá mörgu að segja um kvöldið og var hinn kátasti. Þegar ég var kominn í rúmið um kvöldið bað eg mömmu um auka bita, en það mátti heita fastur vani minn að biðja um mat þegar ég var háttaður og hlaut marga góða brauðsneiðina með nýju smjöri eða annað þesshättar.

Ég sofnaði eins og venjulega þetta kvöld, en einhverntíma um nóttina vaknaði eg og var þá svo kalt að ég hríðskalf. Ég kallaði til mömmu og hlúði hún að mér og lagðist sjálf við hlið mér til að veita mér hlýju frá sínum líkama. Ég sofnaði aftur, en um morguninn var ég kominn með hita og hafði tak fyrir brjósti.

Héraðslæknir á Eyrarbakka var þá Ásgeir Blöndal og var leitað til hans. Taldi hann þetta vera lungnabólgu og skaffaði meðul, en taldi ástæðulaust að hann kæmi á staðinn. Nokkrum dögum seinna var leitað til Ólafs læknis Ísleifssonar á Þjórsártúni og var hann á sama máli og Blöndal um sjúkdóminn, en ekki vildi hann fremur fara í sjúkravitjun, skaffaði meðul og vísaði að öðru leiti á héraðslækni. Ekki veit ég hvað veikindi þessi voru á háu stigi, man ekkert frá þeim fyrr en seinnihluta dags að ég sá að heimilisfólkið gekk um með áhyggjusvip og allir voru hljóðir. Ég dró af þessu þá ályktun að ég væri að dauða kominn og var búinn að sætta mig við þá niðurstöðu. Út frá þessum hugleiðingum sofnaði ég.

Svo var það að ég vakna, það er dimmt svo ég sá ekkert en mér leið ágætlega. Var ég þess fullviss að nú væri ég dauður. Þannig lá eg um stund og hugsaði um mitt nýja ástand. Til þess að sannprófa breytinguna áræddi ég að hreyfa litlafingur vinstri handar og komst þá að því að dauðastundinni hafði verið frestað.

Varð eg nú glaður við og sofnaði aftur.

14.12.1968

# DRAUGATAL

Um nokkura ára skeið bar það iðulega við að við hjónin, að næturlagi, heyrðum að vatn draup (lak) í herbergi okkar, þungt strjált dropatal, stundum byrjaði þetta sem buna en hægði svo á sér í dropatal. Fyrst fór eg á fætur að athuga um bleytu en um slíkt var ekki að ræða. Fljótlega áttuðum við okkur á að hér var um „aðsókn“ að ræða.

Nágranni okkar, sem misst hafði son sinn í sjóinn, var á ferð næsta dag.

13.02.1977

# Minningagreinar

## Hjónin í Dvergasteinum

Jóhanna Sigríður Eiríksdóttir, ljósmóðir og Sigurður Í. Sigurðsson, skipstjóri.

Það mun hafa verið á annan dag jóla árið 1935 að þau giftu sig Sigríður Eiríksdóttir frá Sandhaugum og Sigurður í Dvergasteinum, eins og hann var jafnan nefndur af kunnugu fólki og Dvergasteinar varð heimili þeirra beggja til dauðadags.

Sigríður var Þingeyingur að fæðingu og fóstri, fædd að Sandhaugum í Bárðardal 26. október 1909 dóttir Eiríks Sigurðssonar bónda þar og konu hans, Guðrúnar Jónsdóttur, bónda að Víðikeri og síðar að Jarlsstöðum, Þorkelssonar og var móðir Sigríðar, systir Sturlu bónda á Fljótshólum og þeirra systkina.

Sigríður stundaði nám í héraðsskólanum að Laugum í Þingeyjarsýslu og Ljósmæðraskóla Íslands. Sigríður var ljós yfirlitum, fríð sýnum og full meðalkona á allan vöxt. Ágæta vel gefin, heilsteypt, djörf og hreinskiptin. Vinföst var hún og drengur góður. Sigríður var vinsæl í starfi sínu sem ljósmóðir og var leitað til hennar víða að, bæði í forföllum annarra ljósmæðra og af gömlum skólafélögum. Auk ljósmæðrastarfa vann Sigríður við hlið héraðslæknis að hjúkrun og aðstoð við þá sem miður máttu.

Sigríður lést langt um aldur fram þann 6. febrúar 1954, afleiðingar brunasára er hún hlaut á heimili sínu 10 dögum áður.

Sigurður Ingólfur Sigurðsson var fæddur að Sjólyst á Stokkseyri þann 9. september 1909 sonur hjónanna Sigurðar Magnússonar frá Votamýri á Skeiðum og Ingigerðar Kolbeinsdóttur frá Mástungu í Gnúpverjahreppi. Móður sína missti Sigurður í spönsku veikinni 1918, barst síðar með föður sínum að Dvergasteinum. Má segja að Sigurður hafi alist upp í fjörunni á Stokkseyri þó hann á sumrin dveldi hjá frændfólki sínu á Skeiðum.

Fyrst var Sigurður í skipsrúmi hjá Bjarna Jónassyni, þekktum formanni á lokaskeiði áraskipanna hér en fermingarárið sitt réðst hann til sjóróðra á Austfjörðum með Sigurði, syni Bjarna, og 15 ára er hann kominn á útveg Ingvars Guðjónssonar á Siglufirði, þá með öðrum syni Bjarna Jónassonar, hinum landsfræga skipstjóra og aflamanni Sighvati Bjarnasyni úr Vestmannaeyjum.

Með Sighvati er Sigurður svo óslitið, aflaði sér réttinda, bæði til þess að stýra skipi og gæta vélar, þroskaðist í það að vera hans önnur hönd, þar til Samvinnufélag Stokkseyringa hóf hér útgerð 1934. Þá réðst hann sem formaður á einn af bátum þess og stýrði honum í 20 ár, síðast sem eigandi að hluta á móti öðrum, eftir að Samvinnufélagið hætti útgerð.

Eftir að Sigríður féll frá hætti hann sjómennsku, en vann á Selfossi við bílaviðgerðir. Að loknu dagsverki þann 14. október 1965, hneig Sigurður niður meðvitundarlaus og var fluttur beint á sjúkrahús. Heilablæðing með tilheyrandi afleiðingum, var það sem nú var við að fást og þó hann kæmist á ról aftur þá dró það hann til dauða hinn 17. mars 1968.

Sigurður var röskur meðalmaður á hæð, fríður sýnum, fullur að vöngum, skolhærður, gildvaxinn, sívalur og afrenndur að afli. Þeim varð ekki barna auðið Sigurði og konu hans Sigríði Eiríksdóttur, en þau ólu að verulegu leyti upp systurdóttur Sigríðar, Önnu Guðrúnu Bjarnardóttur frá Selfossi, nú húsfreyju að Holti. Bæði voru þau hjónin söngvin, góðir starfskraftar kirkju sinnar, félagslynd og vinamörg. Það geislaði frá þeim lífsfjöri og þrótti hvar sem þau fóru. Þau settu svip sinn á sveit sína og samtíð. Blessuð veri minning þeirra.

,

**Dánarminning**

*Jón Jónsson óðalsbóndi Vestri-Loftstöðum*

*Þú bláfjallageimur með heiðjöklahring,*
*um hásumar flý eg þér að hjarta.*
*und miðsumarhimni sé hvíla mín.*
*Hér skalt þú, Ísland barni þínu vagga.*

Nálægt miðju Suðurlands undirlendisins út við Atlandshaf, liggur stórbýlið Loftsstaðir.

Það er víðsýnt á Loftsstöðum, svo víðsýnt sem verið getur í byggð á Íslandi. Til austurs ber við himinn Eyjafjallajökul, Tindfjallajökul og Heklu. Til norðurs Kálfstinda, Skjaldbreið, Ármannsfell, Ingólfsfjall, Hengil og vesturfjallgarðinn með Skálafell, Meitil og Geitafell.

Til suðurs og suðvesturs er Atlantshafið, milt og laðandi í kyrrð vornæturinnar, en ógnandi og ægilegt í suðvestanstórviðri, þegar kolblá úthafsaldan fellur í einu broti, svo langt sem augað eygir austur og vestur. Innan þess ramma liggur svo öll hin breiða byggð, Suðurlandsundirlendið, með „bændabýlin þekku“.

Það hefur verið gott til fanga á Loftsstöðum. Miklar engjar og tún, hagbeit í mýrum, melum og fjöru. Sjórinn færði timbur til húsagerðar - og svo útræðið. Stutt til fiskjar, en brimasamt og vandfarið.

Það hefur líka löngum þurft mikils með á Loftsstöðum. Heimilið mannmargt og í þjóðbraut. Meðan ár allar voru óbrúaðar, lá leið allra austanmanna meðfram sjónum, þegar farið var til aðdrátta, og mun þá margur hafa leitað skjóls á Loftsstöðum - eða sjómennirnir, 30 skip! Þá hefur margur „rekið inn höfuðið" á Loftsstöðum.

Á þessum stað var Jón fæddur, hinn 13. desember 1860 sonur Jóns Jónssonar óðalsbónda og hreppstjóra s.st., Jónssonar ríka s.st, Jónssonar Gamalíelssonar á Stokkseyri. Móðir Jóns var Kristín Jónsdóttir frá Vorsabæ í Flóa, Helgasonar á Sólheimum í Ytrahreppi Eiríkssonar í Bolholti, Jónssonar.

Og hér ólst hann upp, við umsvifamikinn búskap og mikið starf á sjó og landi. Á þeim árum var ekki völ á mikilli fræðslu fyrir börn og unglinga. Þó var Jón einn vetur, fermingarárið, í barnaskóla á Eyrarbakka. Hlaut hann Nýjatestamentið að gjöf frá skólanum sem verðlaun fyrir góða frammistöðu. Þá um vorið bauð Thorgrímsson honum starf við „Vesturbúðina" og vann hann þar jafnan á sumrin upp frá því og fram yfir aldamót. Mun það hafa reynst honum drjúgur skóli.

Eitthvað fékkst Jón við barnafræðslu á vetrum en 18 ára gamall gerist hann formaður á Loftsstöðum og hélt því áfram óslitið í 46 ár. Svo vel lánaðist Jóni formennskan, að sagt er að hann hafi aldrei þurft að bíða eftir lagi og aldrei misst ár.

Árið 1893, hinn 9. febr., giftist Jón Ragnhildi Gísladóttur frá Rauðabergi í Fljótshverfi, Magnússonar á Orustustöðum, Einarssonar á Fossi Nikulássonar. Settust þau að á Eyrarbakka og vann Jón við verslun á sumrin en stundaði sjó að vetrinum. Munu þau hjón hafa ætlað að svo yrði framvegis. En hér varð breyting á. Ættaróðalið kallaði.

Aldamótaárið lézt yngri bróðir Jóns, Bjarni, sem gifst hafði það sama ár og tekinn var við búi á Loftsstöðum. Var því hið fjölmenna heimili forystuþurfi, gömlu hjónin, foreldrar Jóns, orðin slitin og ekki öðrum til að dreifa en Jóni að taka upp merki bróður síns. Þau hjónin Jón og Ragnhildur, brugðust vel við kallinu og fluttu heim að Loftsstöðum vorið 1901 og hafa búið þar alla tíð síðan. -

Jón var fríður maður, bjartur að yfirlit, hár og beinvaxinn og hinn karlmannlegasti. Hendurnar voru stórar og vöðvamiklar en handtakið þó svo hlýtt og mjúkt, að svo var sem móðurhönd væri. Málrómurinn var óvenjulega hreinn og bjartur, enda hafði maðurinn ágæta söngrödd, söng bassa og var músíkalskur langt umfram aðra leikmenn á því sviði. Eitthvað lék Jón á orgel, mun hafa numið það af Bjarna heitnum í Götu, og síðar þegar börn hans fóru að spila, var oft mikið sungið á heimilinu. En

mjög var Jón afskiptasamur um allan söng og hljóðfæraslátt, að sem bezt færi úr hendi.

Jón var að eðlisfari mjög hæglátur, prúður og ljúfur í viðmóti, en átti til glettni og góðláta kýmni í vinahóp. Hlédrægur og afskiptalítill um opinber mál, en þó var hann kvaddur til nokkurra starfa fyrir samtíð sína, bæði í sveitarstjórn og stjórn rjómabúsins á Baugstöðum. Fórst honum það allt vel úr hendi og naut um það, sem annað, óskoraðs trausts.

En heimilið átti Jón allan. Enda þurfti þar mikils við til að halda uppi risnu hins forna stórbýlis og sjá barnahópnum farboða. En Jón var ekki einn um heimilisstörfin. Þar sem Ragnhildur kona hans var, átti hann hinn örugga félaga og samverkamann, sem aldrei brást. Og svo voru þau hjónin samhent, og samtaka að jafnan vildu bæði það, sem hitt vildi.

Þeim hjónum Ragnhildi og Jóni varð 13 barna auðið, og eru 6 þeirra á lífi: Jón ógiftur heima, Kristín, gift Steingrími Pálssyni forstjóra á Elliðavatni, Sigríður, gift Vernharði Jónssyni forstjóra í Kumbaravogi, Anna, gift Bjarna M Jónssyni námsstjóra, Jón yngri, bifvélavirki á Selfossi, giftur Sesselju Hróbjartsdóttur frá Mjósyndi í Flóa, og Gísli forstjóri fyrir vistheimili á Arnarholti, giftur Kristínu Jónsdóttur Stefánssonar á Eyrarbakka. Hin börnin öll létust í æsku.

Jón hafði búsforráð á hendi til síðasta dags, en mjög naut hann þar um hin síðari ár elzta sonar síns, Jóns, sem nú verður 4. maður með þessu nafni og í beinan karllegg, sem býr á Vestri-Loftsstöðum.

Jón andaðist hinn 6. júlí s.l., og í dag, hinn 17. júlí, í fegursta mánuði ársins, safnast sveitungarnir, ættingjarnir og vinir víða að, saman á Loftsstöðum til þess að votta aðstandendum samúð sína og hinum látna heiðursmanni virðingu. Bein hans verða færð til hinstu hvílu í grafreiti sveitarinnar að Gaulverjabæ.

Blessuð sé minning hans.

Holti, 17. júlí 1944. Sigurgr. Jónsson.

Minningagrein þessi birtist í Tímanum, 72. blaði árið 1944[16]

**Einar á Tóftum**

*F 21.06.1856-d. 12.02.1942.*

Einar á Tóttum var knappur meðalmaður á hæð, Þykkur undir hönd og réttur. Léttur og mjúkur í spori svo eftirtekt vakti. Hálsinn stuttur höfuðið sat réttur og var langt og stórt. Kinnbein nokkuð mikil, nefið þunnt og liður á. Ennið í stærra lagi, en brúnin ekki

[16] http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1001767

mikil. Skol - jarpt alskegg. Sköllóttur. Augun voru bláleit og lifandi, en það sá ógjarnan í þau. Hann pírði oft augun og borði útí hött þegar hann talaði. Velti gjarnan vöngum þegar hann þagði.

Einar var sérkennilegur maður. Fátækur einyrki með stóran barnahóp á lítilli jörð í þröngbýli, örgeðja og þoldi stundum miður aðkast hversdags-lífsins. Hinsvegar var hann svo mikill fróðleiksmaður að langt bar af um aðra samtíðar menn. Hann las mikið og minnið var öruggt, svo að hann hafði jafnan á reiðum höndum fróðleik er hann gat miðlað af, og lét þá njóta góðs af er skilning höfðu á. En Einar fór ekki alltaf troðnar götur, og gátu því ekki allir átt samleið með honum.

Þekktastur var Einar fyrir hvað glöggur hann var á fé. Með smala-prikið í hendi og í réttum, þar var hann hin lifandi markaskrá. Vissi deili á mörkum milli Hvítár og Þjórsár a.m.k. og var jafnan á varðbergi um það að beina fé í rétta átt.

Einar var opinskár og einlægur - gat verið barnalegur. En hann sagði líka vinum sínum í fullri hreinskilni, ef honum þótti eitthvað að um ráð þeirra. Einu sinni sagði hann við konu, sem hann mat mikils: „það sæmir þér ekki, svo ríkri konu, að ganga svona illa til fara." Hann gat líka verið stuttur í spuna. Einu sinni sagði hann við konu sem spurði hvort hann segði ekkert í fréttum: „Ekkert sem þig varðar um".

Einar var svo lánsamur að lifa lengi. Með árunum færðist ró yfir hugann og augu hans opnuðust fyrir fegurð náttúrunnar og dásemdum lífsins, og hann eignaðist samúð með öllu, sem lifir og á bágt. Hann ferðaðist mikið, oft gangandi einkum síðari árin. Var alltaf að skoða. Vildi vita allt og skilja allt. Einu sinni þegar hann var nýlega kominn úr ferð og hafði lýst litum og formi á tilteknum stað sagði hann: „Ég hafði farið þarna áður, en ekki veitt þessu athygli. Þetta sér maður ekki á meðan maður stendur í því harðasta."

Sagt er að ungur hafi Einar sett sér það markmið, að trúa á guð, treysta sjálfum sér og fækka þúfunum í túninu. Og það sem einkenndi manninn kannski hvað mest var, hvað mikils hann mat sína eigin dómgreind. Túninu skilaði hann sléttu, og þegar hann hafði tekið banameinið, krabbamein og kona hans lét í ljósi ugg um að hans kynnu að bíða þrautir, þá sagði: „Heldurðu að guð geti ekki fundið leið til að leið til að láta mig ekki þjást"?

Trú hans á guð brást honum ekki.

(ódagsett, en úrdráttur birtist í bókinni Bólstaðir og búendur í Stokkseyrar-hreppi eftir Guðna Jónsson útg. 1952.)

# Gullbrúðkaup

*29júni 1939*

Þann 29. júní 1939 áttu tvenn hjón sem gift höfðu verið í sömu athöfninni, gullbrúðkaup. Þau: Ingunn Sigurðardóttir og Einar Sigursson, Tóftum og þau:
Vigdís Magnúsdóttir og Þorvarður Jónsson, frá Meðalholtum, nú til heimilis að Kirkjubóli á Stokkseyri.

Það varð að ráði með sveitungunum að halda hvoru tveggja þessum hjónum sameiginlegt samsæti að Stokkseyri, sunnudaginn 2. júlí. Sátu það 120 manns, og fór hið besta fram, með kaffidrykkju, ræðum, söng og dansi. Stóð að þessu fólk úr báðum hreppum, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarhreppi.

Þann dag afhentum við Meðalholtahjónunum 300,kr. peningagjöf, sem var samlagsgjöf samkomunnar til þeirra.

Hins vegar voru Tóftahjónunum færðar gjafir á afmælisdaginn. Var það gullbúinn stafur með fílabeins handfangi og næla, útskorin í fílabein í gullumgjörð. Stóðu sömu aðilar að þessari gjöf, þ.e. sveitungarnir (Stokkseyrarhrepps) bæði heima og nokkrir sem farnir voru burt. Kom það í minn hlut að afhenda gripina. Var samdrykkja að Tóftum kl.4, með öllum börnum og flestum barnabörnum þeirra hjóna og nokkrum gestum. Gripina afhenti eg með þessum orðum:

„Vinir mínir!

Atvik liggja til þess að mig langar að segja nokkur orð. Það eru nokkuð mörg ár síðan eg hugsaði mér það, að ef Tóftahjónin lifðu það að eiga gullbrúðkaup, þá væri vert að minnast þess með einhverjum hætti. Það hefur sýnt sig að það voru fleiri sömu skoðunar, og það hafa orðið almenn samtök um það meðal sveitunga ykkar, bæði þeirra sem nú eru í Stokkseyrarhreppi, og nokkurra sem fluttir eru í aðrar sveitir, að sýna ykkur ofurlítinn vináttu og viðurkenningarvott við þetta tækifæri. Nú er þessi dagur upprunninn, og það er sem fulltrúar þessa fólks og til þess sjálf að fá að taka í höndina á ykkur, að við, sem nú erum hér gestir ykkar í dag erum komin. Jafnframt færum við ykkur litla gjöf frá sveitungum ykkar, heima og heiman, og er það hlutverk mitt að afhenda ykkur hana hér.

Þegar að því kom að ákveða hvaða hluti skuli gefa, var það nokkuð sjálfsagt um Einar að fallegur stafur mundi fara vel í hendi hans og svara vel til þess ævistarfs og þeirrar þýðingar sem hann hafði fyrir sveitina, manns, sem jafn oft hafði verið á gangi og jafnan haft augun opin, hvort ekki væri eitthvað, kindur eða annað, sem hann gæti beint í rétta átt fyrir nágrannana.

Hitt var ekki jafn sjálfgefið hvað skildi gefið Ingunni, en það varð úr að hafa það nælu. Og eg held, að hagleiksmanninum sem gripina gerði, Ríkharði Jónssyni, hafi tekist furðu vel að gera næluna táknræna fyrir lífsstarf Ingunnar. Nælan er skorin í fílabein. Það er konuhönd, er heldur á rós, og umgjörð úr gulli. Mér þykir sem höndin með rósina og gullumgjörðin tákni Ingunni sjálfa, þá umönnun og hlýju, þá umgjörð er hún var heimili sínu. Ég afhendi ykkur svo þessa gripi og óska að þið megið njóta þeirra vel og lengi."

Í samsætinu á Stokkseyri, Þann 2. júlí sagði eg eftirfarandi:

Það er frekar sjaldgæft að hægt sé að minnast 50 ára hjúskapar hjóna, og það af þeirri eðlilegu ástæðu að það er sjaldgæft að bæði hjónin lifi svo lengi. Miklu oftar er hitt að annaðhvort hjónanna eða bæði, eru fallin úr leik, nokkru, eða stundum löngu fyrir þann tíma.

Hitt mun þó vera miklu sjaldgæfari viðburður, sem hér á sér stað að tvenn hjón, sem gift voru í sömu athöfn skuli lifa sitt 50 ára afmæli, lifa það að eiga gullbrúkaup.

50 ár eru alltaf langur tími, þegar miðað er við mannsævina, en frá sjónarmiði sögunnar, er jafnvel hin lengsta mannsævi stutt, svo stutt, að hún verður aðeins sem dropi í því hafi sem mannsævirnar, hver fram af annarri, mynda, og vér köllum ár og aldir. Þó er það svo að það er ekki sama hvar við grípum niður í sögunni. Það er ekki sama hverja mannsævin eða hvert 50 ára túnabil við tökum.

Líf sumra manna hefur meira gildi fyrir samtíð þeirra og eftirkomendur en annarra sum tímabil sögunnar eru umfangsmeiri og þýðingarmeiri en önnur. Þau ná lengra, marka dýpri og varanlegri spor.

Þannig er það alveg vafalaust að hjón þau, Vigdís Magnúsdóttir og Þorvarður Jónsson - Ingunn Sigurðardóttir og Einar Sigurðsson, sem við erum að heiðra hér í dag í tilefni af 50 ára hjúskapar þeirra, hafa lifað eitt umfangsmesta og þýðingarmesta breytingartímabil sögunnar.

Mér skilst að það hafi ekki verið neitt sérlega bjart yfir árið sem þau giftu sig, 1889. Áratugurinn þar á undan eitt hið mesta harðinda tímabil sem sögur geta um. Þá voru engar framfarir byrjaðar út á meðal almennings. Engir vegir, engar brýr, engar túnasléttur, engar áveitur. Yfirleitt ekkert það, sem nú er talið nauðsynlegt og sjálfsagt. En æskan er söm við sig. Hún leggur ótrauð útí lífið og gerir sér von um sigur.

Hjón þessi, hvorutveggja, hafa verið þátttakendur í hinni mestu framfara öld. Þau hafa séð torfkofana, hvern af öðrum, víkja fyrir laglegum timbur-byggingum. Vegina, brýrnar, túnasléttumar og túnræktina, áveitumar - allt þetta hafa þau séð. Og þau hafa meira en séð. Þau - einmitt þau - eru skapendur hins nýja tíma. Þau hafa verið

með í að byggja upp það land er við lítum yfir nú. Þau, hvorutveggja þessi hjón, voru brautryðjendur, sem mörkuðu þá stefnu sem, við sem á eftir komum megum öryggir halda áfram í. Þau snéru sér að því að bæta býlin sín, að bæta jörðina svo að hún geti skilað meiri arði, gefið betra og öruggara líf. -

Faðir minn sagði mér að Einar á Tóftum hefði sett sér það markmið „að trúa á guð, treysta sjálfum sér og fækka þúfunum í túninu."

Ég býst við að sagan sé sönn, að Einar hafi einhverntíma sagt þetta, því allt hans líf bendir í þessa átt. Við vitum að hann tók við túninu þýfðu og skilaði því sléttu. Og hvernig var hægt að byrja búskap á smákoti og hefja þar stórumbætur öðruvísi en að trúa á guð og treysta sjálfum sér. Eitthvað varð að gefa þá bjartsýni sem til slíkra hluti þurfti. Ég býst við að það hafi verið svipað um þessi hjón, að það hafi einmitt verið þetta, trúin á guð og sjálfstraustið sem hafi verið það akkeri er gaf þeim þá festu og það öryggi er þurfti til að stýra í gegnum þá örðugleika er mættu, sem gaf þeim bjartsýni æskunnar, og þá víðsýni er einkennir þau nú, og kunn er.
Ég er, að eðlilegum hætti betur kunnugur Tófta hjónunum. Við erum næstu nágrannar og frá því er ég fyrst man, man ég þau.

Einar á Tóftum hefur jafnan þótt sérkennilegur maður, og hann er það. Samhliða þeirri hörðu lífsbaráttu er hann, sem einyrki með stóran barnahóp háði á lítilli jörð, var hann svo mikill fróðleiksmaður að langt ber af um aðra samtíðarmenn. Hann las mikið og minnið var öruggt, svo að hann hafði jafnan á reiðum höndum fróðleik er hann gat miðlað af. Og lét þá njóta góðs af er skilning höfðu á. En hann fór ekki alltaf troðnar götur, og því gátu ekki allir átt samleið með honum.

Einar er skáld í hugsun. Hann hefur ferðast mikið og jafnan haft augun opin fyrir náttúrufegurð, sér stórar sýnir og dregur skarpar ályktanir. Enginn - bókstaflega enginn, hefur brugðið upp fyrir mér jafn stórum og glæsilegum myndum af náttúrurfegurð landsins, bæði mjúkum litum og línum og stórhrikalegu umhverfi.

Mér er kunnugt um að á þessu sviði er hann alltaf að þroskast. Það eru ekki mörg ár síðan hann sagði við mig eftir að hafa lýst fyrir mér áhrifum, sem hann varð fyrir á tilteknum stað: „Ég hafði farið þarna áður, en þetta sér maður ekki á meðan maður stendur í því harðasta."

En þekktastur er Einar fyrir það hvað glöggur hann er á fé. Með smalaprikið í hendi og í réttum, þar var hann hin lifandi markaskrá, vissi deili á mörkum milli Þjórsár og Hvítár a.m.k., og var jafnan á varðbergi um að beina fé í rétta átt.

Ingunn á Tóftum hefur minna farið að heiman en Einar, en þeir, sem eru svo lánsamir að hafa kynnst henni, hljóta að vera snortnir af göfugmennsku hennar, ljúflyndi og glaðlyndi. Hún var hin milda hönd heimilisins, sem allt bætti og hlúði að öllu og græddi sárin. Mitt í fátækt sinni var hún svo rík, átti svo mikið sálarþrek, að hún brosti

með öðru auganu þegar tár hrundi úr hinu. Og af brauði sínu gat hún miðlað þeim, sem voru enn fátækari en hún.

Ég tel að í sameiningu hafi þessi hjón skilað betra dagsverki en almennt gerist, við sambærilegar kringumstæður. Eg vil aðeins benda á það að ala upp 8 börn á lítilli jörð, bæta jörðina og safna verulegum andlegum verðmætum; þetta er meira og betra dagsverk en almennt gerist.

Það er til að sýna lítinn vott þess að við þökkum og metum starf ykkar að við komum hér saman í dag. Ég færi ykkur mínar og sveitunganna bestu þakkir, og óska, að faðirinn mikli gefi ykkur milt og bjart ævikvöld, en umfram allt að eftirkomendur ykkar megi í verðugri minningu, halda sömu braut og þið. Braut ræktunar lýðs og lands, í trúnni á guð.

**Snorri á Hæringsstöðum**

*Sigurgrímur Jónsson*

Í þessu var mér að berast fregn um að í gær hafði látist að Sjólyst á Stokkseyri, Snorri Sveinbjarnarson, sem lengi bjó á Hæringsstöðum. Í Sjólyst dvaldi Snorri hjá fóstursyni sínum, Guðna Jóhannssyni, og var hann orðinn hinn mesti aumingi enda há aldraður, 85 ára gamall.

Um Snorra mætti margt segja. Hann mun hafa verið ættaður úr Biskupstungum, fæddur að Stóra Fljóti (?) 1853, en foreldrar hans bjuggu um tíma í Oddagörðum. Búskap byrjaði Snorri að Leiðólfsstöðum, en fluttist síðar að Hæringsstöðum og bjó þar til 1914 eða um það bil, að Guðni tók við búi. Fluttist svo með honum að Keldnakoti 1921 og síðar, 1934 að Sjólyst.

Snorri var lengi formaður á Stokkseyri, og mun hafa farist það vel og verið heldur aflasæll, minnsta kosti framanaf. Stundaði hann róðra fram á gamals aldur.

Á Hæringsstöðum bjó hann sæmilegu búi, hafði venjulega 7-8 kýr og líklega um 70 fjár. Var fénaðurinn fallegur hjá honum. Að vísu verður að telja að búskapurinn heima fyrir hafi hvílt fullt svo mikið á konu hans, Ólöfu Ólafsdóttur, sem var mesta myndar og rausnarkona.

Snorri var talinn montinn og hentu menn oft gaman að því sem hann sagði. Einkum settust menn að honum í ferðalögum, gáfu honum vín, hann var annars ekki drykkfelldur, og ólu svo á honum og létu hann segja frá búskapnum og frá formennsku sinni og aflabrögðum. Undir slíkum kringumstæðum mun hafa orðið til þessi setning. „Landbúnaðurinn hjá okkur Jóni í Holti er eins, en sjávarútvegurinn er meiri

hjá mér.“ Báðir voru formenn og bjuggu hér hlið við hlið og mun Snorri hafa viljað vera jafn a.m.k .

Einhverju sinni í fjallferð með Hreppamönnum, Norðurleit, veifaði Snorri skammrifs bríkk (?) af sauði og sagði. „Er nú vænna kjötið hjá ykkur Hreppamönnum en þetta? Þetta er af rýrasta sauðnum sem til var á Hæringsstöðum og hafði gengið á Hæringsstaðahólmi í sumar“. En Snorri átti alltaf fátt af geldum kindum, ég held ekki yfir 10. „Hvað er þetta, 7 svörtu sauðirnir komnir í túnið“ sagði hann einu sinni en þá var einhver gestur kominn.

Hest átti Snorri, ljósgráan, hinn besta grip, og sagði um hann að hann væri eins og hugur manns. Nefndu gárungarnir svo hestinn aldrei annað en Hug.

Snorri var lítt skrifandi, gat skrifað nafnið sitt. Þegar Guðni komst á legg sagði Snorri. „Nú verður Guðni að taka við öllum skriftunum því ég er fljótur að hugsa en seinn að skrifa“. Vissu menn ekki til að mikið þyrfti að skrifa. Þó varð honum hált á skriftinni einu sinni og er um það þessi saga. Í Gaulverjabæ bjó einu sinni stórbraskari Jón Magnússon úr Reykjavík og hafði hann um sig sveit manna sér líkra, Björn Gíslason, Pál Jónsson lögfr. o. fl. Einu sinni eftir messu bauð Jón Snorra inn, veitti honum kaffi og vín. Létu þeir Snorra þá skrifa á víxil eða annað lántökuskjal. Þegar Snorri var búinn að klára nafnið sitt spyr hann. „Á eg að skrifa nokkuð meira“? Var hent gaman að þessu. En þetta varð honum að fótakefli, fjárhagslega, því fyrir þetta varð hann að borga 1000,- krónur.

Það þorði enginn að hjálpa honum því menn óttuðust að hann væri meira flæktur í net Jóns Magnússonar og almenningur kunni þá lítt með fjármál að fást og var jörðin seld uppí skuldir Snorra og ábyrgðina, fyrir 4000,-. Hefði Guðna þá verið hjálpað til að eignast jörðina myndi Snorri hafa fengið að deyja á Hæringsstöðum.

Það var í samræmi við mont Snorra að honum gerði mikið úr heyskapnum og setti djarft á, enda var hann oft heytæpur. En síðasta árið sem hann bjó átti hann afgang. Þá um vorið vissi hann um mann sem var að fá hey í poka og heyrði eg hann segja um það: „það endist ekki lengi í Hæringsstaðafjósið, einn poki af heyi.“ Hann var margann heypokann búinn að fá, eða öllu heldur Ólöf, því hún sá um fénaðinn þegar hann var á sjó.

Snorri var mjög laus við heimilið og ég held að honum hafi orðið lítið úr verki heima. Man eg oft þegar hann kom á engjar tók hann orfið, sló nokkra stund, fór svo og skoðaði slægjuna, kom til pabba og talaði við hann góða stund og fór svo heim að hlaða úr eða eitthvað að dóta kringum heyin. Hann byggði ekki ekki hlöðu fyrr en á síðustu búskapar árum sínum. En eftir að hann hætti að búa, féll honum aldrei verk úr hendi og montið hvarf alveg.

Einhverju sinni var verið að vorkenna honum að tapa duglegum manni sem verið hafði hjá honum. "Ó! mér verður ekki mikið fyrir að bæta á mig einum skuða“ ( skuði=slóði).

En þrátt fyrir þetta sem var kímilegt við Snorra, var þetta besti kall, og stoð sinnar sveitar. T.d. átti hann engin börn en ól upp 8 vandalaus börn, eg held að mestu án þess að fá meðlag með þeim.

Snorri var röskur meðalmaður á hæð herðabreiður, útskeifur (það var eitt sem hent var gaman að) alskeggjaður og sköllóttur. Mun hann hafa verið vel að manni (þ.e. sterkur). Mér þótti heldur leiðinlegt þegar Snorri var að segja frá, frásögnin var svo stirð og þvæluleg að það tók langan tíma að komast að efninu þó lítið væri. Var hann þá oft lengi með baukinn á lofti, tilbúinn að taka í nefið, komst með hann upp að nefinu og lét hann svo síga aftur, af áhuga fyrir því sem hann var að segja.

Á gullbrúðkaupsdegi þeirra hjóna, um þetta leyti fyrir 5 árum, var þeim hjónum haldið samsæti á Stokkseyri og færðar 100,- krónur að gjöf.

Eg á margar minningar um Snorra. Sem krakki man eg best eftir honum í vefstólnum og við túnasléttur.
Með honum er fallin sérkennilegurs maður, sem alltaf var síglaður og reifur og ánægður með sitt.

Vertu blessaður Snorri og þakka þér fyrir samfylgdina.
15/10 '38